



MA ritgerð
Félagsráðgjöf

Ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum

Úttekt á gerendum sem leita til Karlar til ábyrgðar

Ingibjörg Þórðardóttir

Leiðbeinandi dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Janúar 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum
Úttekt á gerendum sem leita til Karlar til ábyrgðar

Ingibjörg Þórðardóttir

150175-2919

Lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf
Leiðbeinandi: dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Janúar 2014

Ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum: úttekt á gerendum sem
leita til Karlar til ábyrgðar

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA gráðu í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Ingibjörg Þórðardóttir, 2014

Prentun: Stell
Reykjavík, Ísland, 2014

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að skoða ofbeldi í parsamböndum á Íslandi út frá óhefðbundnu sjónarhorni, þ.e. sjónarhorni þeirra sem beitt hafa slíku ofbeldi. Var sú aðferð valin til að beina athygli að mikilvægi þess að skoða mögulegar skýringar á ofbeldinu. Upplýsingar voru fengnar úr 60 skýrslum frá verkefninu *Karlar til ábyrgðar* sem skráðar voru í fyrstu tveimur til þremur viðtölum við karla þegar þeir leituðu þangað en það olli rannsakanda vonbrigðum að 48 skýrslur voru ónothæfar þar sem form þeirra var eldra og upplýsingarnar í þeim féllu ekki vel að rannsóknarspurningunum. Niðurstöðurnar benda til þess að ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum sé flókið ferli sem, í sumum tilfellum, heldur áfram jafnvel þó gerandi fari úr einu sambandi í annað. Ofbeldið er fyrst og fremst andlegt og líkamlegt en í einhverjum tilfellum kynferðislegt þannig að ofbeldið hefur margar birtingarmyndir. Þá gefa niðurstöður vísbendingar um að a) sumir gerendur beiti ofbeldi á fleiri sviðum lífsins, b) þeir séu líklegir til að eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða, c) að þeir séu líklegir til að hafa sjálfir verið beittir ofbeldi sem börn og/eða orðið vitni að ofbeldi innan fjölskyldunnar. Þó ofbeldið virðist hafa mikil áhrif, bæði á líðan gerenda og samskipti þeirra við maka og aðra. Það sem kom helst á óvart í niðurstöðum, er hversu margir virðast vita af ofbeldinu og er það í sjálfu sér vert rannsóknarefni. Þá vöknúðu upp ýmsar spurningar um málefni barna sem búa við ofbeldi, þar sem niðurstöður sýna að börnin hafa oft verið viðstödd ofbeldið, í einhverjum tilvikum hafa þau sjálf verið beitt ofbeldi en að þrátt fyrir það virðast barnaverndaryfirvöld vita af ofbeldinu í fáum tilfellum.

Lykilorð: ofbeldi í parsamböndum, ofbeldi í nánnum samböndum, ofbeldi karla gegn konum, kynbundið ofbeldi.

Abstract

The purpose of this study was to get a look at intimate partner violence from the perpetrators perspective, because prevention against this kind of violence has to be aimed at the people who are at risk of using it. The research was performed by analysing information from the perpetrator's first interviews, in a treatment program. A total of 60 reports were analyzed but it was disappointing that 48 reports were not suitable because the information from them didn't meet the research questions. Results of the study, indicate that intimate partner violence is a complicated process and is likely to be repeated in one relationship after another. The perpetrators seemed to use physical, psychological and in some cases sexual violence against their partners. The perpetrators were also likely to use violence against other people in their environment, for example against other family members, friends, and strangers. They were likely to have alcohol and drug problems, to have been abused in their childhood and/or witnessed violence in their childhood home. The violence against their partner seemed to effect their own well being as well as their relationship with their partner, other family members and friends. The most surprising outcome was how many people seemed to know about the abuse and that issue needs to be researched further. The results also raise questions about the children and their situations as they often seem to have witnessed the violence and some of them have been abused themselves but still children's protection service doesn't seem to know about the violence.

Key words: domestic violence, gender based violence, intimate partner abuse

Formáli

Þessi rannsókn var unnin sem 60 eininga lokaverkefni til meistaragráðu í félagsráðgjöf við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og var hún unnin haustið 2013 en undirbúningur var unnin um vorið sama ár.

Ég vil þakka dr. Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, leiðbeinanda mínum, fyrir mikilvægar og uppbyggilegar leiðbeiningar við vinnslu verkefnisins alls, bæði varðandi framkvæmd rannsóknarinnar, heimildaskrif og framsetningu niðurstaðna. Einnig vil ég þakka aðstandendum verkefnisins *Karlar til ábyrgðar* fyrir að veita mér aðgang að þeim upplýsingum sem til þurfti til að gera rannsóknina mögulega. Þá vil ég þakka öllum þeim sem hafa sýnt rannsókninni áhuga og þannig verið mér hvatning, bæði í undirbúningi, framkvæmd og framsetningu.

Ég vil einnig þakka Stellu Kristínu Eymundsdóttur, ömmu minni og kennara, fyrir yfirlestur verkefnisins og góðar ábendingar varðandi málfar og framsetningu texta.

Þá vil ég sérstaklega þakka eiginmanni mínum, Júlíusi Frey Theodórssyni, bæði fyrir yfirlestur verkefnisins og ekki síður fyrir endalausa hvatningu, þolinmæði, stuðning og trú á mig meðan á verkefninu stóð.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Abstract	4
Formáli.....	5
Efnisyfirlit.....	7
Töfluskra	9
Myndaskra	10
1 Inngangur	11
1.1 Tilgangur og markmið rannsóknarinnar	12
1.2 Val á viðfangsefni	13
1.3 Mikilvægi rannsóknarinnar	14
1.4 Rannsóknarspurningar	14
2 Fræðileg umfjöllun	17
2.1 Sögulegar rætur ofbeldis í parsamböndum	17
2.2 Umræðan um ofbeldi í parsamböndum	19
2.3 Birtingarmyndir ofbeldis og skilgreiningar.....	21
2.4 Kenningar	26
2.4.1 Félagsmótunarkenningar (e. social learning)	26
2.4.2 Sálgreining (e. psychoanalysis)	27
2.4.3 Tengslamyndunarkenningar (e. attachment theory)	28
2.4.4 Feminískar kenningar.....	29
2.4.5 Fjölpáttalíkan Duttons (e. ecologically nested theory)	30
2.4.6 Kenning Johnson um þrenns konar ofbeldi í parsamböndum	31
2.5 Fyrrir rannsóknir á efninu.....	33
2.5.1 Ýmsir sálrænir þættir	34
2.5.2 Ofbeldispersónuleiki.....	35
2.5.3 Uppeldisskilyrði ofbeldismanna (félagsmótun)	36
2.5.4 Tengslamyndun.....	38
2.5.5 Feminískar kenningar og valdabarátta	39
2.5.6 Fleiri skýringar á ofbeldi karla í parsamböndum	40
2.5.7 Íslenskar rannsóknir.....	42
2.6 Meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi í parsamböndum.....	45
2.6.1 Tvö ólík meðferðarsjónarmið.....	45
2.6.2 Karlar til ábyrgðar.....	49

2.7 Samantekt og rannsóknarspurningar	50
3 Aðferð	53
3.1 Rannsóknarsnið.....	53
3.2 Rannsóknargögn	55
3.3 Framkvæmd rannsóknar og úrvinnsla gagna.....	57
3.4 Siðferðileg álitaefni	63
4 Niðurstöður	65
4.1 Ofbeldi gerenda gegn öðrum en núverandi eða síðasta maka	65
4.1.1 Ofbeldi gagnvart maka í fyrri samböndum	65
4.1.2 Ofbeldi gegn börnum	66
4.1.3 Ofbeldi gegn öðrum í fjölskyldunni	67
4.1.4 Ofbeldi gegn fólki utan fjölskyldunnar.....	68
4.2 Reynsla gerenda af ofbeldi í æsku	72
4.2.1 Að hafa orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur	72
4.2.2 Að hafa sjálfur verið beittur ofbeldi í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur.....	74
4.2.3 Að hafa verið beittur ofbeldi utan fjölskyldunnar fyrir 18 ára aldur	75
4.3 Birtingarmyndir ofbeldis gerenda gegn núverandi eða síðasta maka.....	76
4.4 Ýmsar upplýsingar um ofbeldi gerenda gegn núverandi eða síðasta maka	80
4.5 Leynd og áhrif ofbeldisins	84
4.5.1 Vitneskja annarra um ofbeldið	84
4.5.2 Áhrif ofbeldisins á líðan gerenda	85
4.5.3 Áhrif ofbeldisins á samskipti gerenda við maka	87
4.5.4 Áhrif ofbeldisins á samskipti gerenda við aðra en maka.....	88
4.6 Ábyrgð á ofbeldinu og skýringar gerenda á því	89
4.7 Forvarnir gegn endurteknu ofbeldi og hættuástand.....	94
4.8 Ofbeldið og börn gerenda og þolenda.....	96
5 Umræða.....	101
5.1 Almennt um niðurstöður og áhugaverð atriði.....	101
5.2 Svör við rannsóknarspurningum	104
5.2.1 Langvarandi ferli ofbeldis	104
5.2.2 Ofbeldi gerenda í fyrri samböndum	105
5.2.3 Tegundir ofbeldis í parsamböndum	106
5.2.4 Ofbeldi gerenda gegn öðrum en maka sínum	106
5.2.5 Fyrri reynsla gerenda af ofbeldi	108

5.2.6 Áfengisvandi gerenda.	110
5.3 Veikleikar og styrkleikar rannsóknarinnar	110
5.4 Áframhaldandi rannsóknir á sviðinu og hugleiðingar rannsakanda	111
Heimildaskrá	117
Viðauki 1 - Skráningarskema Karlar til ábyrgðar.....	123
Viðauki 2 – Rannsóknareyðublað	135
Viðauki 3 – Leiðbeiningar með rannsóknareyðublaði	144

Töfluskrá

Tafla 1. Breytur með samræmi í meðallagi.....	62
Tafla 2. Hjúskaparstaða gerenda.	65
Tafla 3. Ofbeldi gerenda gagnvart maka í fyrri samböndum.....	66
Tafla 4. Tegundir ofbeldis gerenda í fyrri samböndum.	66
Tafla 5. Ofbeldi gerenda gagnvart börnum.	66
Tafla 6. Tegundir ofbeldis gerenda gegn börnum.	67
Tafla 7. Ofbeldi gerenda gegn öðrum í fjölskyldunni.	68
Tafla 8. Ofbeldi gerenda gegn kunnugum utan fjölskyldunnar.	68
Tafla 9. Tegundir ofbeldis gagnvart kunnugum utan fjölskyldunnar.....	69
Tafla 10. Ofbeldi gerenda gegn ókunnugum.	69
Tafla 11. Tegundir ofbeldis gegn ókunnum.	70
Tafla 12. Ofbeldi gegn öðrum en núverandi/síðasta maka.	70
Tafla 13. Samanburður á ofbeldi gegn öðrum en maka og/eða börnum.....	71
Tafla 14. Samanburður á tegundum ofbeldis eftir tensglum gerenda við þolendur.	71
Tafla 15. Gerandi orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu sinni.	72
Tafla 16. Tegundir ofbeldis sem gerandi hefur orðið vitni að í upprunafjölskyldu.	74
Tafla 17. Ofbeldi gegn geranda í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur.....	74
Tafla 18. Tegundir ofbeldis gegn geranda í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur.	75
Tafla 19. Ofbeldi gegn geranda utan upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur.	76
Tafla 20. Tegundir ofbeldis gegn geranda af hálfu aðila utan fjölskyldunnar, fyrir 18 ára aldur.	76
Tafla 21. Lýsingar á ofbeldi gerenda gegn núverandi/síðasta maka.	77
Tafla 22. Fjöldi birtingarmynda andlegs ofbeldis sem gerandi hefur notað.	79
Tafla 23. Fjöldi birtingarmynda líkamlegs ofbeldis sem gerandi hefur notað.	79
Tafla 24. Upplýsingar um síðasta ofbeldistilvik geranda gegn núverandi/síðasta maka.	80

Tafla 25. Sambandsslit milli geranda og þolanda á undanfögnu ári.	81
Tafla 26. Gerandi hafði notað áfengi eða aðra vímuegja síðastliðið ár á þann hátt að það hefði skaðað heilsufar hans eða samskipti við annað fólk.	81
Tafla 27. Sjálfsvígshugleiðingar gerenda á síðastliðnu ári.	82
Tafla 28. Kærur/dómar á hendur gerenda vegna ofbeldis.	83
Tafla 29. Ótti þolanda við gerendur.	83
Tafla 30. Fjölskyldumeðlimir og vitneskja um ofbeldi gerenda.	85
Tafla 31. Tilfinningaleg áhrif ofbeldisins á geranda sjálfan.	85
Tafla 32. Áhrif ofbeldisins á samskipti við maka.	87
Tafla 33. Áhrif ofbeldisins á samskipti við aðra.	88
Tafla 34. Mat gerenda á því hver hefði getað komið í veg fyrir ofbeldið.	90
Tafla 35. Hvað telur gerandi að geti leitt til endurtekis ofbeldis.	90
Tafla 36. Ástæður gerenda fyrir ofbeldinu.	91
Tafla 37. Það sem gerandi vill fá aðstoð með hjá <i>Karlar til ábyrgðar</i>	93
Tafla 38. Hvað gerandi telur sig geta gert til að koma í veg fyrir endurtekið ofbeldi.	94
Tafla 39. Hafa börnin verið viðstödd þegar gerandi beitir ofbeldi.	97
Tafla 40. Viðbrögð barnanna við ofbeldi gerenda.	97
Tafla 41. Hefur gerandi rætt ofbeldið við börnin.	98
Tafla 42. Vita börnin að gerandi hefur leitað til <i>Karlar til ábyrgðar</i>	99

Myndaskrá

Mynd 1. Húsbóndavald - ofbeldishringur.	47
Mynd 2. Jafnréttishringur.	48
Mynd 3. Tegundir ofbeldis gegn öðrum en núverandi/síðasta maka.	72

1 Inngangur

Hugmyndin að þessari rannsókn kviknaði í raun þegar rannsakandi var að vinna BA verkefni sitt en sú rannsókn fjallaði um ofbeldismenn eins og þeir birtust konum sem leituðu til Kvennaathvarfsins árið 2005 (Ingibjörg Þórðardóttir, 2007). Þó margt hafi verið skoðað varðandi ofbeldi karla í parsamböndum á allra síðustu árum er langt frá því að akurinn sé fullplægður. Nýjustu rannsóknir sem fyrir liggja á Íslandi eru þær sem unnar hafa verið í tengslum við aðgerðaráætlun ríkisins gegn kynbundnu ofbeldi. Þær hafa bæði fjallað um umfang og eðli ofbeldis gegn konum í parsamböndum, um viðhorf ýmissa opinberra aðila til málaflokksins og það sem betur mætti fara (Velferðarráðuneytið, e.d.). Eftir því sem rannsakandi kemst næst, hefur ekki verið gerð íslensk rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í parsambandi þar sem eingöngu eru notaðar upplýsingar frá körlum sem beitt hafa slíku ofbeldi. Þessi rannsókn er framkvæmd með þeim hætti og fjallar um ofbeldi karla í parsamböndum út frá sjónarhorni ofbeldismanna sem hafa leitað sér aðstoðar vegna þess hjá meðferðarúrræðinu *Karlar til ábyrgðar* en gögn fyrir rannsóknina voru fengin þaðan. Það er ekki auðvelt að komast að þessum hópi með beinum hætti og þær upplýsingar sem fyrir liggja um ofbeldismenn koma yfirleitt frá þolendum þeirra. Það er því von rannsakanda að þessi rannsókn geti varpað öðru ljósi á ofbeldi í parsamböndum á Íslandi en áður hefur verið gert, jafnvel þó ekki sé hægt að alhæfa um alla þá sem beita slíku ofbeldi út frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

Í þessum kafla verkefnisins er settur fram tilgangur og markmið rannsóknarinnar, farið yfir mikilvægi hennar og það hvernig viðfangsefnið var valið. Í lok kaflans eru rannsóknarspurningar kynntar í stuttu máli.

Í fræðilegri umfjöllun er farið yfir ofbeldi í parsamböndum í sögulegu samhengi, fjallað um það hvernig umræðan um ofbeldi í parsamböndum hófst og hvernig hún hefur þróast á undanförnum áratugum. Settar eru fram skilgreiningar á ofbeldi í parsamböndum og áhersla lögð á þær skilgreiningar sem höfundur styðst við í þessari ritgerð. Fjallað er um nokkrar kenningar sem settar hafa verið fram um ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum á undanförnum áratugum og fjölþáttalíkan Duttons frá árinu 1985, auk þess sem kenning Johnsons frá 1995 um þrjár tegundir ofbeldis er sett fram.

Þar sem þessi rannsókn fjallar eingöngu um ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum er ekki farið sérstaklega yfir rannsóknir á hinu gagnstæða. Farið er yfir fyrirbyggjandi rannsóknir sem fjalla um efnið og falla að þeim kenningum sem hér er rætt um auk þess sem skoðaðar eru niðurstöður íslenskra rannsókna á efniinu. Farið er stuttlega yfir tvö mismunandi meðferðarúrræði, sem til eru erlendis, fyrir karla sem beita ofbeldi í nánnum samböndum og sérstaklega er fjallað um hugmyndafræði verkefnisins *Karlar til ábyrgðar*. Það verkefni sækir hugmyndafræði sína og meðferðarform til *Alternativ til vold* sem var þróað í Noregi (*Karlar til ábyrgðar*, e.d.-b). Það er eina sértæka úrræðið sem til er á Íslandi, sem sérstaklega er hannað sem meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi. Í lok kaflans eru settar fram ítarlegar rannsóknarspurningar og tilgátur.

Kaflinn um aðferð rannsóknarinnar fjallar um þá aðferð sem notuð var við rannsóknina, hvaða gögn var unnið með og hvernig þau voru fengin, hvernig var unnið með þau og hvaða aðferðum var beitt við úrvinnslu þeirra. Einnig er farið yfir siðferðileg álitaefni sem hafa þarf í huga við framkvæmd rannsóknar á efni eins og því sem unnið er með í þessari rannsókn.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru settar fram með töflum og myndum eftir því sem við á auk þess sem niðurstöður eru birtar í texta. Birtar eru upplýsingar um hjúskaparstöðu ofbeldismannanna, það ofbeldi sem ofbeldismaður hefur beitt maka sinn sem og niðurstöður um reynslu gerenda af ofbeldi í æsku, bæði ofbeldi í upprunafjölskyldu og ofbeldi sem gerandi hefur verið beittur af ókunnugum fyrir 18 ára aldur. Sérstaklega er greint frá tegundum ofbeldisins og lýsingar koma fram á því ofbeldi sem ofbeldismenn leita aðstoðar vegna, hjá *Karlar til ábyrgðar*.

Í umræðukafla eru niðurstöður dregnar saman, þær túlkaðar og settar í samhengi við kenningar og fyrri rannsóknir eftir því sem við á. Rannsóknarspurningum er svarað og mat lagt á rannsóknina auk þess sem niðurstöður hennar eru tengdar við fræðilega umfjöllun. Að lokum eru settar fram hugmyndir að áframhaldandi rannsóknum á þessu sviði.

1.1 Tilgangur og markmið rannsóknarinnar

Tilgangur þessarar rannsóknar var að rannsaka ofbeldi í parsamböndum út frá upplifunum og lýsingum ofbeldismanna. Með því er hægt að öðlast dýpri skilning á þeim sem beita slíku ofbeldi og er það mikilvægur þáttur í að berjast gegn því. Ýmsar kenningar hafa verið

settar fram og margar rannsóknir verið framkvæmdar erlendis á undanförunum áratugum um ofbeldi í parsamböndum og hafa þær oft verið framkvæmdar meðal þeirra kvenna sem beittar eru ofbeldinu (Dobash og Dobash, 1979). Á síðustu árum hefur þó athyglinni í auknum mæli verið beint að þeim sem beita ofbeldinu og til eru ýmsar rannsóknir þar sem þátttakendur hafa verið karlar sem hafa beitt maka sinn ofbeldi (Huss og Langhinrichsen-Rohling, 2006; Goodrum, Umberson og Anderson, 2001; Wareham, Boots og Chavez, 2009). Markmið þessarar rannsóknar er því að beina athyglinni að íslenskum ofbeldismönnum og greina þær upplýsingar sem þeir sjálfir gefa varðandi ofbeldi sem þeir beita í parsamböndum, um aðstæður sínar og fyrri reynslu. Markmiðið er einnig að fá fram óhefðbundið sjónarhorn á ofbeldi í parsamböndum í íslensku samfélagi þar sem rannsóknir hafa, hingað til, fyrst og fremst beinst að þolendum, umfangi ofbeldisins og afleiðingum þess. Hér er fremur leitast við að svara spurningum um ofbeldismennina og skoða þeirra skýringar og lífsreynslu.

1.2 Val á viðfangsefni

Eins og fram hefur komið, eru engar rannsóknir til á Íslandi sem byggja á beinum upplýsingum frá mönnum sem beita ofbeldi í parsamböndum en það var vilji rannsakanda að fá fram aðra sýn á slíkt ofbeldi hér á landi en hefur áður verið gert. Þess vegna taldi rannsakandi mikilvægt að finna heppilega leið til að fá slíkar upplýsingar og nýta þær í rannsóknarskyni. Það var ljóst að ekki yrði auðvelt að ná sambandi við karla sem beita ofbeldi í parsamböndum og var því strax í upphafi haft samband við umsjónarmenn *Karlar til ábyrgðar* og kannað hvort grundvöllur væri fyrir því að skoða þau gögn sem þar hefur verið safnað. Þannig var rannsóknin unnin eingöngu út frá upplýsingum frá körlum sem sjálfir hafa beitt ofbeldi í parsamböndum. Var þetta gert með því að skoða skýrslur sem teknar hafa verið af mönnum í upphafi meðferðar þeirra hjá *Karlar til ábyrgðar* frá því að teknar voru í notkun endurskoðaðar komuskýrslur þar fyrri hluta ársins 2009 og fram til ágústloka 2013. Þau gögn voru innihaldsgreind og niðurstöður dregnar út frá þeim. Frá því að verkefnið var endurvakið árið 2006 hafa um 200 karlar, sem beitt hafa ofbeldi í parsamböndum, leitað sér aðstoðar þar og hefur aldrei áður verið gerð greining á þeim upplýsingum sem þeir hafa gefið um ofbeldi sitt við upphaf meðferðar. Allir þeir karlar sem nýta sér úrræðið koma þangað sjálfviljugir, þannig að ekki er um að ræða að

dómskerfið hafi dæmt þá í meðferð eins og oft er raunin erlendis (Scourfield og Dobash, 1999; Dutton og Corvo, 2007).

1.3 Mikilvægi rannsóknarinnar

Rannsóknir á körlum sem beita ofbeldi í parsamböndum eru mikilvægar í baráttu samfélagsins gegn slíku ofbeldi. Til þess að fá dýpri skilning á ofbeldishegðun er mikilvægt að skoða þá sem ofbeldinu beita og á það jafnt við um ofbeldi í nánnum samböndum og annað ofbeldi. Með skilningi er ekki átt við réttlætingu á hegðuninni en það er ljóst að forvarnir gegn ofbeldi verða að beinast að þeim sem líklegir eru til að beita því og til þess þurfum við að öðlast betri skilning á hegðuninni, þeim sem sýna hana og mögulegum skýringum hennar. Þessi rannsókn er mikilvæg í því samhengi að hún er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og gæti því gefið annað sjónarhorn en áður hefur verið gefið.

Rannsóknin getur gefið vísbendingar um það hvort menn sem beita ofbeldi í nánnum samböndum á Íslandi séu líklegir til þess að hafa sjálfir verið beittir ofbeldi í æsku og/eða orðið vitni að ofbeldi milli foreldra, eins og niðurstöður ýmissa erlendra rannsókna hafa bent til (Dutton, 2008; Dutton og White, 2012; Wareham o.fl., 2009). Einnig getur hún gefið vísbendingar um það hvort menn sem beita ofbeldi í parsambandi séu líklegir til að beita ofbeldi á öðrum sviðum lífsins sem og hvaða tegundum ofbeldis þeir beita, miðað við þeirra eigin upplýsingar.

Mikilvægt er að hafa í huga að rannsóknin er takmörkuð við þátttakendur í *Karlar til ábyrgðar* sem eru þar af fúsum og frjálsum vilja og því ekki hægt að alhæfa um alla ofbeldismenn út frá þessum niðurstöðum. Ekki er víst að karlar sem sjálfir leita aðstoðar vegna ofbeldisins séu lýsandi hópur fyrir alla karla sem beita ofbeldi í parsambandi.

1.4 Rannsóknarspurningar

Rannsakandi hefur á undanförunum árum unnið með þolendum ofbeldis, bæði kynferðisofbeldis og ofbeldis í parsamböndum. Eitt af því sem rannsakanda hefur fundist vanta í umræðuna og í íslenskar rannsóknir eru upplýsingar frá gerendunum sjálfum. Umræðan hefur lengi beinst að þeim sem ofbeldinu eru beittir en ekki þeim sem því beita, þó áherslan hafi aðeins færst til á allra síðustu árum. Þær spurningar sem ætlað er að svara í þessari rannsókn, lúta að eðli þess ofbeldis sem gerendur beita og hvort þeir séu líklegir til að hafa verið beittir ofbeldi sjálfir í æsku og/eða að hafa orðið vitni að ofbeldi

milli foreldra. Alls er lagt upp með 6 rannsóknarspurningar sem m.a. fjalla um framangreind atriði. Þá er spurt að því hvort a) ofbeldi sé afmarkaður atburður eða langvarandi ferli, b) hvort karlar sem beita ofbeldi einu sinni séu líklegir til að gera það aftur, c) hvort karlar sem beita einni tegund ofbeldis séu líklegir til að beita einnig fleiri tegundum ofbeldis í sambandinu og d) hvort þeir séu líklegir til að beita ofbeldi á öðrum sviðum í lífinu. Að auki eru skoðaðar þær aðferðir sem notaðar eru við ofbeldið, þ.e. hvernig líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi birtist og hvaða aðferðir eru notaðar til að ná stjórn í sambandinu. Rannsóknarspurningarnar eru því eftirfarandi:

1. Er ofbeldi oft afmarkað tilfelli eða gerist það ítrekað og er því um langvarandi ferli að ræða?
2. Eru karlar sem hafa beitt ofbeldi í parsambandi áður, líklegir til að beita því aftur í nýju sambandi?
3. Beita karlar fleiri en einni tegund ofbeldis í parsambandi?
4. Eru karlar sem beita ofbeldi í parsambandi líklegir til þess að beita ofbeldi á öðrum sviðum lífsins, til dæmis gagnvart ókunnugum eða öðrum fjölskyldumeðlimum?
5. Eru karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum líklegir til þess að hafa verið beittir ofbeldi sjálfir og/eða hafa orðið vitni að ofbeldi milli foreldra þegar þeir voru börn?
6. Eru karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum líklegir til þess að eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða?

2 Fræðileg umfjöllun

Í fræðilegri umfjöllun er skoðað sögulegt samhengi ofbeldis í parsamböndum, sem áður fyrr var yfirleitt talað um sem heimilisofbeldi. Auk þess er fjallað um ýmsar skilgreiningar, kenningar og rannsóknir á slíku ofbeldi.

2.1 Sögulegar rætur ofbeldis í parsamböndum

Frá örófi alda hefur ofbeldi karla gegn eiginkonum sínum verið hluti af samfélaginu og til eru fjölmörg dæmi um það hvernig lögin gerðu eiginmönnum kleift að beita líkamlegu ofbeldi til að hafa stjórn á eiginkonum sínum. Hefur þetta verið skýrt með því að feðraveldið hafi alla tíð verið ríkjandi og þar með áherslan á að eiginmanni beri að stjórna eiginkonu sinni (Dobash og Dobash, 1979).

Í Rómaveldi til forna var kona eign eiginmanns síns og var skylt að gera og vera eins og hann sagði til um, án hans var hún ekkert og kona hafði ekki í nein hús að venda ef hún var ekki gift. Eiginkonu bar skylda til að hlýða eiginmanni sínum í einu og öllu og eiginmaður hafði, samkvæmt lögum, leyfi til að beita þeim aðferðum sem honum þóttu sæma til að hafa hemil á eiginkonu sinni, til dæmis var karlmanni leyfilegt að drepa eiginkonu sína fyrir framhjáhald. Engin lög gerðu konum kleift að beita „refsingum“ til að stjórna eiginmanni sínum, enda bundið í lög að eiginkona var eign eiginmanns síns en ekki öfugt (Dobash og Dobash, 1979).

Í kristinni trú, bæði í gamla og nýja testamentinu, er talað um það að konan skuli vera undirgefin eiginmanni sínum, hún eigi að hlýða honum og að konan sé sköpuð fyrir manninn en ekki maðurinn fyrir konuna. Hann ber því ábyrgð á henni og því að hún hagi sér í samræmi við það. Þetta viðhorf í kristinni trú hefur verið til þess fallið að viðhalda feðraveldinu og festa það enn betur í sessi. Á miðöldum var þetta viðhorf kirkjunnar almennt viðurkennt og víða um Evrópu voru í gildi lög sem gerðu mönnum kleift, og jafnvel skylduðu menn til, að beita líkamlegu ofbeldi gegn eiginkonum sínum í því skyni að kenna þeim rétta siði (Dobash og Dobash, 1979).

Einnig eru nýrri dæmi um það hvernig eiginmönnum bar að stjórna eiginkonum sínum og hvernig eiginkonum bar um leið að hlýða þeim. Réttur karlmanns til að eiga og ráðstafa eignum og launum eiginkonu sinnar var bundinn í lög í Bandaríkjunum og eiginkonunni

bar að þjónusta hann og hlýða honum. Þá hafði eiginmaður lögbundin rétt til að refsa eiginkonu sinni með líkamlegu ofbeldi (e. chastisement) með því skilyrði að afleiðingar ofbeldisins væru ekki varanlegar (Newman og Grauerholz, 2002). Á Íslandi voru giftar konur ómyndugar, það er að segja hvorki fjárráða né sjálfráða, samkvæmt lögum fyrr en árið 1900 en ógifar konur (25 ára og eldri) urðu myndugar árið 1861 (Kvennasögusafnið, e.d.) sem gefur til kynna að eiginmenn giftra kvenna hafi haft yfirráð yfir þeim. Frá árinu 1900 réði kona sjálf sínu eigin fé en eiginmaður hennar réði áfram öllum eignum búsins og fullt jafnræði hjóna var ekki staðfest með lögum fyrr en árið 1923 (Utanríkisráðuneytið, 1995). Hvoru tveggja gefur vísbendingar um að konur hafi verið lægra settar körlum og að eiginkonur hafi, að einhverju leyti, verið háðar eiginmönnum sínum.

Jafnvel þó að lagabreytingar sem fólu í sér að ofbeldi eiginmanna gegn eiginkonum væri ekki lengur löglegt, hafi átt sér stað á þarsíðustu öld, var erfitt að breyta viðhorfum og viðbrögðum dómstóla og slíkt ofbeldi var lengi afskiptalaust eða afskiptalítið og litið á það sem einkamál þeirra sem í hlut áttu (Dobash og Dobash, 1979; Newman og Grauerholz, 2002). Langt fram á 20. öld var konum almennt ráðlagt að fyrirgefa ofbeldið og taka á sig „sína ábyrgð“ á því auk þess sem áhersla var lögð á mikilvægi þess að halda fjölskyldunni saman. Þetta viðhorf hefur heldur verið á undanhaldi undanfarna áratugi þó enn eimi eitthvað eftir af því. Í Bretlandi á 19. öld, voru í gildi lög sem leyfðu karlmanni að berja eiginkonu sína með því skilyrði að prikið sem hann notaði til þess væri ekki breiðari en þumalfingur hans (e. the rule of thumb) (Newman og Grauerholz, 2002).

Í gegnum söguna má því segja að það hafi verið viðurkennt og að stuðlað hafi verið að því að konur væru undirgefnar og hlýðnar gagnvart eiginmönnum sínum. Talið var eðlilegt að eiginmenn væru stjórnendur á heimilum sínum og stjórnðu þar með eiginkonum sínum. Þeir gættu þess að þær höguðu sér samkvæmt því sem þótti viðeigandi. Feðraveldið og stjórnun karla á öllum sviðum samfélagsins hefur þannig samþykkt og ýtt undir ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum (Dobash og Dobash, 1979). Þessu samfélagslega fyrirkomulagi var ekki ögrað fyrr en á 20. öldinni og mest áhrif höfðu kvennahreyfingarnar sem spruttu fram á áttunda áratug síðustu aldar (Dobash og Dobash, 1979, 1992; Newman og Grauerholz, 2002). Ekki er hægt að sjá að sambærileg lög eða viðurkenning á ofbeldi eiginkvenna gegn eiginmönnum hafi verð til staðar í

gegnum aldirnar, enda væri það á skjön við það samfélagsform sem hefur verið ríkjandi langt fram á síðustu öld.

2.2 Umræðan um ofbeldi í parsamböndum

Almenn umræða um ofbeldi í parsamböndum á sér ekki langa sögu en upphaf hennar má rekja til ársins 1971, þegar um 500 konur og börn örkuðu, ásamt einni kú, niður aðalgötu Chiswick á Englandi. Um var að ræða mótmæli gegn því að fella ætti niður ókeypis mjólk til skólabarna. Reyndar höfðu mótmælin ekki tilætluð áhrif en af stað hafði farið hjól sem enn snýst. Í framhaldi af mótmælunum útveguðu bæjaryfirvöld mótmælendum hús þar sem konur af svæðinu gátu komið saman og fyrir árslok 1971 hafði staður opnað þar sem konur gátu stutt við hvora aðra og kallaðist hann: „Chiswick's Women's Aid“. Tilgangurinn var að konur hefðu samastað til að ræða um ýmis málefni og hugmyndir, allt frá einsemd til erfiðleika á heimilinu. Þegar þær fóru að ræða saman um aðstæður sínar, í samfélaginu og inni á heimilum, kom í ljós að margar þeirra höfðu verið beittar ofbeldi af hálfu maka sinna og fyrrverandi maka. Þessi umræða átti eftir að hafa mikil áhrif á baráttu kvenna fyrir samfélagsbreytingum (Dobash og Dobash, 1979). Þar var opnað fyrsta kvennaathvarfið, svo vitað sé, árið 1972 og fleiri fylgdu á eftir (Carden, 1994; Dobash og Dobash, 1992). Umræðan um ofbeldi gegn konum inni á heimilum hófst einnig á svipuðum tíma í Bandaríkjunum og þar voru það einnig kvennahreyfingar sem hófu umræðuna. Á fyrstu árum áttunda áratugarins byggðust upp kvennaathvörf víðs vegar um Bandaríkin. Þannig voru stofnuð mörg hundruð kvennaathvörf beggja vegna Atlantshafsins (Dobash og Dobash, 1992).

Baráttuhópar kvenna fyrir bættum kjörum kynsystra sinna í þessum tveimur löndum áttu stóran þátt í því að opinbera þann mikla samfélagsvanda sem birtist í ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Þeir kröfðust þess að brugðist yrði við og áttu sjálfir stærstan þátt í að það yrði gert. Umræðan hélt áfram og í kjölfar kvennaathvarfa komu svo meðferðarúrreði fyrir karla sem beittu slíku ofbeldi (Dobash og Dobash, 1992).

Kvennahreyfingarnar, sem flestar voru og eru feminískar, hafa haft mikil áhrif á umræðuna um ofbeldi í parsamböndum og þær beina athygli sinni fyrst og fremst að því að um kynbundið ofbeldi sé að ræða, þ.e. ofbeldi karla gegn konum sem þá á rætur í viðhorfum karla til kvenna og í feðraveldinu. Fræðimenn hafa ekki allir verið sáttir við þessa áherslu og telja að um mun flóknara samspil áhættuþátta sé að ræða. Í því tilliti

hafa margir fræðimenn, á undanförnum árum, beint athygli að því að ofbeldi í parsamböndum sé ekki eingöngu (eða nánast eingöngu) ofbeldi karla gegn konum heldur geti konur einnig beitt slíku ofbeldi, að það sé jafnalgengt meðal kynjanna og jafnvel að konur beiti því í meiri mæli en karlar (Winstok, 2011). Þessi umræða hefur ekki verið hávær á Íslandi en til er fjöldi erlendra fræðimanna sem heldur því fram að ofbeldi í parsamböndum hafi ekkert með kyn að gera, heldur sé skýringa að leita í ýmsum áhættuþáttum, s.s. í uppvaxtarárum og fortíð þeirra sem beita slíku ofbeldi, geðrænum vandamálum, áfengis- og fíkniefnaneyslu, eða að um sé að ræða tengslamyndunarvanda. Margir þættir geti haft áhrif í hverju sambandi fyrir sig og því sé ekki hægt að setja fram eina altæka skýringu á ofbeldi í parsamböndum (Dutton, 1985; Carden, 1994; Holtzworth-Munroe o.fl., 1997; Jewkes, 2002; Dutton og White, 2012). Þessi umræða virðist hafa orðið meira áberandi á undanförnum árum, bæði meðal almennings og innan fræðasamfélagsins.

Á Íslandi má einnig rekja upphaf umræðunnar um ofbeldi í parsamböndum til kvennahreyfingarinnar og hefur umræðan fyrst og fremst beinst að því að um ofbeldi karla gegn konum sé að ræða. Árið 1982 voru Samtök um Kvennaathvarf stofnuð og seinna sama ár var opnað Kvennaathvarf í Reykjavík (Samtök um Kvennaathvarf, 2001) sem enn er starfrækt. Árið 1992 voru Stígamót stofnuð og byggir starfsemi þeirra á feminískum hugmyndum um ofbeldi, það er að segja að kynferðisofbeldi og ofbeldi í parsamböndum sé fyrst og fremst ofbeldi karla gegn konum. Stærstur hluti þeirra sem þangað leita eru konur og allir sem að starfinu koma eru konur þó stundum hafi karlar verið þar með hópastarf fyrir karla sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem börn (Stígamót, 2008).

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar í þjóðfélaginu á undanförnum árum í því skyni að bregðast við þeim vanda sem felst í ofbeldi á heimilum og kynferðisofbeldi. Kvennahreyfingarnar hafa verið sterkur þrýstihópur um slíkar breytingar og má glögglega sjá á breytingunum að áhersla er lögð á að fyrst og fremst sé um kynbundið ofbeldi að ræða. Til dæmis hafa stjórnvöld sett fram aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi (Velferðarráðuneytið, e.d.). Lagabreytingar í Almennum hegningarlögum nr. 19/1940 hafa litið dagsins ljós sem styrkja stöðu kvenna sem beittar eru ofbeldi í parsamböndum og þolenda kynferðisofbeldis auk þess sem mikil vitundarvakning hefur orðið meðal

almenninga. Eitt meðferðarúrræði hefur verið sett upp hér á landi fyrir þá sem beita ofbeldi í parsamböndum og hefur það, þar til nú á haustdögum, eingöngu verið ætlað fyrir karla (Andrés Ragnarsson, munnleg heimild, 18. september 2013). Engin rannsókn hefur verið gerð á Íslandi þar sem eingöngu er skoðað ofbeldi sem konur beita í parsamböndum. Í almennri umræðu þegar talað er um heimilisofbeldi eða ofbeldi í parsamböndum virðist sem verið sé að tala um ofbeldi karla gegn konum. Einu samtökin sem rannsakandi veit af, sem sérstaklega leggja áherslu á ókynbundnar umræður um ofbeldi (hvort sem um er að ræða ofbeldi í parsamböndum eða kynferðisofbeldi), eru Drekaslóð sem rekin er af Thelmu Ásdísardóttur og fleirum. Það er ráðgjafar- og fræðslumiðstöð fyrir fólk sem hefur verið beitt ofbeldi af öðru fólki, það er að segja ekki kynbundin hlutverk þolenda og gerenda (Drekaslóð, e.d.).

Umræðan á Íslandi virðist þannig hafa stjórnað að miklu leyti af feminískum hugmyndum um ofbeldi á heimilum og ekki virðist hafa verið auðvelt að koma umræðunni á annað stig þar sem Kvennahreyfingarnar eru sterkir pólitískir þrýstihópar hér á landi og umræða um jafnrétti frá sjónarhóli kvenna og kvennabaráttunnar áberandi.

2.3 Birtingarmyndir ofbeldis og skilgreiningar

Í annarri grein yfirlýsingar allherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 20. desember 1993 er ofbeldi gegn konum skilgreint með eftirfarandi hætti:

2. gr.

Ofbeldi gagnvart konum felur í sér, en er þó ekki takmarkað við, eftirfarandi:

- a) líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi innan fjölskyldunnar, meðal annars barsmíðar, kynferðislegt ofbeldi gagnvart stúlkum á heimili, ofbeldi tengt heimanmundi, nauðgun í hjónabandi, skaði á kynfærum stúlkna og aðrar hefðir sem eru skaðlegar konum, ofbeldi annars en maka og misnotkun í gróðaskyni;
- b) líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi í þjóðfélaginu almennt, meðal annars nauðganir, kynferðislegt ofbeldi, kynferðisleg áreitni og hótanir á vinnustað, í menntastofnunum og annars staðar, þrælasala kvenna og þvingum til vándis;
- c) líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi stjórnvalda eða framið með samþykki stjórnvalda, hvar sem slíkt á sér stað (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Samkvæmt þessari skilgreiningu getur ofbeldi gegn konu inni á heimili eða í parsambandi verið líkamlegt, kynferðislegt og/eða sálrænt. Í fyrstu grein yfirlýsingarinnar má einnig sjá skilgreiningu á því hvað er átt við með ofbeldi gegn konum,

Að því er þessa yfirlýsingu varðar merkir hugtakið „ofbeldi gagnvart konum“ ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga kvenna, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi. (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Hér er ekki að sjá neina upptalningu á því nákvæmlega hvaða athafnir teljast til ofbeldis í parsamböndum en af því sem fram kemur er ljóst að allar athafnir sem eru til þess fallnar að skaða konuna á líkama eða sál, teljast sem ofbeldi gegn henni.

Það eru hins vegar til nákvæmari skilgreiningar á ofbeldi í parsamböndum þar sem því er lýst með dæmum hvernig ofbeldi getur birst. Slíkar skilgreiningar fara jafnan eftir samhenginu og því hver skilgreinir. Í rannsóknum á ofbeldi er algengast að áherslan sé á líkamlegu ofbeldi, líklega vegna þess að einfaldara er að skilgreina það heldur en til að mynda andlegt ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi birtist þá jafnan í því að kona sé til dæmis slegin með krepptum hnefa, henni hrint, sparkað í hana eða henni slegið í vegg eða gólf (Dobash og Dobash, 1979). Ofbeldi hefur hins vegar fleiri birtingarmyndir og er hér farið yfir nokkrar skilgreiningar auk þess sem farið er yfir svokallaðan ofbeldishring eins og hann er kynntur í Carden (1994) og Dutton (1995).

Walker setti fram skilgreiningu á því ferli sem fram kemur þegar ofbeldi er beitt í parsamböndum. Samkvæmt hennar skilgreiningu byggist ferlið upp á þremur skeiðum sem mynda hringferli sem er endurtekið aftur og aftur innan sambandsins og einkennir það. Fyrsta skeiðið er það sem hefur verið kallað spennustigið (e. tension building) en það einkennist af aukinni reiði, hótunum og ógnunum af hálfu ofbeldismannsins. Konan reynir á þessu skeiði að gera allt sem hún getur til að koma í veg fyrir ofbeldið með því að reyna að „gera allt rétt“. Skeið tvö (e. act of violence) er þegar ofbeldisatvikið á sér stað og er þá um líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi að ræða, sem felur í sér til dæmis að karlinn lemur konuna, sparkar í hana, hendir í hana hlutum, tekur hana hálstaki, nauðgar henni eða beitir vopnum eins og hnífum eða byssu gagnvart henni. Þetta skeið getur tekið allt frá tveimur klukkustundum og upp í 1-2 sólarhringa og hættir ekki fyrr en ofbeldismaðurinn er úrvinda. Bæði ofbeldismaðurinn og konan sem hann beitir ofbeldi afneita ábyrgð hans á ofbeldinu. Þriðja skeiðið einkennist svo af eftirsjá og afsökunarbeiðnum ofbeldismannsins og afneitun konunnar á að ofbeldið muni endurtaka sig. Ofbeldismaðurinn afsakar sig og lofar því að þetta muni ekki gerast aftur, hann jafnvel kennir konunni um ofbeldið. Þetta skeið hefur stundum verið kallað tilhugalífstímabilið

(e. honeymoon) og með tímanum getur þetta skeið orðið styttra og styttra og jafnvel alveg horfið úr hringnum (Carden, 1994; Dutton, 1995). Ofbeldishringurinn getur í sumum samböndum tekið mörg ár og í öðrum bara örfáa mánuði eða vikur og varasamt getur verið að reikna með að hann gildi fyrir öll sambönd þar sem ofbeldið getur einnig átt sér stað fyrirvaralaust (Carden, 1994). Hins vegar er gott að hafa þessi atriði í huga þegar verið er að vinna með þolendum og gerendum ofbeldis við mat á ofbeldinu. Þá má einnig ætla að þessi hringur eigi fremur við í samböndum þar sem ofbeldi einkennist af hryðjuverkum í parsamböndum (e. intimate terrorism) heldur en þegar um er að ræða aðstæðubundið ofbeldi í parsamböndum (e. situational couple violence) (Johnson 1995), sem nánar verður skilgreint síðar.

Samkvæmt Pence og Paymar birtist ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum ekki eingöngu í líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Ofbeldismaðurinn notar einnig ýmsar stjórnunaraðferðir til að ná og viðhalda völdum yfir maka sínum. Þessar aðferðir geta falist meðal annars í því að einangra konuna frá öðrum, hóta henni því að beita hana líkamlegu ofbeldi, gera lítið úr henni og niðurlægja hana og því að taka fjárhagslegt vald af henni auk þess sem hann beitir ýmsum aðferðum til að refsa konunni og nýta sér það vald sem hann hefur yfir henni. Þá getur hann einnig notað börnin með því að hóta því að beita þau líkamlegu ofbeldi ef konan „hlýðir“ honum ekki. Líkamlega og kynferðislega ofbeldið er svo notað í þeim tilgangi að sýna endanlegt vald yfir þolandanum (sjá umfjöllun í Erla Kolbrún Svavarsdóttir, 1999; Johnson, 2006). Þessar lýsingar eru ekki ólíkar þeim lýsingum sem fram koma í frásögnum kvenna sem leita til Kvænnaathvarfsins.

Kvænnaathvarfið skilgreinir ofbeldi í nánum samböndum þannig að það getur annað hvort verið kynferðislegt, líkamlegt eða sálrænt auk þess að um sé að ræða hegðun sem felur í sér einhvers konar þvingun og/eða stjórnun (Samtök um Kvænnaathvarf, 2012). Í eldri ársskýrslum Kvænnaathvarfsins má einnig sjá hvernig ofbeldi er skipt í sex flokka og má gera ráð fyrir að sú flokkun sé þar enn við lýði. Þessir flokkar eru; a) einangrun, sem til dæmis getur falist í því að ofbeldismaðurinn kemur í veg fyrir að konan geti stundað vinnu eða skóla, hindrar samskipti hennar við vini og vandamenn, eltir hana, hringir stöðugt í hana og yfirheyrir hana um hvar hún hafi verið auk þess sem hann tekur af henni skilríki, síma og fleira sem veldur því að hún einangrast á heimilinu, b) efnahagsleg kúgun, sem getur til að mynda birst í því að ofbeldismaðurinn hindrar konuna í að afla sér tekna

eða tekur af henni þá peninga sem hún þénar sem og að hann ráðstafar einn þeim peningum sem inn á heimilið koma, c) hótanir, sem geta meðal annars falist í því að ofbeldismaðurinn eyðileggur hluti, sýnir ógnandi hegðun með því að meðhöndla vopn eða hnífa eða hótar að skaða og jafnvel drepa konuna, börnin og/eða sjálfan sig, d) tilfinningaleg kúgun, sem getur til að mynda birst í því að ofbeldismaðurinn gagnrýnir konuna stöðugt, gerir lítið úr henni og upplifunum hennar og er sífellt að ásaka hana, e) kynferðisleg misnotkun, sem til dæmis getur falið í sér þvingun til kynlífs, hótanir um að misnota börnin eða að neyða konuna til að horfa á klám, f) líkamlegt ofbeldi, sem getur falist í því að lemja konuna, ýta henni, brenna hana eða sparka í hana, auk þess að halda henni og loka hana inni og stundum eru notuð vopn, eins og hnífar eða belti (Samtök um Kvennaathvarf, 2006).

Ingólfur V. Gíslason (2008) skiptir ofbeldinu í fjóra flokka og byggir þá skiptingu meðal annars á skilgreiningum annarra fræðimanna. Flokkarnir og birtingarmyndir hvers og eins eru eftirfarandi; líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og fjárhagslegt ofbeldi. Undir líkamlegt ofbeldi flokkar hann til dæmis að kona sé kýld, bitin, klóruð, bundin, stungin, hún svelt eða kæfð og alvarlegasta dæmið er að hún sé drepin. Sem dæmi um andlegt ofbeldi nefnir hann niðurlægjandi athugasemdir, hótanir, eftirlit, einangrun og afneitun ofbeldisins. Sem hluta af kynferðislegu ofbeldi nefnir hann þvingun til kynlífs, þvingað vændi og áhorf á klám sem og kynferðislegar svívirðingar. Fjárhagslegt ofbeldi getur meðal annars komið fram í því að komið er í veg fyrir að konan geti aflað sér tekna, henni eru skammtaðir peningar og að hún er skráð fyrir öllum skuldum og hótanir um að láta þær falla á hana þá notaðar sem hluti af ofbeldinu. Hann fjallar um ofbeldi sem ferli og í því er þá falið að um er að ræða endurtekna atburði en ekki eitt einstakt tilfelli. Í því skyni leggur hann áherslu á að til þess að um ofbeldi sé að ræða þurfi ferlið að vera með þeim hætti að annar aðilinn beiti valdi sínu eða ásökunum ítrekað gagnvart hinum aðilanum. Þannig telur hann að til þess að um sé að ræða andlegt ofbeldi þurfi annar aðilinn ítrekað að t.d gera lítið úr, setja út á eða ásaka hinn aðilann. Þar með sé það til dæmis ekki andlegt ofbeldi þegar par rífst og báðir aðilar láta niðrandi athugasemdir falla í rifrildinu. Samkvæmt skilgreiningu Johnson (1995) gæti slík hegðun fallið undir það sem hann kallaði aðstæðubundið ofbeldi milli maka (e. situational couple violence), þó hans skilgreiningar fjalli fyrst og fremst um líkamlegt ofbeldi.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu *Karlar til ábyrgðar* (Karlar til ábyrgðar, e.d.-a) getur ofbeldi verið líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt. Ef skoðað er skráningarskema sem tekið er af körlum sem þangað leita (viðauki 1) má sjá að þar er skráð líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi auk þess sem spurt er um ofbeldi sem beinist gegn dauðum hlutum (sem rannsakandi skilgreinir í þessari rannsókn sem ógnanir). Sem dæmi um líkamlegt ofbeldi í skemanu má nefna högg í höfuð/andlit, að hrista, hrinda, sparka í, að taka maka kverkataki og slá hann með hlut. Sem dæmi um andlegt ofbeldi má nefna að hóta því að drepa maka, að hóta sjálfsmorði, að hóta barsmíðum eða misþyrmingum, að sýna ýkta afbrýðisemi, uppnefna á neikvæðan hátt og að ákveða hvað maki má og má ekki. Dæmi um kynferðislegt ofbeldi eru að þvinga til samfara og að þvinga eða hræða til annars konar kynlífs. Dæmi um ógnanir eða ofbeldi sem beinist gegn hlutum eru til að mynda að eyðileggja hluti, kasta hlutum, brjóta hurðir og glugga og slá í vegg eða borð. (sjá í viðauka 1).

Framangreindar skilgreiningar á birtingarmyndum og tegundum ofbeldis í parsamböndum eiga það sameiginlegt að ofbeldi er fjölþætt og birtist í líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem er beint gegn konunni og er til þess fallið að skaða hana með einum eða öðrum hætti auk þess sem það stuðlar að því að ná stjórn í sambandinu.

Hér er einnig mikilvægt að setja fram skilgreiningar barnaverndaryfirvalda, á Íslandi, á ofbeldi milli foreldra því í rannsókninni er einnig fjallað stuttlega um börnin í þessu samhengi. Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd, er ofbeldi milli foreldra flokkað sem tilfinningalegt ofbeldi gagnvart barni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Karlar til ábyrgðar hafa ekki sérstaklega skilgreint tegundir ofbeldis gagnvart börnum og því ekki hægt að setja fram skilgreiningar þeirra um slíkt ofbeldi. Andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er hins vegar skilgreint í skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er öllum skylt að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn búi við óviðunandi aðstæður, bæði fagaðilum og öðrum. Á tilkynningarskyldan því einnig við um ofbeldi milli foreldra sem og annað ofbeldi gegn börnum og/eða vanrækslu.

2.4 Kenningar

Kenningar um ofbeldi karla gegn konum, í nánum samböndum, hafa beinst að ýmsum þáttum. Meðal annars hafa verið settar fram hugmyndir um að áfengisneysla geti valdið ofbeldi (Newman og Grauerholz, 2002), eða að menn sem beiti slíku ofbeldi séu líffræðilega frábrugðnir öðrum körlum (Turner, 1994). Hér er fjallað um nokkrar kenningar sem settar hafa verið fram á undanförunum áratugum og falla að rannsókninni; a) félagsmótunarkenningar, b) sálgreiningu, c) tengslamyndunarkenningar, d) feminískar kenningar, e) fjölþáttalíkan Duttons og f) kenningu Johnsons um þrjár tegundir ofbeldis.

2.4.1 Félagsmótunarkenningar (e. social learning)

Félagsmótunarkenningar gera ráð fyrir að hegðun fólks sé lærð og að börn byrji að herma eftir fyrirmyndum sínum mjög snemma á lífsleiðinni. Börn fylgjast með (e. observe) foreldrum sínum og öðrum í kringum sig, sjá hvernig þeir bera sig að og læra með þeim hætti hvernig þau eiga og eiga ekki að hegða sér og með tímanum læra þau að herma eftir (e. modeling) því sem þau sjá (Gleitman, Fridlund og Reisberg, 1999). Þessar kenningar hafa m.a. verið notaðar til að útskýra ofbeldi í parsamböndum og þannig gert ráð fyrir að börn sem alast upp við ofbeldi, læri að beita slíku ofbeldi sjálf (Browne og Herbert, 1997). Þá hafa félagsmótunarkenningar lagt áherslu á að ofbeldismenn séu líklegir til að hafa verið beittir ofbeldi sjálfir í æsku, þeir hafi orðið vitni að ofbeldi milli foreldra og/eða alist upp á heimilum þar sem uppeldisaðferðir hafa einkennst af hörku. Samkvæmt þessum kenningum hafa afleiðingar hegðunarinnar einnig áhrif. Þegar strákar horfa á feður sína beita ofbeldi sem úrlausnaraðferð í átökum og það skilar þeim árangri (sem felst þá í því að viðhalda valdi sínu í sambandinu), þá læra þeir um leið að ofbeldi sé ásættanleg leið til þess að leysa ágreining (Hoffmann, Ireland og Widom, 1994). Þeir strákar sem alast upp við ofbeldi læra þannig að bregðast við ágreiningi með því að beita ofbeldi og nota þá aðferð áfram á fullorðinsárum til að ná og viðhalda stjórn í samböndum sínum (Carden, 1994; Miedzian, 1995).

Einnig fjalla félagsmótunarkenningar um að sú menning sem er ríkjandi, bæði í nærsamfélaginu og þjóðfélaginu í heild, hafi áhrif á hegðun. Þannig hefur vinahópurinn, sjónvarp og kvikmyndir áhrif á það hvort karlar beiti ofbeldi í parsamböndum og ekki síst sú menning sem þeir hafa alist upp við. Jafnvel hefur verið bent á að í menningu okkar sé strákum umbunað fyrir að sýna vald og hörku (Hoffmann, Ireland og Widom, 1994) og

lögð á það áhersla í félagsmótun þeirra almennt að þeir eigi að vera harðir í horn að taka og sýna yfirráð. Það sé jafnvel hluti af karlmennsku þeirra að geta sýnt vald sitt. Fyrirmyndir stráka í fjölmiðlum og bíómyndum eru oft „harðir karlar“ sem beita ofbeldi til að ná fram því sem þeir ætla, til dæmis í ofbeldisfullum hasarmyndum, tónlistarmyndböndum og lagatextum. Þá eru konur jafnan sýndar sem undirgefnar og háðar körlum í þessu samhengi og samanlagt gefur þetta strákum ákveðnar hugmyndir um samskipti kynjanna. Jafnvel leikföng fyrir stráka ýta undir ofbeldismenninguna þar sem mikið er um byssur og vopn í leikfangaverslunum í sumum löndum (Miedzian, 1995).

Félagsmótunarkenningar taka þannig bæði til nánasta umhverfis, eins og heimilisins, og samfélagsins í heild.

2.4.2 Sálgreining (e. psychoanalysis)

Samkvæmt sálgreiningarkenningum Freuds (e. classical psychoanalytic theory) má rekja vanda fólks á fullorðinsárum til erfiðleika sem það upplifði í æsku, því að það sem fólk upplifði þá hafi haft varanleg áhrif á viðkomandi (Gleitman, o.fl., 1999). Þá taldi Freud að fólk væri drifið áfram af tveimur frumhvötum, kynhvöt og árásargirni, og að öll hegðun þeirra miðaði að því að uppfylla þessar þarfir (Goldstein, 2001).

Í þessum kenningum er gert ráð fyrir skýrum hlutverkum kynjanna sem einkennast af feðraveldishugmyndum þar sem karlinn er ráðandi og konan er undirgefin og að allar ögranir við þessi hlutverk brengli heilbrigt samband innan hjónabandsins. Það sem helst getur ruglað kynhlutverkin, eru persónuleikatrúflanir og röskun á viðeigandi aðstæðum í æsku og er í þessu samhengi sérstaklega talað um trúflanir í uppeldi drengja en þar skiptir hlutverk móðurinnar höfuðmáli. Þannig er það að stórum hluta á ábyrgð mæðra hvort börn þeirra beita ofbeldi sem fullorðnir einstaklingar, þar með talið hvort menn beita ofbeldi gagnvart eiginkonum sínum. Menn sem ólust upp hjá köldum og stjórnsömum mæðrum hafa þannig beitt ofbeldi gegn eiginkonum sínum vegna þess að þeir yfirfæra neikvæðar tilfinningar sínar til mæðra sinna á eiginkonurnar (Dobash og Dobash, 1979).

Þá hefur hlutverk og ábyrgð eiginkvennanna einnig verið skilgreint og samkvæmt þessum kenningum er ofbeldi gegn konum, hvort sem um er að ræða nauðgun, kynferðisofbeldi gegn stúlkum eða ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum, þeim sjálfum að kenna. Þær hafa sjálfar kynferðislegar þrár sem þær fá útrás fyrir þegar verið er að beita þær ofbeldi og eru þar með „masókistar“ sem sækjast eftir ofbeldi með

hegðun sinni og væntingum, til dæmis beita feður dætur sínar kynferðisofbeldi vegna þess að þær eru tælandi og eiginmenn beita ofbeldi gegn eiginkonum sem eru sífelld nöldrandi (Dobash og Dobash, 1992). Eiginkonurnar hafa verið skilgreindar sem stjórnsamar og árásargjarnar en að þær hafi um leið þörf fyrir að láta stjórna sér og að ofbeldið sé því eðlileg leið karlanna til að viðhalda réttu valdahlutfalli kynjanna innan hjónabandsins (Dobash og Dobash, 1979). Að mati Dobash og Dobash hefur því ábyrgð á ofbeldinu verið sett á konurnar í lífi þeirra karla sem beita því og vandinn rakinn til ófullnægjandi uppeldis og óuppfylltra frumþarfa úr æsku (Dobash og Dobash, 1979, 1992).

2.4.3 Tengslamyndunarkenningar (e. attachment theory)

Líkt og í sálgreiningu, er í tengslamyndunarkenningum lögð áhersla á fyrstu ár ævinnar og það sem börn upplifa á þeim tíma. Samkvæmt kenningum sem Bowlby setti fram, eru tengsl móður (eða annars aðila sem fyrst og fremst annast barnið) og barns grundvöllur fyrir heilbrigðum þroska barnsins og hæfni þess til tengslamyndunar á fullorðinsárum (Goldstein, 2001; Dutton og White, 2012). Það hefur í för með sér að ef rof verður á þeim tengslum, hvort sem er vegna fjarveru móður og/eða annarra truflana á sambandinu, mun það hafa afleiðingar á tengslamyndun einstaklingsins til frambúðar. Þau tengsl sem barnið myndar við móður sína í bernsku skipta því höfuðmáli fyrir hæfni einstaklingsins til tengslamyndunar á fullorðinsárum þar sem barnið yfirfærir sambandið við móður sína yfir á aðra aðila í framtíðinni (Goldstein, 2001).

Þessar kenningar hafa einnig verið notaðar til að útskýra ofbeldi karla gegn konum sínum þannig að þegar samband karlsins við móður í frumbersku hafi verið byggt á ótraustum grunni, til að mynda vegna fjarveru móður, óáreiðanleika hennar eða annarra vankanta á sambandi þeirra, sé meiri hætta á að hann beiti ofbeldi í sambandi sínu við maka sinn síðar á ævinni (Carden, 1994). Ofbeldið er þá örvæntingarfull tilraun til að koma í veg fyrir að sambandið við maka rofni, sem er það sem ofbeldismaðurinn óttast mest af öllu. Hann þráir að eiga tengsl við maka sinn en hefur ekki þá færni sem til þarf til að eiga gott samband við hann og óttast sífelld að vera yfirgefin. Hann bregst við óttanum með reiði og ofbeldi sem hann beitir gegn maka sínum (Dutton, 1995).

2.4.4 Feminískar kenningar

Feminískar kenningar um ofbeldi í parsamböndum hafa leitað skýringa á ofbeldinu í sjálfri samfélagsgerðinni sem, samkvæmt kenningunum, er til þess fallin að samþykkja og jafnvel hvetja til ofbeldis gegn konum, bæði innan fjölskyldunnar og utan hennar. Ofbeldi karla gegn konum hefur þannig verið rakið til þess að karlar hafi meiri völd en konur, bæði inni á heimilinu og í samfélaginu í heild (Dobash og Dobash, 1979). Dobash og Dobash (1979) settu fram þá kenningu að ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum hafi viðgengist vegna hugmynda um að karlar hafi rétt á því að stjórna konum og að slík viðhorf hafi verið ráðandi frá örófi alda. Þau telja því mikilvægt að ofbeldi í parsamböndum sé skoðað í sögulegu samhengi og það viðurkennt að feðraveldið sem ríkt hefur í mannlegu samfélagi sé stór áhrifapáttur í þessu samhengi.

Í feminískum kenningum er ekki gert ráð fyrir að konan beri neina ábyrgð á ofbeldinu heldur sé ábyrgðin eingöngu karlsins sem tekur ákvörðun um að beita slíku ofbeldi. Hann „leyfir“ sér að beita slíku ofbeldi af því að samfélagið hefur samþykkt að ofbeldi sé viðurkennd leið til að stjórna konum, að hann hafi rétt á því að stjórna eiginkonu sinni og að hann muni komast upp með að beita slíku ofbeldi án afleiðinga. Þá hafa feministar einnig bent á að fjölmiðlar sýni undirgefni kvenna og árásargirni karla sem eftirsóknarverða hegðun (Carden, 1994).

Mikilvægt er að taka fram að feminískar kenningar um ofbeldi karla gegn konum eru mismunandi og áherslur þeirra geta verið breytilegar (Johnson, 2011). Fjögur meginatriði eru þó sameiginleg með þeim öllum; a) valdamunur kynjanna, að karlar hafi vald yfir konum og betri aðgang að valdi almennt, b) áhersla á hlutverk og stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu, það er að segja að fjölskyldan mótar fjölskyldumeðlimina og að fjölskylduform nútímans (kjarnafjölskyldan) geri það að verkum að ofbeldi á heimilum eigi sér frekar stað en áður, þegar fleiri ættliðir og/eða hjón bjuggu saman í húsnaði og ofbeldi gegn konum sé því ekki einkamál heldur samfélagslegur vandi, c) að samfélagið sé skilgreint út frá körlum, sem geri það að verkum að reynsla og viðhorf kvenna lúti í lægra haldi fyrir reynslu og viðhorfum karla og því þurfi að endurskilgreina ofbeldið út frá konum og reynslu þeirra og d) áhersla á að rannsóknir eigi ekki eingöngu að beinast að því að setja kenningar um konur inn í þær kenningar sem til eru, heldur eigi að setja fram nýjar kenningar sem endurspegli viðhorf kvenna (Bograd, 1988).

2.4.5 Fjölpáttalíkan Duttons (e. ecologically nested theory)

Árið 1985 setti Dutton fram líkan sem sameinar margar skýringar á ofbeldi karla í parsamböndum. Samkvæmt líkaninu eru skýringarnar á slíku ofbeldi fólgnar í fjórum meginflokkum sem allir hafa áhrif hver á annan. Því er mikilvægt að skoða heildarsamhengi þessara flokka þegar verið er að skoða ofbeldi í parsamböndum. Því fleiri áhættuþættir sem eru til staðar þeim mun meiri líkur eru á að ofbeldi sé beitt (Dutton, 1985; Carden, 1994). Líkanið tengir í raun saman fleiri kenningar sem settar hafa verið fram um samskipti kynjanna, eðli mannlegrar hegðunar og kenningar sem eiga að skýra ofbeldi í parsamböndum en hafa ekki áður verið settar í samhengi hver við aðra og byggir líkanið á líkönum Bronfenbrenner's og Belsky's (Dutton, 1985).

Í fyrsta lagi eru það persónulegir þættir eða einkenni (a. ontogenic core) ofbeldismanna, túlkun þeirra á atburðum í umhverfinu og eigin tilfinningum í kjölfar atburðanna. Tilfinningar eins og þunglyndi, reiði, afneitun og skömm. Viðbrögð þeirra ráðast af því hvernig þeir upplifa og túlka atburðina og tilfinningarnar. Í öðru lagi eru það þættir í allra nánasta umhverfi (e. micro-systemic) bæði frá æskuheimili og á fullorðinsárum. Þættir úr uppeldinu eru til dæmis að hafa verið beittur ofbeldi og/eða verið vanræktur sem barn og/eða að hafa orðið vitni að ofbeldi milli foreldra í æsku. Þættir á fullorðinsárum eru þá til dæmis samskipti við maka og aðra fjölskyldumeðlimi. Í þriðja lagi eru það þættir úr nærsamfélaginu (e. exo-systemic) eins og trú, viðhorf annarra í samfélaginu til kynjahlutverka og ofbeldis, félagsleg samskipti utan heimilisins og staða á vinnumarkaði. Í fjórða lagi eru svo þættir sem snerta samfélagið í heild sinni (e. macro-systemic). Þeir þættir eru til dæmis viðhorf til ofbeldis í samfélaginu, hvernig það birtist í fjölmiðlum, hvernig staða kynjanna er í samfélaginu, efnahagur, kynþáttur og fleira sem birtir formleg og óformleg viðmið samfélagsins (Dutton, 1985; Carden, 1994).

Líkanið gerir þannig til dæmis ráð fyrir að maður sem sjálfur hefur orðið vitni að ofbeldi milli foreldra sinna á æskuheimili, býr í samfélagi þar sem ofbeldi er viðurkennt form til að leysa ágreining, þar sem vald karla yfir konum er viðurkennt og er sjálfur atvinnulaus sé líklegri til að beita konu sína ofbeldi heldur en maður sem hefur orðið vitni að ofbeldi milli foreldra og er atvinnulaus en býr í samfélagi þar sem ríkir jafnrétti milli kynjanna og ofbeldi almennt er ekki viðurkennt.

2.4.6 Kenning Johnson um þrenns konar ofbeldi í parsamböndum

Johnson hefur sett fram kenningu um að ofbeldi í parsamböndum skiptist í þrjár gerðir sem allar hafi sín sérkenni og telur hann mikilvægt að gera skýran greinamun á þeim. Þessa kenningu setti hann fyrst fram upp úr 1990 og hefur verið að þróa hana og gera rannsóknir henni tengdri síðan (Johnson, 1995, 2011). Sjálfur telur hann sig til feminista en kenning hans er frábrugðin klassískum, feminískum kenningum sem fjallað var um hér að framan að því leyti að hann telur ekki að allt ofbeldi í parsamböndum sé fyrst og fremst ofbeldi karla gegn konum eins og þar er gert ráð fyrir, heldur sé það mismunandi eftir gerð ofbeldisins (Johnson, 1995, 2005, 2006). Johnson (2011) skiptir ofbeldi í parsamböndum í; hryðjuverk í parsamböndum (e. intimate terrorism), ofbeldi sem uppreisn (e. violence resistance) og aðstæðubundið ofbeldi milli maka (e. situational couple violence). Johnson (2006) nefnir reyndar fjórðu tegundina, gagnkvæma ofbeldisfulla stjórnun (e. mutual violent control) en hér er ekki fjallað nema stuttlega um þá tegund þar sem hún virðist ekki almennt vera talin upp í útskýringum hans á ofbeldi í parsamböndum. Í stuttu máli er sú tegund ofbeldis þannig að báðir aðilar beita grófu ofbeldi og vilja ná yfirráðum yfir hinum aðilanum í sambandinu. Johnson (1995) leggur ríka áherslu á að til þess að geta unnið gegn ofbeldi í parsamböndum þurfi að gera greinamun á því um hvers konar ofbeldi sé að ræða, því bæði ástæður ofbeldisins og meðferð gerendans sé mismunandi eftir því hvers eðlis ofbeldið er.

Þegar talað er um ofbeldi í parsamböndum í daglegu tali eða heimilisofbeldi er í flestum tilfellum átt við það sem Johnson hefur kallað hryðjuverk í parsamböndum (e. intimate terrorism). Það er það ofbeldi sem oftast kemur til kasta yfirvalda og kvennaathvarfa og er lýsandi fyrir það ofbeldi sem kvennahreyfingar um allan heim hafa barist gegn á undanförunum áratugum (Johnson, 2011). Karlar beita þessari tegund ofbeldis mun oft en konur (Johnson, 2011) og í upphafi talaði Johnson (1995) um feðraveldishryðjuverk (e. patriarchal terrorism) en breytti síðar hugtakinu í hryðjuverk í parsamböndum (e. intimate terrorism). Í því felst bæði gróft líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi sem verður bæði alvarlegra og algengara með tímanum. Þá er það einnig einkennandi að ofbeldismaðurinn beitir ýmsum leiðum til að hafa yfirráð yfir þólanda sínum, til dæmis með einangrun, hótunum og andlegu ofbeldi, og nær þannig algjörri stjórn í sambandinu, líka þegar ekki er verið að beita líkamlegu ofbeldi sem slíku (Johnson, 1995, 2006, 2011). Þessi tegund ofbeldis er alls ekki sú algengasta en sennilega sú

alvarlegasta þar sem afleiðingar þess eru oft alvarlegar og geta jafnvel endað með dauða þolanda (og jafnvel geranda). Þegar skoðaðar eru skilgreiningar kvennaathvarfa víðs vegar um heim er þessi skilgreining á ofbeldi í parsamböndum mjög algeng (Johnson, 2011) og má til að mynda sjá í ársskýrslu Kvennaathvarfsins (Samtök um Kvennaathvarf, 2012) að undir ofbeldi í nánum samböndum „...*fellur líkamlegt, sálrænt og kynferðislegt ofbeldi auk ýmis konar hegðunar sem felur í sér stjórnun og þvinganir.*“ (bls 5).

Þegar ofbeldi sem uppreisn (e. violence resistance) er beitt, er það yfirleitt í vörn gegn hryðjuverkum í parsambandi (e. intimate violence) og eru það í flestum tilfellum konur sem beita slíku ofbeldi (Johnson, 1995, 2011). Jafnvel þó um sé að ræða vörn gegn ofbeldi talar Johnson (2005) um að ekki sé endilega alltaf um að ræða „sjálfsvörn“ samkvæmt lagalegum skilningi og því mikilvægt að gera greinarmun þar á. Stundum er ofbeldi sem uppreisn (e. violence resistance) beitt strax við fyrstu árás en stundum getur liðið langur tími og margar árásir átt sér stað áður en þolandi bregst við með þessum hætti. Þar sem yfirleitt er um að ræða ofbeldi kvenna gegn körlum er oftast munur á líkamlegum styrk og konur hætta oft að beita þessu úrræði þar sem það getur jafnvel gert illt verra og ofbeldi af hálfu maka þeirra aukist í kjölfarið. Hins vegar getur þetta stundum endað með því að konur drepa mennina sína (Johnson, 2011). Margar bækur og kvikmyndir hafa verið gefnar út um ofbeldi í parsamböndum og ein sú frægasta, „Rúmið brennur“ (Avnet og Greenwald, 1984), er mjög lýsandi dæmi um hryðjuverk í parsambandi (e. intimate terrorism) sem endar með því að ofbeldi sem uppreisn (e. violence resistance) er beitt.

Algengasta form ofbeldis í parsamböndum er hins vegar aðstæðubundið ofbeldi milli maka (e. situational couple violence) og því er beitt jafnt af konum sem körlum og í fæstum tilfellum eykst það eða verður grófara með tímanum (Johnson, 1995, 2011). Í um 40% tilvika er um að ræða aðeins eitt afmarkað og/eða minna alvarlegt atvik en það getur þó verið mjög alvarlegt og/eða endurtekin atvik. Í þessari tegund er ekki að sjá tilhneigingu annars aðilans til að ná fullkominni stjórn yfir hinum og því ekki um að ræða viðvarandi ferli þar sem öllum ráðum er beitt til að hafa yfirhöndina í sambandinu. Þetta er ofbeldi sem er beitt þegar árekstrar í sambandinu verða að rifrildi og árásargirni (e. aggression) sem síðan leiðir til líkamlegs ofbeldis, annað hvort af hálfu annars aðilans eða beggja. Ástæður ofbeldisins eru því mismunandi, bæði hjá hverju pari fyrir sig og milli para og því erfitt að skilgreina eina altæka skýringu á ofbeldinu (Johnson, 2011).

Það er ljóst að samkvæmt Johnson (2006) er ekki hægt að tala bara um ofbeldi í parsamböndum, heldur er mikilvægt að skilgreina nánar um hvers konar ofbeldi sé að ræða. Hann telur þetta mikilvægt í ljósi þess hvernig rannsaka eigi ofbeldið, hverjar skýringar þess séu og til þess að viðeigandi meðferð eða íhlutun geti átt sér stað. Þær rannsóknir sem hingað til hafa verið gerðar á ofbeldi í parsamböndum hafa ýmist verið framkvæmdar með notkun spurningalista eða með því að nota úrtök frá opinberum aðilum, eins og kvennaathvörfum eða meðferðarstofnunum fyrir ofbeldismenn og með því að nota fyrirliggjandi upplýsingar frá til dæmis lögreglu og sjúkrahúsum. Johnson (2011) telur að engin af þessum aðferðum geti gefið nægilega skýra mynd af ofbeldi í parsamböndum þar sem þær mæli mismunandi tegundir þess. Spurningalistar hafa fyrst og fremst mælt aðstæðubundið ofbeldi milli maka (e. situational couple violence) en úrtök og fyrirliggjandi upplýsingar frá athvörfum, lögreglu og öðrum úrræðum þar sem konur leita aðstoðar, mæla einkum hryðjuverk í parsamböndum (e. intimate terrorism) og ofbeldi sem vörn (e. violence resistance). Skýringuna telur hann vera að þeir sem búi við alvarlegasta ofbeldið svari síður spurningalistum en að þeir þolendur leiti hins vegar frekar til athvarfa og yfirvalda og mælist því þar. Svarhlutfall við spurningalistum hafa rennt stóðum undir þessar skýringar Johnsons (Johnson, 2011).

2.5 Fyrri rannsóknir á efni

Í yfirferð erlendra rannsókna á ofbeldi í parsamböndum, í þessum kafla, er fyrst og fremst fjallað um rannsóknir á orsökum þess og skýringum. Er það gert þar sem að í rannsókninni, sem hér er framkvæmd, er ætlunin að svara spurningum um ofbeldismenn, bakgrunn þeirra og sameiginlega þætti og þá um leið mögulegar skýringar á ofbeldi þeirra. Rannsóknir um aðra þætti ofbeldis í parsamböndum eru ekki skoðaðar, nema þegar fjallað er um íslenskar rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Margar erlendar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á síðustu áratugum á ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum. Íslenskum rannsóknum hefur fjölgað örlítið á síðustu árum og hafa nokkrar verið framkvæmdar í tengslum við aðgerðaráætlun stjórnvalda. Í erlendum rannsóknum hafa til að mynda verið kannaðir þættir eins og áfengisneysla, uppeldisfræðilegar skýringar, ýmsar líffræðilegar skýringar, sálrænir erfiðleikar og samfélagslegar skýringar. Íslenskar rannsóknir hafa fyrst og fremst fjallað um umfang, eðli og orsakir slíks ofbeldis og viðbrögð samfélagsins við því.

2.5.1 Ýmsir sálrænir þættir

Margar rannsóknir hafa gefið til kynna að karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum eigi frekar við ýmis konar sálræna erfiðleika að stríða en karlar sem ekki beita slíku ofbeldi. Þá hafa sumar rannsóknir gefið vísbendingar um að ofbeldi geti að hluta til verið tengt áfengisneyslu. Rannsókn Rosenbaum og O'Leary sem var gerð árið 1981 sýndi að konur sem bjuggu við ofbeldi í nánnum samböndum og voru í einstaklingsmeðferð, tilkynntu meiri áfengisvanda meðal maka sinna heldur en konur sem bjuggu við slíkt ofbeldi og voru í hópmeðferð, konur sem voru í ofbeldislausu en óhamingjusömu hjónabandi og konur sem voru í hamingjusömu hjónabandi. Fleiri rannsóknir hafa gefið vísbendingar um að karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum séu líklegri til að eiga við áfengisvanda að stríða (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Þó eru einnig til rannsóknir sem ekki hafa sýnt fram á þessi tengsl. Þannig hefur verið bent á að stærstur hluti þeirra manna sem stríða við alvarlegan áfengisvanda beiti konur sínar ekki líkamlegu ofbeldi (Newman og Grauerholz, 2002). Jafnvel þó rannsóknir hafi sýnt að áfengi og ofbeldi tengist með einhverjum hætti, eru ekki allir á einu máli um hvernig þau tengsl séu. Bent hefur verið á að viðurkenning á ofbeldishegðun undir áhrifum áfengis sé lærd í samfélaginu og að þegar fólk er undir slíkum áhrifum slævist dómgreind manna til að meta aðstæður og hegðun, bæði sína og annarra. Niðurstöður sumra rannsókna hafa gefið til kynna að þeir sem beiti ofbeldi undir áhrifum áfengis telji sig frekar „komast upp með“ að beita því drukknir en þegar þeir eru ódrukknir (Jewkes, 2002).

Rannsóknir hafa ítekað sýnt að karlar sem beita ofbeldi í nánnum samböndum séu líklegri til að hafa þunglyndiseinkenni en karlar sem ekki beita slíku ofbeldi. Hastings og Hamberger komust að því árið 1988 að karlar sem beittu ofbeldi sýndu fleiri einkenni lyndisraskanna, til dæmis kvíða og þunglyndis heldur en karlar sem ekki beittu ofbeldi, óháð áfengisneyslu. Þunglyndi hefur bæði verið mælt hærra hjá körlum sem beita konur sínar ofbeldi og meðal karla sem beita ofbeldi almennt heldur en meðal karla sem ekki beita ofbeldi. Einhverjar rannsóknir hafa gefið til kynna að karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum hafi lægra sjálfsmat en karlar sem gera það ekki en tengslin hafa þó ekki verið mikil (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

Rannsakað hefur verið hvort karlar sem beita konur sínar ofbeldi sýni merki um meiri reiði og fjandskap heldur en karlar almennt og hafa niðurstöður gefið vísbendingar um að

svo geti verið. Þó er misjafnt hve sterkur þáttur reiðin er og hve lengi hann hefur áhrif á ofbeldið. Rannsókn sem Murphy, Meyer og O'Leary framkvæmdu árið 1993, sýndi að karlar sem beittu ofbeldi í parsambandi sýndu meiri árásargirni og andfélagslega hegðun en þeir sem ekki beittu slíku ofbeldi (sjá í Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Rannsóknir hafa einnig gefið til kynna að einkenni um persónuleikaraskanir hjá ungum körlum (og konum) auki líkur á ofbeldi í parsambandi síðar á ævinni (Ehrensaft, 2008). Í langtímarannsókn sem O'Leary, Malone og Tyree gerðu árið 1994 kom fram að ósjálfstæði og árásargirni karla, sem mælt var fyrir hjónaband, juku líkur á andlegu ofbeldi eftir 18 mánuði í hjónabandi, sem aftur jók líkur á líkamlegu ofbeldi eftir tvö og hálf ár í hjónabandi. Rannsókn McKenry, Julian og Gavassi sýndi að fjandskapur eiginmanns var stór áhættuþáttur varðandi ofbeldi hans gegn eiginkonu. Svipaðar niðurstöður höfðu Leonard og Blane fengið árið 1992 (sjá í Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

Þá hafa rannsóknir verið gerðar á því hvort tengsl geti verið milli streitu og þess að beita ofbeldi í parsambandi. Niðurstöður slíkra rannsókna hafa verið mismunandi, þó flestar gefi reyndar vísbendingar um að streita, sem slík, valdi ekki ofbeldi. Tengslin koma frekar fram með þeim hætti að aðrir áhættuþættir, eins og að hafa upplifað ofbeldi sem barn, hafi áhrif á bæði streitustig og ofbeldi. Þannig hafa komið fram vísbendingar um að karlar sem upplifa mikla streitu vegna annarra áhættuþátta, séu líklegri til að beita ofbeldi í parsamböndum heldur en karlar sem ekki upplifa slíka streitu eða þar sem aðrir áhættuþættir eru ekki til staðar (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

2.5.2 Ofbeldispersónuleiki

Dutton (1995) setti fram hugmyndir um að til sé ákveðin ofbeldispersónuleiki, sem einkenni karla sem beita konur sínar ofbeldi. Hugmyndir sínar byggði hann á skilgreiningum á jaðarpersónuleikaröskunum (e. Borderline Personality Organization) sem einkum lýsa sér í óstöðugum tengslum við annað fólk, hvatvísi og reiði. Samkvæmt þessum hugmyndum beita karlar ofbeldi vegna þess að þeir eru bæði of reiðir og kröfuharðir til þess að geta verið í uppbyggilegum samskiptum og grípa til ofbeldisins þegar konur þeirra standast ekki væntingar þeirra um að bæta sjálfsmat þeirra (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Dutton (1995) hefur gert ýmsar rannsóknir til að kanna þessi tengsl og hafa þær flestar verið framkvæmdar þannig að karlarnir hafa sjálfir fyllt út spurningalista sem meta slík einkenni. Í rannsókn Duttons árið 1994 meðal 80 manna

sem beittu konur sínar ofbeldi, kom fram að þeir sýndu sömu einkenni og þeir sem höfðu verið greindir með jaðarpersónuleikaröskun (sjá í Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Þá sýndi rannsókn Duttons og Starzomski frá árinu 1993 að tengsl voru milli þess að karlar sýndu einkenni um jaðarpersónuleikaröskun og að konur þeirra gæfu upplýsingar um ofbeldi af þeirra hálfu. Þá hafa sumar rannsóknir einnig bent til þess að einkenni um jaðarpersónuleikaröskun megi að hluta til rekja til reynslu í bernsku, til dæmis röskunar á tengslum við foreldra og ofbeldi í fjölskyldum. Því geti tengslamyndunarkenningar að einhverju leyti skýrt bæði slík einkenni og ofbeldi í nánnum samböndum (Dutton, 1995). Farið er nánar í rannsóknir tengdar tengslamyndunarkenningum síðar í þessum kafla.

2.5.3 Uppeldisskilyrði ofbeldismanna (félagsmótun)

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á því erlendis hvort rekja megi ofbeldi karla gegn konum, í nánnum samböndum, til uppeldis þeirra og aðstæðna í æsku og þá sérstaklega til ofbeldis á heimili, bæði gegn þeim sjálfum sem og ofbeldi milli foreldra (oft föður gegn móður). Slíkar rannsóknir hafa þá fyrst og fremst verið tengdar við kenningar um félagsmótun og hvaða áhrif umhverfið hefur á þroska barna. Þessar rannsóknir eru stundum byggðar á svörum kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi en þó oftast á svörum karla sem beita því (yfirleitt í fangelsum eða meðferðarúrræðum). Flestar þessar rannsóknir benda til þess að það að verða vitni að ofbeldi milli foreldra eða að hafa verið beittur ofbeldi sem barn sé nokkuð stór áhættuþáttur fyrir að beita ofbeldi í parsambandi síðar á ævinni. Þannig sýndi rannsókn Ceasar, árið 1988, að 62% þeirra sem beittu ofbeldi höfðu upplifað einhvers konar ofbeldi sem börn í samanburði við 28% karla sem ekki beittu ofbeldi. Þá komust Dutton og Hart að þeirri niðurstöðu, í rannsókn meðal fanga, að karlar sem beittu ofbeldi í fjölskyldu sinni voru líklegri en bæði þeir sem beittu ókunnuga ofbeldi og þeir sem ekki beittu ofbeldi, til þess að hafa verið beittir líkamlegu ofbeldi sem börn og að hafa orðið vitni að ofbeldi í fjölskyldu sinni (sjá í Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

Rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið með úrtökum úr samfélaginu (þ.e. ekki með beinni þátttöku ofbeldismanna og samanburðarhópa) hafa einnig gefið vísbendingar um að það að hafa orðið vitni að og/eða að hafa verið beittur ofbeldi í æsku, hafi áhrif á það hvort ofbeldi sé beitt í parsambandi síðar á ævinni. Rannsókn Dumas, Margolin og John, sem var gerð árið 1994, sýndi að það að hafa orðið vitni að ofbeldi milli foreldra í æsku

jók líkur á því að beita ofbeldi í parsambandi á fullorðinsárum (sjá í Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Fleiri rannsóknir hafa gefið vísbendingar um að það að verða vitni að ofbeldi milli foreldra auki líkur á því að beita ofbeldi í parsamböndum á fullorðinsárum en niðurstöður eru þó misjafnar, eftir því hvort notuð eru úrtök meðal ofbeldismanna eða úr samfélaginu (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997; Miller-Perrin og Perrin, 1999).

Rannsókn Kalmuss árið 1984 sýndi að börn sem alin voru upp við ofbeldi milli foreldra og/eða höfðu verið beitt ofbeldi sjálf sem börn voru líklegri til að beita alvarlegu ofbeldi í parsambandi á fullorðinsárum en þau sem ekki ólust upp við slíkar aðstæður. Líkurnar á því að barn, sem ólst hvorki upp við ofbeldi milli foreldra né hafði sjálft verið beitt ofbeldi af foreldrum, beitti sjálft ofbeldi í nánú sambandi á fullorðinsárum voru 1% en ef barn hafði alist upp við hvoru tveggja voru líkurnar orðnar 12% (sjá í Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Rannsókn Straus, Gelles og Steinmetz sýndi hins vegar að karlar sem höfðu orðið vitni að líkamlegu ofbeldi milli foreldra, voru þrisvar sinnum líklegri til að hafa beitt slíku ofbeldi gegn maka sínum á síðastliðnu ári en karlar sem ekki höfðu orðið vitni að slíku ofbeldi milli foreldra (sjá í Dutton, 1995). Þá hafa rannsóknir bent til þess að það að verða vitni að slíku ofbeldi auki líkurnar á að beita ofbeldi í parsamböndum meira heldur en ef barn hefur sjálft verið beitt líkamlegu ofbeldi á unglingsárum (Hoffmann, o.fl., 1994).

Rannsóknir sýna ekki allar sömu niðurstöður en þó er ljóst að þegar barn er alið upp við líkamlegt ofbeldi, hvort sem það beinist gegn því sjálfu eða er á milli foreldra þess, er það líklegra til að beita ofbeldi í parsambandi á fullorðinsárum (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Slíkar niðurstöður renna stoðum undir kenningar um félagsmótun, það er að segja að börn læra það sem fyrir þeim er haft.

Þá hafa rannsóknir einnig gefið vísbendingar um að börn sem alist upp við ofbeldi milli foreldra, séu í meiri hættu á að vera beitt ofbeldi sjálf og að vera vanrækt (Miller-Perrin og Perrin, 1999; Stover, 2005). Sumar rannsóknir hafa gefið til kynna að jafnvel í 30-60% tilfella þar sem ofbeldi er milli foreldra, sé einnig ofbeldi og/eða vanræksla á börnum, í samanburði við 2-4% almennt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Það er þó alls ekki þannig að allir sem alast upp við ofbeldi af einhverju tagi, beiti sjálfir ofbeldi á fullorðinsárum. Í raun eru talsvert fleiri með slíka reynslu, sem ekki beita ofbeldi heldur en þeir sem beita ofbeldi (Miller-Perrin og Perrin, 1999). Hins vegar er hér um áhættuþátt að ræða sem mikilvægt er að hafa í huga (Wareham, o.fl., 2009).

Þá hefur einnig verið rannsakað hvort viðhorf karla til ofbeldis hafi áhrif á það hvort þeir beiti ofbeldi í parsamböndum. Niðurstöður hafa gefið vísbendingar um að svo geti verið. Þeir sem hafa jákvætt viðhorf til ofbeldis, telja það réttlætanlegt og jafnvel stundum nauðsynlegt, eru líklegri til að beita slíku ofbeldi en þeir sem hafa neikvætt viðhorf til ofbeldis. Þannig kom fram í rannsókn Dibble og Straus, árið 1980, að um 33% karla sem höfðu jákvætt viðhorf til ofbeldis höfðu beitt maka sinn ofbeldi en einungis 8% þeirra sem höfðu neikvætt viðhorf til ofbeldis höfðu gert slíkt hið sama. Rannsókn Stith meðal lögreglumanna sýndi að viðhorf þeirra til ofbeldis í parsamböndum hafði mikil áhrif á það hvort þeir beittu slíku ofbeldi (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Ekki er fjarri lagi að tengja þessar niðurstöður við félagsmótunarkenningar þar sem þær gera ráð fyrir að hegðun fullorðinna endurspegli það sem fólk hefur lært. Því má spyrja hvort karlar sem hafa jákvætt viðhorf til ofbeldis hafi jafnvel alist upp á heimilum þar sem ofbeldi hefur verið beitt og þar með lært að að ofbeldi sé viðurkennd hegðun (Miedzian, 1995; Gleitman, o.fl., 1999).

2.5.4 Tengslamyndun

Í rannsóknum hefur einnig verið skoðað hvaða áhrif tengslamyndun, bæði í æsku og á fullorðinsárum, hefur á líkur þess að ofbeldi sé beitt í parsamböndum. Einkenni jaðarpersónuleikaröskunar og röskunar í tengslum hefur meðal annars verið tengt við ýmsa erfiðleika í bernsku. Þessir þættir hafa verið taldir vera samverkandi og að þeir hafi allir áhrif á það hvort líklegt sé að ofbeldi sé beitt í parsambandi (Dutton, 1995; Dutton og White, 2012).

Einkenni tengslaraskana hjá körlum sem beitt hafa ofbeldi í parsamböndum, hafa meðal annars lýst sér þannig að þeir eru ósjálfstæðir, treysta á konur sínar til að líf þeirra öðlist tilgang og fyllingu og eru mjög hræddir við að konurnar yfirgefi þá. Þá gæti ofbeldi verið beitt til að koma í veg fyrir höfnunartilfinningu þeirra og til að bregðast við óttanum um að konurnar yfirgefi þá. Rannsókn Dutton, árið 1994, sýndi að karlar sem ekki beittu ofbeldi virtust hafa betri tengsl en þeir sem beittu ofbeldi (sjá í Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

Rannsókn Babcock, Jacobson, Gottman og Yerington sýndi að karlar sem beittu ekki ofbeldi í parsambandi voru líklegri til að vera í öruggum tengslum (e. secure attachment) við maka sinn en karlar sem beittu slíku ofbeldi, eða yfir 60% á móti rúmlega 26%.

Rannsókn Godbout, Dutton, Lussier og Sabourin á tengslum þess að hafa orðið vitni að ofbeldi milli foreldra í bernsku og að beita ofbeldi í parsambandi, sýndi að aðskilnaðarkvíði (e. attachment anxiety) hafði bæði bein og óbein áhrif á ofbeldi í parsamböndum. Til dæmis jók það líkur á ofbeldi ef þolendur sýndu kvíðin tengsl (e. anxious attachment) og átti það við hvort sem þolandi var karl eða kona. Einnig sýndu niðurstöður að konur sem sýndu kvíða í tengslum (e. attachment anxiety), vegna ofbeldis foreldra í æsku, voru líklegri til að beita ofbeldi í nánum samböndum og að forðun í tengslum (e. attachment avoidance) meðal karla, vegna ofbeldis foreldra í æsku, hafði sömu áhrif. Fleiri rannsóknir hafa einnig gefið vísbendingar um að óörugg tengsl hafi aukið líkur á ofbeldi í parsamböndum (Dutton og White, 2012).

2.5.5 Feminískar kenningar og valdabarátta

Rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort viðhorf karla til kvenna og kynjahlutverka hafi áhrif á það hvort þeir beiti maka sína ofbeldi. Slíkar rannsóknir gefa misvísandi niðurstöður þar sem sumar benda til þess að karlar sem beiti ofbeldi í parsambandi hafi íhaldsamari viðhorf til kynjahlutverka en aðrar benda ekki til þess að neinn munur sé á slíkum viðhorfum meðal karla sem beita ofbeldi og þeirra sem ekki gera það. Í rannsókn Stith, sem gerð var árið 1990, var til dæmis ekki hægt að sjá slíkan viðhorfsmun, eftir því hvort karlar beittu ofbeldi eða ekki. Niðurstöður Telch og Lindquist, árið 1984, gáfu hins vegar vísbendingar um að karlar sem beittu konur sínar ofbeldi hefðu íhaldsamara viðhorf til kynjanna en þeir sem ekki beittu slíku ofbeldi. Þá bentu niðurstöður Crossman og félaga, árið 1990, til þess að hugmyndir um jafnrétti hefðu ekki áhrif þegar um mildara ofbeldi var að ræða en hefðu hins vegar áhrif þegar alvarlegra ofbeldi væri beitt. Reyndar hafa sumir fræðimenn viljað halda því fram að viðhorf í samfélaginu til kynjanna og hlutverka þeirra séu svo rótgróin að ekki sé raunhæft að mæla þennan þátt (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

Þá hafa sumar rannsóknir bent til þess að karlar sem hafa þörf fyrir að hafa stjórnina í sambandinu og sem telja að karlar skuli hafa ákvörðunarvaldið í sambandinu séu líklegri til að beita ofbeldi í parsambandi. Þannig sýndi rannsókn Straus, sem gerð var árið 1990, að karlar sem töldu að eiginmenn ættu að hafa meira vald til að taka ákvarðanir voru mun líklegri til að beita konur sínar ofbeldi heldur en karlar sem höfðu ekki slík viðhorf (sjá í Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

Rannsóknir á tilfinningum karla um valdaleysi og lágt sjálfsmat hafa einnig stutt þær tilgátur að ofbeldi karla í parsamböndum tengist valdabaráttu, þörf þeirra til að hafa valdið í sambandinu og til að stjórna konum (Hamberger, Lohr, Bonge og Tolin, 1997; Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Þá hefur komið fram í rannsóknum að karlar sem upplifa að þeir hafi minna vald gagnvart konum sínum, til dæmis vegna minni menntunar og/eða tekna, séu líklegri til að beita þær ofbeldi en karlar sem ekki upplifi slíkt valdaleysi (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Slíkar rannsóknir renna stoðum undir feminískar kenningar um að ofbeldi þrífist vegna hugmynda um að karlinn eigi að hafa töglin og hagldirnar í sambandinu (Dobash og Dobash, 1979).

Í rannsókn Dobash og Dobash (1979) kom fram að í flestum tilfellum beittu karlar konur sínar ofbeldi vegna þess að þær stóðust ekki væntingar þeirra um að vera góðar eiginkonur eða vegna afbrýðisemi. Samskipti við vini og ættingja, fjármál og það að konurnar neituðu kynlífi voru önnur dæmi sem konur nefndu sem ástæðu ofbeldisins. Þetta bendir til þess að karlarnir hafi beitt ofbeldi þegar þeir höfðu ekki stjórn á konum sínum og/eða aðstæðum í hjónabandinu. Rannsókn Barnett, Keyson og Thelen sýndi að karlar sögðust beita ofbeldi til að halda stjórn og til að refsa maka sínum. Þá sýndi rannsókn Casardi og Vivian, sem gerð var árið 1995, að ástæða ofbeldis karla væri þörf fyrir að hafa stjórn á eiginkonum sínum (sjá í Hamberger, o.fl., 1997). Fenton og Rathus (2010) framkvæmdu rannsókn meðal karla í matsferli fyrir meðferð vegna heimilisofbeldis. Rúmlega helmingur var þar vegna dómsúrskurðar og tæplega helmingur af sjálfsdáðum. Niðurstöður byggja því á svörum karla sem sjálfir höfðu beitt maka sinn ofbeldi og benda þær til þess að karlar beiti ofbeldi til þess að ná stjórn í sambandinu og sérstaklega til þess að hafa stjórn á hegðun maka sinna. Þessar niðurstöður styðja femínískar kenningar.

Þó eru einnig til ýmsar rannsóknir sem ekki styðja hugmyndir feminista um að ofbeldi karla í parsamböndum sé fyrst og fremst beitt vegna þess að samfélagsgerðin (feðraveldið) og viðhorf til kynjanna réttlæti slíkt ofbeldi (Dutton, 1995).

2.5.6 Fleiri skýringar á ofbeldi karla í parsamböndum

Rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort höfuðáverkar geti leitt til meiri árásargirni og þar með aukið líkur á ofbeldi í parsambandi og afleiðingar slíkra áverka lýsi sér meðal annars í hegðun sem er svipuð hegðun ofbeldismanna. Í rannsókn Rosenbaum og félaga var

munur á tíðni höfuðáverka meðal karla sem beittu ofbeldi í parsambandi og þeirra sem ekki beittu slíku ofbeldi þar sem rúmlega helmingur þeirra sem beittu slíku ofbeldi hafði hlotið að minnsta kosti væga höfuðáverka. Í rannsókn Warnken og félaga virtist ekki vera munur á líkamlegu ofbeldi af hálfu karla sem höfðu hlotið höfuðáverka og þeirra sem höfðu hlotið annars konar áverka (e. orthopedically-injured) en hins vegar var munur varðandi andlegt ofbeldi. Þeir sem höfðu hlotið höfuðáverka beittu frekar andlegu ofbeldi en hinn hópurinn og virtust hafa minni stjórn á hegðun sinni almennt. Hins vegar þarf að hafa í huga að aðrar breytur, eins og menntun, atvinnustaða, neysla áfengis og samskiptaörðugleikar voru líka mismunandi milli hópanna og því erfitt að segja til um hvaða þættir höfðu mest áhrif. Rannsóknir gefa því alls ekki skýrar vísbendingar og jafn líklegt að þriðji þáttur komi við sögu í þeim tengslum sem virðast vera milli höfuðáverka og ofbeldis í parsamböndum (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997). Af öllum nýrri rannsóknum sem rannsakandi skoðaði, fjallaði engin þeirra um tengsl höfuðáverka og ofbeldis í parsamböndum.

Önnur skýring á ofbeldi karla í parsamböndum, sem hefur verið athuguð, er magn testósteróns þar sem það hefur verið talið auka árásargirni, stjórnsemi og andfélagslega hegðun. Rannsókn Booth og Dabbs sýndi að magn testósteróns meðal fyrrverandi hermanna hafði forspárgildi um hvort þeir tilkynntu að hafa lamið konuna sína eða hent einhverju í hana. Hærra magn testósteróns jók líkur á að þeir tilkynntu að hafa beitt slíku ofbeldi. Rannsóknir gefa ákveðnar vísbendingar um að einhver tengsl geti verið þarna á milli en frekari rannsókna á því er þó þörf (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

Þá hefur það verið kannað hvort tengsl geti verið milli þess að upplifa takmarkaða persónulega stjórn (e. personal control) og þess að beita ofbeldi í parsambandi. Hugtakið „persónuleg stjórn“ vísar til þess að viðkomandi hafi trú á því að væntingar hans og hegðun geti stjórnað umhverfi hans. Í rannsókn Umberson og félaga (1998) kom fram að tengsl virðast vera milli þess að beita ofbeldi í parsambandi og þess að upplifa takmarkaða persónulega stjórn. En hins vegar er ekki hægt að segja til um hvort er orsök og hvort afleiðing. Þannig getur það allt eins verið að upplifun á persónulegri stjórn minnki við það að beita ofbeldi en ekki öfugt.

Þá hafa komið fram nýjar hugmyndir um það hvers vegna ofbeldi er beitt í parsamböndum og byggja þær þá oft á fjölþættum skýringum. Þær skýringar fela þá til

dæmis í sér að fólk sem hefur verið beitt ofbeldi í æsku eða hefur á einhvern annan hátt alist upp við óviðunandi aðstæður, yfirfæri slíka upplifun á hegðun sína gagnvart öðru fólki. Þessi hegðun kemur þá fyrst fram gagnvart félögum á barns- og unglingsaldri og svo síðar í samskiptum við maka. Í þessu samhengi er einnig fjallað um að fólk sem lært hefur óskilvirkar leiðir í samskiptum laðist (óafvitandi) hvert að öðru og þannig nái saman einstaklingar sem báðir séu líklegri til að beita ofbeldi en aðrir (Ehrensaft, 2008). Þessi umræða samþættir í raun meðal annars félagsmótunar- og tengslamyndunarkenningar. Þá hafa sumir fræðimenn einnig viljað taka inn í umræðuna að auk þessara þátta þurfi einnig að taka tillit til persónulegra þátta og áhættuþátta úr umhverfinu (Flynn og Graham, 2010). Þessar nýju áherslur gefa til kynna að fræðimenn séu að verða meðvitaðri um að ofbeldi í parsamböndum sé flókið samspil margra þátta sem hafa þurfi í huga. Einnig hefur sú umræða orðið háværari undanfarin ár að ofbeldi í parsamböndum sé ekki eingöngu ofbeldi karla gegn konum heldur séu einnig dæmi um að konur beiti karla ofbeldi.

2.5.7 Íslenskar rannsóknir

Fyrsta íslenska rannsóknin á ofbeldi gegn konum, sem gerð var árið 1980, var mjög afmörkuð. Hún fólst í því að skoðaðar voru 1147 sjúkraskýrslur af slysavarðsstofu Borgarspítalans árið 1979 og kom í ljós að 62 konur höfðu komið þangað vegna ofbeldis af hálfu eiginmanns eða sambýlismanns. Algengustu áverkarnir voru mar (í 22 tilfellum), sár (í 18 tilfellum) og beinbrot (í 15 tilfellum). Einnig kom fram að oftast voru áverkarnir í andliti, sem bendir til þess að högg í andlitið hafi verið algengasta árásaraðferðin (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediksdóttir, 1982).

Í rannsókn sem unnin var fyrir Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997) kom fram að 1,3% kvenna höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka á síðustu 12 mánuðum og að 13,8% kvennanna höfðu verið beittar slíku ofbeldi einhvern tíma á ævinni. Í yfir 50% tilvika var ofbeldið endurtekið en ekki eitt afmarkað tilfelli. Þá höfðu 14% kvenna sem beittar höfðu verið líkamlegu ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka, leitað aðstoðar í Kvennaathvarfinu. Konurnar sjálfar sögðu í yfir 70% tilfella að áfengisneysla hefði verið orsök ofbeldisins, auk þess sem þær nefndu afbrýðisemi (62,5%), skilnað, beiðni um skilnað og ágreining um fjármál einnig sem orsakir.

Í rannsókn Freydísar Jónu Freysteinsdóttur (2006) á barnaverndartilkynningum varðandi ofbeldi milli foreldra kom fram að í langflestum tilfellum (36 af 39) var um líkamlegt ofbeldi milli foreldra að ræða. Í þremur tilfellum var um tilfinningalegt ofbeldi í formi hótana um líkamlegt ofbeldi að ræða. Í 29 tilvikum var móðirin beitt ofbeldi, í sjö tilvikum beitti móðirin ofbeldi gegn föður/stjúpföður og í þremur tilvikum beittu báðir foreldrar ofbeldi gegn hinu.

Í samnorrænni rannsókn sem framkvæmd var meðal sjúklinga hjá kvensjúkdómalæknum, kom fram að 54,7% íslensku kvennanna höfðu verið beittar andlegu, kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi einhvern tímann á ævinni. Á undanfögnu ári höfðu 7,8% kvennanna verið beittar andlegu ofbeldi, 4,2% líkamlegu ofbeldi og 2,6% kynferðislegu ofbeldi. Þá höfðu 28,1% verið beittar andlegu ofbeldi einhvern tímann á ævinni, 44,2% líkamlegu ofbeldi og 33% kynferðislegu ofbeldi auk þess sem 8% hafði verið hótad lífláti (Wijma, o.fl., 2003). Rannsóknin nær þó ekki eingöngu til ofbeldis í parsamböndum heldur alls ofbeldis og því erfitt að draga ályktanir um ofbeldi í parsamböndum sérstaklega út frá þessum niðurstöðum.

Í úttekt sem gerð var á útköllum lögreglunnar vegna heimilisofbeldis (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010) kom fram að 70% þolenda voru konur og að konur voru líklegri til að vera ítrekað þolendur og karlar líklegri til að vera ítrekað gerendur. Í 74% tilfella voru gerendur karlar. Yfirleitt var um að ræða einn þolanda og einn geranda í hverju útkalli en þar sem um fleiri en einn þolanda og geranda var að ræða, var það yfirleitt þannig að báðir aðilar voru skráðir sem bæði þolandi og gerandi þar sem lögreglumönnum þótti erfitt að gera skýran greinamun á því hvor aðilinn var hvað. Í um það bil einum þriðja hluta tilfella hafði gerandi beitt þolanda ofbeldi áður. Þegar skoðuð voru tengsl þolanda og geranda, var gerandinn í 43% tilfella núverandi maki og í 24% tilfella fyrrverandi maki og því ljóst að í yfir 30% tilfella var um að ræða ofbeldi milli aðila sem tengdir voru með öðrum hætti, til að mynda barn og foreldri eða systkini. Í flestum tilfellum tilkynnti þolandi atvikið til lögreglu. Rúmlega helmingur gerenda var undir áhrifum vímuefna, áfengis eða annarra efna, en meirihluti þolenda var ekki undir áhrifum áfengis eða annarra efna. Eins og fram hefur komið er úttektin ekki eingöngu úttekt á ofbeldi í parsamböndum en hún getur þó gefið einhverjar vísbendingar um slíkt ofbeldi þar sem lögreglan er kölluð til.

Rannsókn Elísabetar Karlsdóttur og Ásdísar A. Arnalds (2010) sýndi að 22,4% kvenna höfðu verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi í nánú sambandi frá 16 ára aldri. Á síðustu 12 mánuðum var hlutfallið 1,6%. Algengara var að konur yngri en 45 ára hefðu verið beittar ofbeldi á síðustu 12 mánuðum heldur en konur 45 ára og eldri. Mun algengara var að konur hefðu verið beittar ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka en núverandi maka, eða 18,7% á móti 4,5%. Þegar spurt var um hvenær í sambandinu ofbeldið hefði átt sér stað, kom fram að 16% sögðu það hafa verið meðan á sambandinu stóð, 2,6% að það hefði verið eftir að því lauk og 2,2% að það hefði bæði átt sér stað á meðan á sambandinu stóð og eftir að því lauk. Langalgengast var að síðasta ofbeldisverk hefði átt sér stað á eða við heimili konunnar eða í tæplega 68% tilfella og yfir 75% kvennanna töldu síðasta ofbeldisverk hafa verið nokkuð alvarlegt eða mjög alvarlegt.

Þegar skoðað var hvort ofbeldismennirnir hefðu beitt aðra en maka sína ofbeldi, kom í ljós að það var óalgengt. Langflestir höfðu ekki beitt aðra ofbeldi, hvorki í fjölskyldunni né utan fjölskyldunnar. Konurnar voru spurðar hvort maki þeirra, sem hafði beitt þær ofbeldi, hefði beitt aðra innan fjölskyldunnar ofbeldi og sögðu 3,6% þeirra sem beittar voru ofbeldi af núverandi maka, að hann hefði beitt ofbeldi gegn öðrum innan fjölskyldunnar en 17,3% sögðu slíkt um fyrrverandi maka sem beitt hafði þær ofbeldi. Þegar þær voru spurðar hvort ofbeldismenn þeirra hefðu beitt fólk utan fjölskyldunnar ofbeldi, kom fram að 3,6% núverandi maka hafði beitt slíku ofbeldi og 35,7% fyrrverandi maka. Því virðist sem þeir ofbeldismenn sem konurnar segja frá, beiti fyrst og fremst ofbeldi gegn maka eða fyrrverandi maka. Þá kom fram að 6,2% þeirra kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi í nánú sambandi, höfðu leitað aðstoðar hjá Kvennaathvarfinu, 3,9% hjá Stígamótum og 11% hjá öðrum sem veitt geta aðstoð. Hins vegar höfðu 78,8% ekki leitað neinnar aðstoðar. Þá kom einnig fram að í 83,1% tilfella hafði ofbeldi í nánú sambandi ekki verið tilkynnt til lögreglu. Konurnar voru einnig spurðar um ákveðna þætti í hegðun maka sinna, til dæmis hvort þeir væru afbrýðisamir, hótuðu að gera þeim, börnunum eða sjálfum sér mein, hvort þeir hafi reynt að hindra samskipti við aðra, móðgað þær eða uppnefnt. Þessir þættir eru í raun birtingarmyndir andlegs ofbeldis. Í þeim svörum kemur fram að allir þessir þættir eru algengari meðal fyrrverandi maka heldur en núverandi (Elísabet Karlsdóttur og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Í tengslum við aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi voru gerðar rannsóknir á þekkingu, viðbrögðum og þjónustu ýmissa aðila við konur sem beittar eru ofbeldi í parsamböndum. Í Rannsóknunum var ekki verið að mæla umfang eða eðli ofbeldisins, heldur var verið að kanna þekkingu þeirra aðila sem starfa við málaflokkinn, þjónustu þeirra og viðbrögð. Þar koma jafnframt fram hugmyndir aðilanna að frekari þjónustu og úrbótum vegna ofbeldis í parsamböndum. Rannsóknir voru framkvæmdar meðal félagasamtaka (Guðrún Helga Sederholm, 2010), innan heilbrigðisþjónustunnar (Ingólfur V. Gíslason, 2010a), innan lögreglunnar (Ingólfur V. Gíslason, 2010b), meðal skólastjóra grunnskóla (Guðrún Helga Sederholm, 2009) og meðal félagsþjónustu og barnaverndaryfirvalda (Anni G. Haugen, 2009).

Að lokum má ekki gleyma því að viðamiklar upplýsingar liggja fyrir um ofbeldi gegn konum í ársskýrslum Stígamóta og Kvennaathvarfsins, þó ekki sé um rannsóknir sem slíkar að ræða. Þar má til að mynda sjá upplýsingar um fjölda einstaklinga sem leita til þessara aðila á ári hverju, hvernig ofbeldið birtist og hver beitir því. Til Stígamóta hafa til dæmis, frá upphafi, leitað um 6.300 einstaklingar (meirihlutinn kvenkynspolendur, auk nokkurra aðstandenda) vegna ofbeldis yfir 9000 ofbeldismanna (meirihlutinn karlar) og flestir leita þangað vegna kynferðisofbeldis (Stígamót, 2013). Í Kvennaathvarfið leitar fjöldi kvenna á hverju ári, bæði í viðtöl og til dvalar, og koma konur þangað fyrst og fremst vegna ofbeldis af hálfu maka eða fyrrverandi maka sem í lang flestum tilfellum eru karlar (Samtök um Kvennaahvarf, 2012).

2.6 Meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi í parsamböndum

Hér er fjallað stuttlega um tvö algeng meðferðarform sem notuð eru fyrir karla sem beita ofbeldi í parsamböndum. Auk þess er hugmyndafræði *Karlar til ábyrgðar* sérstaklega kynnt, þar sem þessi rannsókn byggir á skráðum upplýsingum úr inntökuviðtölum í slíka meðferð.

2.6.1 Tvö ólík meðferðarsjónarmið

Bæði í Bandaríkjunum og í Bretlandi, virðist sem tvö megin sjónarmið takist á þegar kemur að meðferðarúrræðum fyrir karla sem beita ofbeldi í parsamböndum. Bæði úrræðin byggjast á hópmeðferð sem sérhönnuð er fyrir karla sem beita slíku ofbeldi. Annars vegar það sem kallað hefur verið Duluth módelið og hefur það oftast verið kennt við feminískar

kenningar og viðhorf um ofbeldi í parsamböndum (Barner og Carney, 2011; Dutton og Corvo, 2006, 2007). Hins vegar er það hugræn atferlismeðferð sem þá byggir fyrst og fremst á hugmyndafræði Beck um tengsl túlkunar atburða, hugsunar og hegðunar (Westbrook, Kennerley og Kirk, 2011).

Árið 1981, í Duluth, Minnesota, opnaði fyrsta meðferðarúrræðið fyrir karla sem beita ofbeldi í parsamböndum sem byggir á þeirri hugmyndafræði að karlar beiti slíku ofbeldi í þeim tilgangi að ná stjórn á konum sínum (Barner og Carney, 2011). Fleiri úrræði sem byggja á þessari hugmyndafræði hafa verið og eru starfrækt víða um Bandaríkin og í Bretlandi (Dutton og Corvo, 2006; Scourfield og Dobash, 1999). Útgangspunktur meðferðarinnar er að karlarnir viðurkenni ábyrgð sína á ofbeldinu; að þeir einir séu ábyrgir fyrir því og að til þess að geta breytt hegðun sinni verði þeir að axla þá ábyrgð án afsakana. Samkvæmt hugmyndafræði Duluth móðelsins beita karlar konur sínar ofbeldi þar sem þeir telja það hluta af forréttindum sínum sem karlar (e. male privilege) og nota ýmsar aðferðir til þess að ná fullkominni stjórn á konum sínum (Dutton og Corvo, 2006). Þessar aðferðir eru til dæmis að nota ógnanir og hótanir, að beita andlegu ofbeldi, að einangra konuna frá öðrum og að kenna henni um ofbeldið. Myndræna framsetningu á þessum aðferðum má sjá á mynd 1 og hefur þetta verkfæri verið verið kallað ofbeldishringurinn (e. „power and control wheel“).

Þessi hringur var hannaður eftir ábendingum frá 200 konum sem beittar höfðu verið ofbeldi í nánu sambandi og er hann notaður í vinnu með ofbeldismönnum í meðferð þar sem stuðst er við Duluth módelið (van Wormer og Bednar, 2002). Þessi mynd hefur verið þýdd og má nálgast íslenska útgáfu af henni á heimasíðu Kvænnaathvarfsins.


Í meðferðinni eru svo kenndar nýjar leiðir til að eiga samskipti við maka sem þá byggja á jafnrétti í sambandinu og birtast til að mynda í virðingu, trausti, stuðningi, heiðarleika og jafnri ábyrgð. Þessar leiðir hafa einnig verið settar upp á myndrænu formi eins og sjá má á mynd 2. Rannsakandi veit ekki til þess að þessi hringur hafi verið þýddur yfir á íslensku og er því stuðst við enskar útgáfur af báðum hringjunum.



Mynd 1 Húsbóndavald - ofbeldishringur

(Campus Advocacy Network, e.d.)

Ýmsir fræðimenn hafa gagnrýnt Duluth módelið og þá fyrst og fremst fyrir það að módelið gerir ráð fyrir því að ofbeldi karla gegn konum sé meðvituð ákvörðun karla til að hafa stjórn á konum sínum og að þeir verði að taka ábyrgð á því sem slíku og að ekki sé tekið mið af því í meðferðinni að ýmsir áhættuþættir, eins og fyrri reynsla karlanna, áfengisneysla, lágt sjálfsmat eða geðræn vandkvæði geti haft áhrif á það hvort ofbeldi sé beitt. Einnig er gagnrýnt að ofbeldi kvenna sé alltaf útskýrt sem sjálfsvörn í kjölfar ofbeldis karla. Þá hafa sumir fræðimenn bent á að aðferðin sé ekki gagnreynd, þeir hafa efasemdir um að hún skili tilætluðum árangri og segja að það vanti rannsóknir sem sýni fram á árangur hennar. Módelið hefur einnig verið gagnrýnt fyrir að það var ekki hannað af fagaðilum, eins og til dæmis hugræn atferlismeðferð (Barner og Carney, 2011; Dutton og Corvo, 2006, 2007).



Mynd 2 Jafnréttishringur

(Lindsay Ann Burke Memorial Funde, e.d.)

Hugræn atferlismeðferð hefur einnig verið mikið notuð í meðferð karla sem beita maka sína ofbeldi. Grunnhugmyndafræði hugrænnar atferlismeðferðar er að einstaklingur upplifir atburði í umhverfi sínu með ákveðnum hætti, hann túlkar atburðina, hugsar ákveðnar hugsanir í kjölfar þeirra og bregst að lokum við hugsun sinni með ákveðnum hætti. Meðferð samkvæmt þessari hugmyndafræði snýst um að endurskoða hugsanir sínar og túlkanir og að breyta hegðun sinni með því að ná að túlka atburði með öðrum hætti og þar af leiðandi hugsunina sem fylgir. Þannig er hægt að endurskilgreina upplifun sína og breyta þar með eigin hugsunum og viðbrögðum (Westbrook, o.fl., 2011). Hugræn atferlismeðferð fyrir karla sem beita ofbeldi í parsamböndum byggir á því að fá karlana til að skoða mögulega kosti og galla þess að beita ofbeldi og kynna fyrir þeim nýjar og betri leiðir til samskipta í þeim tilgangi að þeir hætti að beita slíku ofbeldi (Stover, Meadows og Kaufman, 2009). Mögulegir kostir sem karlar gætu séð, væri þá að ofbeldið

kæmi í veg fyrir að makar yfirgæfu þá (Dutton, 1995) og að hafa stjórn í sambandinu (Umberson o.fl., 1998).

Á undanförunum árum virðist sem þessi tvö meðferðarform hafi bæði tekið upp ákveðna þætti frá hinu og sífellt verður erfiðara að gera skýran greinarmun á milli þeirra. Fleiri og fleiri úrræði taka hugmyndir beggja og leggja saman (Scourfield og Dobash, 1999; Stover o.fl. 2009).

Til eru fleiri meðferðarform en ekki er farið nánar í þau hér (Mankowski, Haaken og Silvergleid, 2002; Scourfield og Dobash, 1999; van Wormer og Bednar, 2002).

2.6.2 Karlar til ábyrgðar

Verkefnið *Karlar til ábyrgðar* er samstarfsverkefni Velferðarráðuneytisins, Jafnréttisstofu, Kvænnaathvarfsins, Barnaverndarstofu og Fjölskyldumiðstöðvarinnar. Verkefnið er meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi í parsamböndum og er það í umsjá sálfræðinganna Andrésar Ragnarssonar og Einars Gylfa Jónssonar. Þá hefur nýlega verið boðið upp á þjónustuna á Akureyri og er það sálfræðingurinn Kristján Már Magnússon sem hefur sinnt henni þar. Samkvæmt upplýsingum frá Andrési Ragnarssyni (munnleg heimild, 18. september 2013), var á haustdögum 2013 byrjað að veita konum, sem beitt hafa ofbeldi í nánum samböndum, meðferð hjá *Karlar til ábyrgðar*. Ráðin hefur verið kona til að sinna þessari þjónustu en hún hefur ekki verið auglýst sérstaklega.

Upphaf verkefnisins má rekja til þess að stofnuð var Karlanefnd Jafnréttisráðs árið 1994 og var tilgangur þess að auka þátttöku karla í vitundarvakningu um jafnrétti kynjanna. Ofbeldi karla á heimilum var það sem nefndinni þótti mikilvægt að hefja umræðu um strax og var síðar sama ár haldin ráðstefna undir nafninu „Karlar gegn ofbeldi“ (Jóna Sigurlín Harðardóttir, Karl Steinar Valsson og Sæunn Kjartansdóttir, 2001). Verkefnið *Karlar til ábyrgðar* var svo sett á laggirnar árið 1998 en var lagt niður árið 2002 vegna fjárskorts. Það var svo endurvakið vorið 2006 og hefur verið í gangi síðan. Á fyrra tímabili verkefnisins leituðu rúmlega 70 karlar til *Karlar til ábyrgðar* en þar af mættu um 30 karlar eingöngu í eitt til tvö viðtöl. Því má segja að 43 karlar hafi tekið þátt í meðferðinni (*Karlar til ábyrgðar*, e.d.-b). Í október 2013 höfðu um 200 karlar leitað aðstoðar þangað frá því að verkefnið var endurvakið, eða að meðaltali tæplega 30 karlar á ári.

Meðferðin felst bæði í einstaklingsviðtölum og í hópmeðferð og er fyrirmynd meðferðarinnar sótt til meðferðar sem ber heitið „*Aðrar leiðir en ofbeldi*“ (n. Alternativ til Vold), sem starfrækt er í Noregi. Í upphafi fara allir í einstaklingsviðtöl og í framhaldi af því er ákveðið hvort það henti viðkomandi betur að halda áfram í viðtölum eða að fara í hópmeðferð. Tilgangur meðferðarinnar er að fá karlana til að axla ábyrgð á eigin hegðun og þar með eigin ofbeldi og í meðferðinni er þeim kennt að finna nýjar, uppbyggilegri leiðir til að takast á við örðugleika sem geta komið upp í samskiptum. Karlarnir eru í meðferðinni af fúsum og frjálsum vilja og bera sjálfir ábyrgð á því að panta tíma (með einstaka undantekningum). Mökum karlanna er boðið að koma í viðtal við upphaf og lok meðferðarinnar og er þar metið öryggi konu og barna. Að öðru leyti sinnir *Karlar til ábyrgðar* ekki þjónustu við maka (Karlar til ábyrgðar, e.d.-b).

„*Aðrar leiðir en ofbeldi*“ (n. Alternativ til vold) hóf göngu sína í Osló árið 1987 og var þá fyrsta meðferðarúrræði í Evrópu fyrir karla sem beita ofbeldi í nánnum samböndum. Upphaflega störfuðu þar tveir sálfræðingar en fljótlega bættist einn við. Fyrstu fimm árin var um tilraunaverkefni að ræða eða til ársloka 1991 (Alternativ til vold, e.d.-b). Frá árinu 1996 hefur meðferðarstöðum þessa úrræðis fjölgað stöðugt og árið 2011 var það starfrækt á níu stöðum í Noregi auk fimm staða á öðrum norðurlöndum, þar á meðal á Íslandi (Alternativ til vold, 2012). Upphaflega var þetta fyrst og fremst meðferðarúrræði og eingöngu fyrir karla sem beittu ofbeldi í nánnum samböndum. Núna hefur úrræðið þrenns konar hlutverk; a) meðferð, b) rannsóknir og c) að auka þekkingu á málefnum. Þá er boðið upp á víðtækari meðferðarúrræði núna en var í upphafi, t.d fyrir bæði konur og karla sem beita eða eru beitt ofbeldi og börn sem búa við ofbeldi (Alternativ til vold, 2012; Alternativ til vold, e.d.-a).

Hugmyndafræði úrræðisins byggir á því að ofbeldi hafi margar birtingarmyndir og að því sé hægt að skipta í nokkra flokka, til dæmis líkamlegt, kynferðislegt, andlegt og fjárhagslegt. Lögð er áhersla á að sá eða sú sem beitir ofbeldi læri nýjar leiðir til að takast á við erfiðar aðstæður auk þess að skoða það hvers vegna viðkomandi hefur beitt sína nánustu ofbeldi (Alternativ til vold, e.d.-b).

2.7 Samantekt og rannsóknarspurningar

Hér hefur í stuttu máli verið farið yfir það hvernig ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum hefur verið viðurkennt í gegnum aldirnar auk þess sem sagt hefur verið frá

Því hvernig umræðan um slíkt ofbeldi varð áberandi í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar. Settar hafa verið fram skilgreiningar á birtingarmyndum slíks ofbeldis og fjallað ítarlega um kenningar sem settar hafa verið fram um ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum. Einnig hefur verið farið yfir rannsóknir á efni á undanförunum áratugum. Sérstaklega hefur verið farið yfir stöðu rannsókna á Íslandi. Þá hefur verið sagt frá meðferðarformum sem þekkt eru fyrir karla sem beita slíku ofbeldi og sérstaklega fjallað um eina sértæka meðferðarúrræðið hér á landi.

Af því sem fram hefur komið er ljóst að ofbeldi karla í parsamböndum er flókið vandamál og mikilvægt að halda áfram að leita skýringa og þróa úrræði til að berjast gegn slíku ofbeldi. Þessi rannsókn er viðleitni til að auka þekkingu á ofbeldi í parsamböndum hér á landi og er leitast við að svara spurningum sem geta varpað skýrara ljósi á ofbeldið eins og það birtist þeim körlum sem beita því, bæði orsakir þess og eðli.

Þær rannsóknarspurningar sem hér er ætlunin að svara, fjalla um karla sem beita ofbeldi í parsambandi og ofbeldið sem þeir beita. Spurt er hvort þeir séu líklegir til að hafa verið beittir ofbeldi og/eða orðið vitni að ofbeldi milli foreldra í æsku, hvort ofbeldi sé afmarkaður atburður eða langvarandi ferli, hvort karlar sem beita ofbeldi einu sinni séu líklegir til að gera það aftur og hvort karlar sem beita einni tegund ofbeldis séu líklegir til að beita einnig fleiri tegundum ofbeldis í sambandinu sem og hvort þeir séu líklegir til að beita ofbeldi á öðrum sviðum í lífinu. Alls er lagt upp með sex rannsóknarspurningar og tilgátur.

Rannsóknarspurningar og tilgátur eru eftirfarandi:

1. Er ofbeldi oftast afmarkað tilfelli eða gerist það ítrekað og er því um langvarandi ferli að ræða?

- Tilgáta: Ofbeldið á sér yfirleitt stað oftast en einu sinni og því um langvarandi ferli að ræða fremur en stakan atburð.

2. Eru karlar sem hafa beitt ofbeldi í parsambandi áður, líklegir til að beita því aftur í nýju sambandi?

- Tilgáta: Karlar sem beitt hafa ofbeldi í parsambandi áður eru líklegir til að beita því aftur í nýju sambandi.

3. Beita karlar fleiri en einni tegund ofbeldis í parsambandi?

- Tilgáta: Karlar sem beita einni tegund ofbeldis í parsambandi eru líklegir til að beita einnig fleiri tegundum ofbeldis í sambandinu.

4. Eru karlar sem beita ofbeldi í parsambandi líklegir til þess að beita ofbeldi á öðrum sviðum lífsins til dæmis gagnvart ókunnugum eða öðrum fjölskyldumeðlimum?

- Tilgáta: Karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum eru líklegir til þess að beita einnig ofbeldi á öðrum sviðum lífsins.

5. Eru karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum líklegir til þess að hafa verið beittir ofbeldi sjálfir og/eða hafa orðið vitni að ofbeldi milli foreldra þegar þeir voru börn?

- Tilgáta: Karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum eru líklegir til þess að hafa verið beittir ofbeldi sjálfir og/eða hafa orðið vitni að ofbeldi milli foreldra þegar þeir voru börn.

6. Eru karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum líklegir til þess að eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða?

- Karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum eru líklegir til þess að eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða.

Til viðbótar við þessar rannsóknarspurningar er einnig skoðað í hvaða athöfnum ofbeldi karla í parsamböndum felst, þ.e. hverjar birtingarmyndir þess eru. Þá er greint hvaða ofbeldistegundir eru algengastar, auk þess sem skoðaðar eru lýsingar gerenda á skýringum þeirra á eigin ofbeldi og áhrifum ofbeldisins á samskipti þeirra við aðra.

3 Aðferð

Rannsóknir geta bæði verið eigindlegar og megindlegar og í sumum tilfellum er báðum aðferðum blandað saman. Í þessum kafla er farið yfir það hvaða rannsóknarsniði var beitt, hvaða gögn voru notuð og hvernig var unnið með þau auk þess sem fjallað er sérstaklega um siðferðileg álitaefni.

Þegar rætt er um ofbeldi í parsamböndum í þessari rannsókn, er átt við ofbeldi sem beitt er gegn núverandi og/eða síðustu eiginkonu, sambýliskonu og/eða kærustu. Er í verkefninu talað jöfnum höndum um ofbeldi í parsamböndum og ofbeldi í nánnum samböndum og hefur það hér sömu merkingu. Þegar rætt er um núverandi eða síðasta maka í þessari rannsókn er verið að vísa til þess þolanda sem gerandi hefur beitt ofbeldið sem hann leitar aðstoðar vegna, hjá *Karlar til ábyrgðar*. Fyrirverandi maki vísar hins vegar til maka sem gerandi hefur átt í fyrri samböndum en á þó ekki við síðasta samband jafnvel þó því sambandi sé lokið. Í slíkum tilvikum er, í rannsókninni, talað um síðasta maka. Gerandi og ofbeldismaður í þessari rannsókn er karl sem leitað hefur til *Karlar til ábyrgðar* og eru bæði orðin notuð jöfnum höndum, eftir því sem viðeigandi þykir. Þegar fjallað er um aðila sem beitt hafa geranda ofbeldi í æsku er notað orðið ofbeldismaður og er það skýrt í umfjöllun hvort það á við geranda eða einhvern sem hefur beitt geranda ofbeldi.

Þær skilgreiningar á ofbeldi í parsamböndum sem rannsakandi notar í þessari rannsókn, taka fyrst og fremst mið af þeim skilgreiningum sem notaðar eru hjá *Karlar til ábyrgðar* auk þess sem tekið er tillit til skilgreininga Kvennaathvarfsins um stjórnunarhætti gerenda sem birtingarmynd ofbeldisins. Tekið er fram þar sem miðað er við annað en skilgreiningar *Karlar til ábyrgðar*.

3.1 Rannsóknarsnið

Eigindlegar rannsóknir miða að því að skilgreina heiminn út frá sjónarhorni þeirra sem taka þátt í hverri rannsókn og upplýsingar eru í raun túlkaðar jafnóðum og þeim er safnað, þar sem rannsakandi túlkar það sem þátttakandi segir frá. Ekki eru fyrirfram gefnar tilgátur sem ætlað er að svara heldur er notast er við rökleiðslu með aðleiðslu. Oftast eru slíkar rannsóknir byggðar á viðtölum og niðurstöður gjarnan birtar í formi lýsinga þeirra sem tóku þátt og ekki lögð áhersla á að þær sé hægt að yfirfæra á stærri hóp eða þýði.

Megindlegar rannsóknir aftur á móti notast við rökleiðslu með afleiðslu þar sem tilgátur eru settar fram í upphafi en gögnin og greining þeirra notuð til að hafna tilgátum eða styðja þær. Notaðar eru fyrirfram skilgreindar breytur til að mæla ákveðna þætti og gerðir eru tölfræðiútreikningar til að sýna niðurtöðurnar. Yfirleitt er áhersla lögð á að niðurstöður séu ályktandi fyrir hóp eða þýði en hins vegar geta verið á því undantekningar (Yegidis og Weinbach, 2006).

Sumir fræðimenn telja réttara að tala um að rannsóknir séu „í aðalatriðum“ eigindlegar og „í aðalatriðum“ megindlegar þar sem skörun sé algeng og því ekki rétt að skilgreina rannsóknir sem eingöngu eigindlegar eða megindlegar (Yegidis og Weinbach, 2006).

Innihaldsgreining gagna er oft notuð til þess að greina og flokka eigindleg gögn í megindleg gögn þar sem ákveðnum rannsóknarspurningum og tilgátum er svarað og gögnin sett upp með skipulögðum hætti í breytur sem hægt er að mæla og telja auk þess að skoða fylgni milli breyta. Niðurstöður er svo hægt að setja fram með töflum, myndum og stundum með lýsingum (e. narratives) úr frumgögnum. Oft eru fleiri en einn aðili sem skráir upplýsingar úr frumgögnum og er mikilvægt að samræmi sé í skráningu til að tryggt sé að breytur séu vel skilgreindar (Yegidis og Weinbach, 2006).

Í þessari rannsókn voru notuð gögn sem til voru fyrir og hafði verið safnað af öðrum aðilum. Fyrirliggjandi gögn voru þannig innihaldsgreind þar sem viðeigandi upplýsingar úr þeim voru notaðar í tengslum við rannsóknarspurningarnar og eigindlegum gögnum þannig umbreytt í megindleg (Yegidis og Weinbach, 2006). Hluti niðurstaðna er settur fram með beinum lýsingum gerenda og því mögulega hægt að segja að, að einhverju leyti, sé um blandaða rannsókn að ræða. Megináhersla rannsóknarinnar var hins vegar megindleg og lagt var upp með rannsóknarspurningar og tilgátur sem var svarað og voru notaðir til þess tölfræðiútreikningar ákveðinna breyta sem skilgreindar höfðu verið fyrirfram.

Hér skal tekið fram að upphaflegum gögnum var ekki safnað í rannsóknarskyni og því voru valin atriði úr þeim sem hæfðu tilgangi rannsóknarinnar og rannsóknarspurningum. Þá þarf einnig að taka tillit til þess að ekki voru allar upphaflegu skýrslurnar nothæfar þar sem að í einhverjum tilvikum vantaði miklar upplýsingar inn í skýrslurnar, yfirleitt vegna þess að gerandi mætti ekki í nógu mörg viðtöl til þess að næðist að skrá þær. Í upphafi

var stefnt að því að vinna eingöngu með fullgerðar skýrslur, sem sagt skýrslur þar sem öllum atriðum hafði verið svarað, en við nánari skoðun á gögnunum var ljóst að við það myndi brottfall verða of mikið og því ákveðið að vinna með skýrslur þar sem, að minnsta kosti, hafði verið fyllt inn í helming þeirra. Skýrslurnar byggðu að meðaltali á 2-3 viðtölum. Úrtak rannsóknarinnar var því markmiðsúrtak sem rannsakandi valdi út frá áherslum og tilgangi rannsóknarinnar (Hoyle, Harris og Judd, 2002). Þegar unnið er með fyrirbyggjandi gögn og þau innihaldsgreind er útbúið sérstakt skráningareyðublað þar sem skráðar eru þær upplýsingar sem unnið skal með til að svara rannsóknarspurningum og skráningarleiðbeiningar útbúnaar til að tryggja samræmi í útfyllingu rannsóknareyðublaðs eins og kostur er (Yegidis og Weinbach, 2006). Rannsóknareyðublaðið var þróað af höfundum með hliðsjón af eðli fyrirbyggjandi gagna (viðauki 2) og með því hannaðar leiðbeiningar (viðauki 3).

3.2 Rannsóknargögn

Við rannsóknina voru skýrslur frá *Karlar til ábyrgðar* (viðauki1) innihaldsgreindar út frá þeim áherslum sem gerðar voru í rannsókninni. Þessi leið til gagnaöflunar var valin þar sem líklegt var talið að erfitt yrði að fá rannsóknarupplýsingar frá ofbeldismönnum með beinum hætti. Þar sem að um mjög viðkvæmt málefni var að ræða þótti líklegt að menn væru hræddir um að vera dæmdir fyrir verknaði sína og því talið ólíklegt að hægt væri að fá þátttakendur til að svara spurningalistum eða koma í viðtöl.

Alls fékk rannsakandi aðgang að 113 skýrslum og voru þær frá tímabilinu 1. júní 2006 til 31. ágúst 2013. Einn af sálfræðingum *Karlar til ábyrgðar* hafði þegar tekið út þær skýrslur sem ekki höfðu verið útfylltar nema að mjög litlu leyti en annar sálfræðingur afhenti rannsakanda allar sínar skýrslur. Þriðji sálfræðingurinn hefur sinnt þjónustu *Karlar til ábyrgðar* á Akureyri og þangað hafa, frá desember 2011 til nóvember 2013, leitað tíu karlar en þeir höfðu ekki allir leitað þangað þegar unnið var með gögnin. Til einföldunar á rannsókninni, var ákveðið að taka ekki með þær skýrslur sem teknar hafa verið á Akureyri.

Strax í upphafi kom í ljós að um var að ræða tvenns konar form af skýrslum, þar sem skýrslurnar voru endurskoðaðar á miðju tímabilinu og þeim breytt í kjölfarið. Munurinn á þessum tveimur formum var mikill og var því ákveðið að nota eingöngu skýrslur sem fylltar höfðu verið út eftir nýja forminu og við það féllu 48 skýrslur úr úrtakinu. Var nýrra

formið valið vegna þess að það féll betur að þeim áherslum sem gerðar voru í rannsókninni. Þegar rannsakandi hafði farið í gegnum skýrslurnar féllu út fimm í viðbót þar sem of litlar upplýsingar voru í þeim. Eftir stóðu þá 60 skýrslur sem unnið var með í þessari rannsókn og var sú fyrsta frá því í mars 2009 og sú síðasta frá því í ágúst 2013. Töluvert vantaði upp á að skýrslur væru merktar með dagsetningu eða í 20 tilfellum af 60 en það hefur ekki áhrif á vinnslu gagnanna. Rannsakandi gerði ráð fyrir að skýrslurnar væru innan þess tímabils sem hér hefur verið nefnt þar sem skýrslum var raðað, nokkurn veginn, í tímaröð og vegna þess að engar skýrslur eftir eldra forminu voru fylltar út, og dagsettar, á umræddu tímabili.

Í öllum tilfellum er um að ræða skýrslur þar sem karl kemur til *Karlar til ábyrgðar* vegna ofbeldis sem hann beitir eða hefur beitt gegn núverandi eða síðasta maka. Maki í þessari rannsókn getur verið eiginkona/eiginmaður, sambýliskona/sambýlismaður eða kærasta/kærasti. Ekki var um nein samkynhneigð þör að ræða í þessu úrtaki. Í 20 skýrslum kemur fram að gerandi hefur beitt fleiri en einn maka ofbeldi. Allar skýrslurnar eru fylltar út í fyrstu 2-3 viðtölunum og er engu bætt inn í þær eftir það og eru þetta því fyrstu upplýsingarnar sem ofbeldismaður gefur í meðferðinni um það ofbeldi sem hann hefur beitt. Það er kostur að því leyti að viðhorf karlanna til ofbeldisins og hvað telst vera ofbeldi er líklegt til að taka breytingum eftir því sem líður á meðferðina og myndi það þá skekkja niðurstöðurnar. Hins vegar getur það einnig verið galli þar sem líklegra er að ítarlegri upplýsingar vanti í gögnin.

Skýrslurnar voru unnar þannig að í fyrstu 2-3 viðtölum gerenda hjá *Karlar til ábyrgðar* spurði sálfræðingur viðkomandi um þá þætti sem fram koma í þeim (viðauki 1) og voru þær fylltar út jafnóðum. Einungis voru tveir sálfræðingar sem fylltu út þessar skýrslur og hafa þeir báðir langa reynslu sem sálfræðingar og af því að vinna með ofbeldismönnum. Auk þess hafa þeir sjálfir útfært skýrslurnar í samræmi við þá hugmyndafræði sem þeir starfa eftir. Sálfræðingarnir fylltu sjálfir út flestar skýrslurnar á meðan á viðtölum stóð við karlana en í einhverjum tilvikum gerðu gerendur það sjálfir inni í viðtölunum og getur það haft áhrif á það hvernig og hversu ítarlega skýrslurnar eru útfylltar og mögulega skekkt niðurstöður að einhverju leyti. Mikilvægt er að hafa þetta í huga við lestur og túlkun niðurstaðna.

3.3 Framkvæmd rannsóknar og úrvinnsla gagna

Rannsóknin var tilkynnt Persónuvernd í ágúst 2013 en þar sem rannsakandi fékk engar persónugreinanlegar upplýsingar um gerendur í hendurnar, þurfti ekki að sækja um leyfi fyrir rannsókninni til Persónuverndar.

Áður en hafist var handa við að vinna úr gögnunum, var útbúið sérstakt rannsóknareyðublað þar sem skráðar voru þær upplýsingar sem átti að vinna með í rannsókninni, eins og þegar hefur verið getið. Rannsóknareyðublaðið var hannað af rannsakanda undir handleiðslu dr. Freydísar Jónu Freysteinsdóttur.

Þegar rannsóknareyðublað hafði verið hannað, var það prófað á 10% þeirra skýrsla sem unnið var með og það aðlagð í samræmi við það sem fram kom í prófuninni. Svarmöguleikar voru aðlagðir að því sem betur átti við, til að geta nýtt upplýsingar úr frumgögnunum. Auk þess var eftirfarandi breytum bætt við í eyðublaðið: a) einangrun maka (leynd um ofbeldið), b) spurningu um mat sálfræðings á því hvort gerandi geri lítið úr ofbeldi gegn fyrrverandi maka, c) hvort gerandi réttlæti makaofbeldi, d) hvort annar (en lögregla) hefði haft afskipti af síðasta ofbeldistilviki og e) hvað það var sem gerandi vildi fá hjálp við. Rannsakandi fékk aðgang að gögnum *Karlar til ábyrgðar* og skráði upp úr þeim á staðnum þar sem um viðkvæmar upplýsingar var að ræða og því ekki viðeigandi að fara með gögnin annað. Skráning upp úr gögnunum tók fjóra daga. Rannsakandi hefur sjálfur unnið við ráðgjöf og meðferð fyrir fólk sem beitt hefur verið ofbeldi og þekkir því mikilvægi trúnaðar og þagnareiðs.

Þegar allar upplýsingar höfðu verið skráðar á rannsóknareyðublað voru þær slegnar inn í tölfræðiforrit, SPSS 22.0, þar sem unnið var með þær. Tíðnitöflur voru gerðar fyrir allar breytur sem unnið var með og voru allar breytur varðandi ofbeldi geranda gagnvart öðrum en núverandi/síðasta maka, varðandi síðasta ofbeldistilvikið og um reynslu geranda af ofbeldi í æsku unnar út frá tíðnitöflum. Þá var unnið með opin svör og voru þau einnig sett upp í töflur eða útskýrð í texta, eftir því sem við átti hverju sinni. Gerðar voru krosstöflur á breytum sem fólu í sér hvort gerandi hefði beitt ofbeldi annars vegar og hvort hann hefði hótad að beita ofbeldi hins vegar, gagnvart börnum, gegn öðrum í fjölskyldunni og gegn kunnugum utan fjölskyldunnar. Var það gert til að sjá hvort það voru sömu gerendurnir sem höfðu bæði beitt ofbeldi annars vegar og hótad að beita ofbeldi hins vegar gegn þessum aðilum, eða hvort þeir sem hótuðu ofbeldinu væri annar

hópur gerenda en þeir sem beittu ofbeldi. Einnig voru svo lagðar saman (e. compute) þrjár breytur; hefur gerandi 1) beitt eða reynt að beita ofbeldi gegn öðrum í fjölskyldunni, 2) beitt eða reynt að beita ofbeldi gegn kunnugum utan fjölskyldunnar og 3) beitt eða hótad að beita ofbeldi gegn ókunnugum. Tilgangur þess var að skoða hvort það væri lítil hópur gerenda sem beitti ofbeldi á mörgum sviðum lífsins.

Breyta um hjúskaparstöðu gerenda var skráð inn í spss sem flokkabreyta og eru niðurstöður birtar í samræmi við það. Breytur um forsögu og lengd sambands við þolanda voru skráðar í spss sem strengjabreytur (e. string), með sömu orðum og fram komu í frumgögnum. Svör við þeim spurningum voru hins vegar oft mjög óljós, var því ekki hægt að búa til vel skilgreinda flokka fyrir þær og því ákveðið að birta ekki þær niðurstöður, auk þess sem þær höfðu lítil áhrif á þá þætti sem áhersla var lögð á í rannsókninni. Breytur um tegundir ofbeldis, hvort sem um var að ræða ofbeldi af hálfu gerenda gegn öðrum en núverandi eða síðasta maka, eða ofbeldi annarra gegn geranda eða ofbeldi sem hann varð vitni að, voru skráðar sem tvíflokkabreytur. Þannig var til dæmis líkamlegt ofbeldi skráð sem ein breyta á hverjum stað og sett inn talan 0 fyrir „nei“ og 1 fyrir „já“ og eins var gert með aðrar tegundir ofbeldis. Var þetta gert þar sem hver gerandi gat merkt við fleiri en eina tegund ofbeldis í hverju tilviki fyrir sig. Á rannsóknareyðublaði var ein tegund ofbeldis „ógnanir“ og þegar merkt var við það, hafði verið merkt við „ofbeldi sem beinist gegn hlutum“ í frumgögnun. Ákveðið var að nota frekar „ógnanir“ þar sem, að mati rannsakanda og leiðbeinanda, ofbeldi getur í raun ekki beinist gegn hlutum heldur einstaklingum. Þá er það mat rannsakanda að þegar gerandi notar þær aðferðir, sem falla undir þennan flokk, sé það bein ógn við þolanda og var ákveðið að hafa það áfram aðgreint frá andlegu ofbeldi til þess að fá betur fram mismunandi birtingarmyndir ofbeldisins. Breytur um hvort gerandi hafi beitt ofbeldi og hótad að beita ofbeldi gegn fyrrverandi maka, barni, öðrum í fjölskyldunni, kunnugum utan fjölskyldunnar og ókunnugum voru skráðar sem flokkabreytur. Mat sálfræðings á því hvort gerandi gerði lítið úr ofbeldi gegn fyrri mökum var einnig skráð sem flokkabreyta.

Allar breytur um lýsingar gerenda á ofbeldi (birtingarmyndir) gegn núverandi eða síðasta maka voru skráðar inn sem tvær breytur, hver fyrir sig. Annars vegar sem strengjabreyta (e. string) þar sem skráðar voru lýsingar með orðum, þar sem það kom fram. Hins vegar var notuð breyta þar sem skráðar voru nákvæmar tölur og var ákveðið

að nota í þessari breytu hæstu töluna sem gerandi nefndi. Til dæmis ef gerandi skráði að hann hefði veitt þolanda sínum „högg á líkama“ 10-15 sinnum, var skráð 15 í þessa breytu. Var ákveðið að skrifa hæstu töluna þar sem rannsóknir hafa gefið vísbendingar um að karlar sem beita ofbeldi hafi tilhneigingu til að gera lítið úr ofbeldi sínu (Dobash og Dobash, 1979, 2004). Öll lýsingin var þá hins vegar skráð í strengjabreytuna (e. string). Þegar ekki kom fram neinn fjöldi en eingöngu lýsing var það skráð með tölunni 998 og þegar upplýsingar vantaði alveg var það skráð með tölunni 999 og voru báðar þessar tölur skilgreindar sem gildi sem vantar (e. missing values). Eftir að tíðnitöflur höfðu verið fengnar fyrir talnabreyturnar, var ljóst að fjöldi skipta var í mörgum tilfellum mjög óljós og erfitt að búa til flokka sem næðu að lýsa fjöldanum og voru því búnar til nýjar breytur, flokkabreytur, þar sem talan núll var skilgreind sem „nei“, talan 999 var áfram „upplýsingar vantar“ og allar aðrar tölur voru kóðaðar upp á nýtt þar sem þær fengu gildið „einn“ og það skilgreint sem „já“. Með þessu var þá eingöngu hægt að sjá hvort gerandi hafði beitt hverri birtingarmynd fyrir sig en ekki hversu oft. Hins vegar var einnig skoðað hvernig fjöldi skipta kom fram í rannsókninni og eru niðurstöður um það settar fram í niðurstöðukafla.

Breytur um lýsingar gerenda voru einnig notaðar til að skilgreina hvort gerandi hefði beitt fleiri en einnig tegund ofbeldis og voru búnar til þrjár nýjar breytur þar sem lagðar voru saman ákveðnar breytur um lýsingar á ofbeldinu. Búnar voru til breyturnar líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi og voru endurskilgreindu breyturnar á lýsingum gerenda lagðar saman (e. compute). Við þessa aðgerð voru tilfelli þar sem engar upplýsingar voru til staðar (e. missing values) skilgreind sem 0 (nei). Þegar nýju breyturnar höfðu verið gerðar, voru einnig búnar til flokkabreytur úr „líkamlegt ofbeldi“ og „andlegt ofbeldi“ þar sem auðveldara var að setja niðurstöðurnar fram með þeim hætti. Þá var reiknað meðaltal fyrir fjölda athafna og staðalfrávik bæði er varðaði líkamlegt og andlegt ofbeldi. Rétt er að taka fram hér að skipting rannsakanda í flokkana líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi endurpeglar ekki endilega flokkun *Karlar til ábyrgðar* á tegundum ofbeldis, til dæmis er ekkert flokkað sérstaklega sem ógnanir, eins og það er skilgreint á rannsóknareyðublaðinu. Þetta var gert til einföldunar og var það mat rannsakanda að það kæmi ekki að sök að sameina, í þessu tilfelli, andlegt ofbeldi og ógnanir þar sem þegar höfðu verið skoðaðar margar birtingarmyndir ofbeldisins. Var með þessu ætlunin að skoða hvort samband væri milli þess að nota fleiri en eina tegund ofbeldis. Þessar breytur,

sem fela í sér lýsingar ofbeldis (bæði upprunalegu og endurskilgreindu breytunar), voru svo notaðar til að skoða endurtekningu ofbeldis.

Að auki voru breytur líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi einnig endurskilgreindar í tvíflokkabreytur þar sem 1 var „nei og allar aðrar tölur urðu 2 sem var þá „já“ og reiknaður var kíkvaðrat og phi stuðull til að sjá hvort tengsl væru milli þessara breyta. Hins vegar voru ekki allar forsendur kíkvaðrat prófs uppfylltar þar sem væntigildi var undir 1,0 í tveimur tilfellum og of hátt hlutfall væntigilda var undir 5 í öllum tilfellum (Field, 2005). Því var ekki hægt að sýna, með sannfærandi hætti, fram á hvort fylgni væri þarna á milli og niðurstöður þeirra fylgnireikninga því ekki birtar. Hins vegar var einnig reiknuð fylgni milli fjölda birtingarmyndar andlegs og líkamlegs ofbeldis og þær niðurstöður eru birtar í niðurstöðukafla.

Þær breytur sem sameinaðar voru í líkamlegt ofbeldi voru; hefur gerandi 1) slegið þolanda höggi í andlitið, 2) slegið þolanda högg í líkamann, 3) veitt þolanda kinnhest, 4) gripið í þolanda og/eða haldið honum, 5) hrist þolanda, 6) hrint þolanda, 7) yfirbugað þolanda, 8) sparkað í þolanda, 9) tekið þolanda kverkataki, 10) bitið þolanda, 11) haldið þolanda upp við vegg, 12) snúið uppá hendi þolanda, 13) slegið þolanda með hlut, 14) misþyrmt þolanda og 15) beitt vopni gegn þolanda.

Þær breytur sem sameinaðar voru í kynferðisofbeldi voru tvær; hefur gerandi þvingað þolanda 1) til að eiga við sig samfarir og 2) til að taka þátt í annars konar kynlífi.

Þær breytur sem sameinaðar voru í andlegt ofbeldi voru; hefur gerandi 1) hótad að nota vopn gegn þolanda, 2) eyðilagt hluti á heimilinu eða hluti þolanda, 3) kastað hlutum, 4) brotið hluti, 5) kastað mat, til dæmis í þolanda eða vegg, 6) slegið í vegg, 7) meitt, hrætt eða misþyrmt gæludýrum, 8) hótad að drepa, 9) hótad því að fremja sjálfsmorð, 10) hótad þolanda barsmíðum og misþyrmingum, 11) hótad að eyðileggja hluti, 12) hótad því að beita kynferðisofbeldi, 13) hótad að yfirgefa þolanda, 14) ekki haldið samninga og/eða ekki látið vita af seinkun eða fjarveru, 15) haldið framhjá þolanda, 16) sýnt ýkta afbrýðisemi, 17) uppnefnt þolanda á neikvæðan hátt, 18) hrætt þolanda og hótad honum (konunni) til að fá hana til að gera hluti sem hún vill ekki, 19) ákveðið fyrir þolanda hvað konan má og má ekki, 20) yfirheyrt þolanda þar sem hann (konan) þarf að gera grein fyrir því hvað hann var að gera eða hvar hann var, 21) verið ógnandi í hreyfingum eða líkamsstöðu, 22) drukkið eða notað aðra vímuefni þegar þolandi er hræddur við það, 23)

gert þolanda að sökudólg fyrir hans eigin ofbeldi, 24) neitað að ræða ofbeldið við þolanda þegar hann (konan) vill gera það og 25) lofað því að ofbeldið komi ekki fyrir aftur (og svikið það).

Samtals voru því 15 breytur sameinaðar í líkamlegt ofbeldi, tvær voru sameinaðar í kynferðislegt ofbeldi og 25 voru sameinaðar í andlegt ofbeldi. Það er því ljóst að fjöldi birtingarmynda sem fellur undir hverja tegund ofbeldis, í þessari skilgreiningu, er mjög misjafn og er mikilvægt að hafa það í huga við lestur og túlkun niðurstaðna. Þá er einnig ljóst að ákveðnir þættir í andlegu ofbeldi, til dæmis að halda framhjá eða að vera of seinn, falla ekki í öllum skilgreiningum undir andlegt ofbeldi og í daglegu tali er að jafnaði ekki fjallað um það sem ofbeldi. Í sambandi þar sem ofbeldi er ekki beitt, er til dæmis ekki talað um framhjáhald sem ofbeldi en í ofbeldissambandi getur framhjáhald verið ein leið geranda til að refsa þolanda og það sama getur átt við það að koma of seint, það getur verið leið geranda til að stjórna þolanda og refsa honum fyrir ákveðna hegðun. Þar af leiðandi ákvað rannsakandi að setja þessa þætti hér inn þar sem þeir voru sérstaklega nefndir í frumgögnum og í ljósi þess hvaðan gögnin voru fengin má gera ráð fyrir að þessir þættir geti verið hluti af víðara samhengi í ofbeldissambandi.

Allar breytur varðandi síðasta ofbeldistilvikið voru skráðar inn sem flokkabreytur og voru valmöguleikarnir þar; „nei“, „já“ og „kemur ekki fram“. Ein undantekning var á þessu þar sem breytan „hafði einhver annar afskipti af málinu“ hafði fleiri valmöguleika. Sú breyta var hins vegar tekin út þar sem upplýsingar um þennan þátt komu yfirleitt ekki fram í frumgögnum og því ekki hægt að setja fram niðurstöður um hann auk þess sem samræmi í skráningu var óásættanlegt (nánar fjallað um það síðar í kaflanum).

Breytan um það hvort börn hafi verið viðstödd ofbeldið var skráð sem flokkabreyta og viðbrögð barnanna skráð sem strengjabreytur (e. string). Þá voru aðrar breytur varðandi börnin og ofbeldið skráðar sem flokkabreytur og reiknaðar tíðnitöflur fyrir þær allar. Mikilvægt er að taka hér fram að í mörgum tilvikum var óljóst í frumgögnum hvort um var að ræða börn undir 18 ára aldri eða hvort börnin væru jafnvel fullorðin og því þarf að taka með fyrirvara þær niðurstöður sem settar eru fram um ofbeldi og börnin. Þótti hins rétt að hafa niðurstöðurnar með þar sem gerendur voru í öllum tilfellum að segja frá sínum eigin börnum og/eða börnum þolanda sinna (börnum í þeirra umsjá) og í sumum tilvikum kom skýrt fram að um börn undir 18 ára hafi verið að ræða.

Breytur um reynslu gerenda af ofbeldi annarra voru allar skráðar sem flokkabreytur fyrir utan breytur um það hverjir höfðu beitt slíku ofbeldi og hverjir hefðu verið þolendur (aðrir en gerandi sjálfur) en þær voru skráðar með orðum gerenda sem strengjabreytur (e. string). Svör gerenda við því hverjir hefðu beitt ofbeldi í upprunafjölskyldu og hverjir hefðu verið þolendur voru svo flokkuð eftir tengslum gerenda við þá aðila og eru birt í niðurstöðum í samræmi við það.

Öll svör við opnun spurningum í flokknun „einangrun“ (leynd um ofbeldið) annars vegar og „ábyrgð og áhætta“ hins vegar, voru skráð inn með nákvæmum orðum og niðurstöður birtar í samræmi við það. Aðrar breytur í flokknun „ábyrgð og áhætta“ voru skráðar sem flokkabreytur í samræmi við svarmöguleika á rannsóknareyðublaði.

Óháður aðili, sálfræðingur að mennt, var fenginn til að fylla út 20% af gögnunum og voru þau slegin inn í spss og borin saman við sömu skýrslur sem rannsakandi hafði fyllt út til þess að kanna áreiðanleika í skráningu. Reiknaður var áreiðanleiki fyrir allar breytur sem ekki voru strengjabreytur (e. string) og var ein breyta, „Hafði einhver annar afskipti af tilvikinu“ varðandi síðasta ofbeldistilvikið, með óásættanlegt samræmi (Kappa undir .20) og var sú breyta því tekin út. Eins og áður segir, hafði þegar verið ákveðið að taka út þessa breytu vegna þess að upplýsingar vorur óljósar og mjög litlar í frumgögnum. Fimm breytur voru með samræmi í meðallagi (.41 - .60). Aðrar breytur voru með gott (.61 - .80) eða mjög gott (.81 – 1.0) samræmi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Í töflu 1 má sjá þær breytur sem voru með samræmi í meðallagi.

Tafla 1. Breytur með samræmi í meðallagi.

Breytur með samræmi í meðallagi	Kappa	Hlutfall samræmis
Er gerandi eða þolandi í samskiptum við barnavernd	.571	75
Rauf gerandi nálgunarbann við tilvikið (síðasta ofbeldistilvik)	-.590	75
Hefur gerandi verið handtekinn vegna nálgunarbanns	.478	91,67
Hefur gerandi verið atvinnulaus eða óstöðugt á vinnumarkaði	.435	66,67
Ef frá er talið síðasta ofbeldistilvik, hefur sambandið verið stormasamt	.429	58,33

Allar breytur í töflu 1 voru teknar út þar sem samræmi milli skráningaraðila var ekki nógu gott (Wood, 2003).

Hverri rannsóknarspurningu er svarað með lýsandi tölfræði með því að draga saman niðurstöður í umræðukafla og bera þær saman við kenningar og fyrri rannsóknir.

3.4 Siðferðileg álitaefni

Í rannsókninni var unnið með sérstaklega viðkvæmt málefni og því var mikilvægt að leggja áherslu á að gæta vel að siðferðislegum skyldum. Þar sem um var að ræða fyrirliggjandi gögn, sem upphaflega var ekki safnað í rannsóknarskyni, lá ekki fyrir upplýst samþykki þátttakenda en almennt er það skilyrði fyrir rannsóknum á fólki (Háskóli Íslands, e.d.). Var því haft samband við umsjónarmenn *Karlar til ábyrgðar* og sáu þeir um að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr gögnunum áður en rannsakandi fékk þau til skoðunar. Þá var rannsóknin einnig tilkynnt til Persónuverndar en ekki var nauðsynlegt að sækja um leyfi fyrir rannsókninni þar sem ekki voru skoðuð persónugreinanleg gögn. Þar sem að umrædd gögn voru upphaflega ekki rannsóknargögn var mikilvægt að horfa til þess þegar unnið var með upplýsingarnar og þær túlkaðar. Þá þurfti rannsakandi að vera vakandi fyrir eigin hugmyndum um staðalímyndir og fordóma gagnvart ofbeldismönnum (Fontes, 1998). Í því skyni lagði rannsakandi sig fram um að skoða rannsóknir sem gerðar voru með mismunandi sniði og áherslum til að kanna sem flest sjónarhorn og fá enn dýpri sýn í málaflokkinn áður en rannsóknin var gerð.

4 Niðurstöður

Allar upplýsingar, sem rannsóknin byggði á, komu frá körlum sem leituðu sér aðstoðar hjá úrræðinu *Karlar til ábyrgðar*. Upplýsingarnar voru allar gefnar í fyrstu tveimur til þremur viðtölum karlanna og þær byggðu á skilningi þeirra sjálfra á því sem þeir gáfu upplýsingar um. Mikilvægt er að hafa þetta í huga við lestur og túlkun niðurstaðna.

Einu bakgrunnsupplýsingarnar sem rannsakandi hafði aðgang að, var hjúskaparstaða geranda þegar hann leitaði fyrst til *Karlar til ábyrgðar*. Þær upplýsingar byggðu á svari geranda við spurningunni um hvaða tengsl hann hafði við þann sem hann beitti ofbeldið sem hann leitar vegna, til *Karlar til ábyrgðar*.

Tafla 2. Hjúskaparstaða gerenda.

	Fjöldi	Hlutfall
Giftur/í sambúð	44	73,3
Sambúð slitið/fráskilinn	6	10,0
Skilinn að borði og sæng	4	6,7
Fast samband	4	6,7
Föstu sambandi lokið	1	1,7
Upplýsingar vantar	1	1,7
Samtals	60	100,0

Eins og sjá má í töflu 2 var mikill meirihluti karla í úrtakinu giftur eða í sambúð eða yfir 73%. Upplýsingar vantaði frá einum geranda.

4.1 Ofbeldi gerenda gegn öðrum en núverandi eða síðasta maka

Niðurstöður um ofbeldi gegn öðrum en maka snúa að því hvort gerandi hafi beitt ofbeldi í fyrri samböndum sínum, hvort hann hafi beitt börn ofbeldi, eða aðra í ættinni, kunningja utan fjölskyldunnar og/eða ókunnuga einstaklinga.

4.1.1 Ofbeldi gagnvart maka í fyrri samböndum

Þriðjungur gerenda greindi frá því að hafa beitt ofbeldi gagnvart maka í fyrri samböndum (tafla 3).

Einnig kom fram í gögnunum að þrír karlar, eða 5,2% þeirra sem höfðu átt maka áður, hefðu notað vopn eða verið með líflátshótanir gagnvart fyrrverandi maka og að tíu karlar

eða 17,2% þeirra sem hafi átt maka áður, hefðu hótad að beita vopni eða alvarlegu ofbeldi (líkamsmeiðingum).

Tafla 3. Ofbeldi gerenda gagnvart maka í fyrri samböndum.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	38	63,3
Já	20	33,3
Á ekki við/engin fv. maki	2	3,3
Samtals	60	100,0

Andlegt ofbeldi var algengasta tegund ofbeldis gagnvart fyrrverandi maka/mökum. Meðal þeirra sem höfðu beitt ofbeldi í fyrri samböndum, höfðu 17 (85%) þeirra beitt andlegu ofbeldi (tafla 4).

Tafla 4. Tegundir ofbeldis gerenda í fyrri samböndum.

	Fjöldi	Hlutfall
Líkamlegt ofbeldi	14	70,0
Andlegt ofbeldi	17	85,0
Ógnanir	14	70,0
Kynferðislegt ofbeldi	3	15,0
Samtals*	48	240,0

*Hlutfall á við fjölda þeirra sem hafa beitt eða reynt að beita ofbeldi í fyrri samböndum (N=20). Heildarfjöldi er hærri en 20 vegna þess að hver gerandi getur hafa beitt fleiri en einni tegund ofbeldis og því verður samanlagt hlutfall einnig hærri en 100%.

Af þeim 20 körlum sem höfðu beitt eða reynt að beita ofbeldi í fyrri samböndum, voru 17 sem gáfu upp hversu marga fyrrverandi maka þeir höfðu beitt eða reynt að beita ofbeldi og voru þolendur þeirra í heildina 32. Mest hafði sami gerandi beitt eða reynt að beita fjóra fyrrverandi maka ofbeldi.

4.1.2 Ofbeldi gegn börnum

Eins og sjá má í töflu 5, voru 13 karlar sem höfðu beitt eða reynt að beita ofbeldi gagnvart barni en í tveimur tilfellum vantaði upplýsingar.

Tafla 5. Ofbeldi gerenda gagnvart börnum.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	45	75,0
Já	13	21,7
Upplýsingar vantar	2	3,3
Samtals	60	100,0

Tveir gerendur höfðu beitt ofbeldi gagnvart þremur börnum, fjórir höfðu beitt ofbeldi gegn tveimur börnum, fimm gegn einu barni en upplýsingar vantaði um fjölda barna í tveimur tilvikum. Flestir höfðu beitt eigin börn ofbeldi eða sjö karlar. Þrír höfðu beitt stjúpborn sín ofbeldi, einn hafði beitt bæði sín eigin börn og börn annarra ofbeldi, annar hafði beitt eigin börn og stjúpborn ofbeldi en í einu tilfelli vantaði upplýsingar um tengsl geranda við barnið/börnin sem hann hafði beitt ofbeldi. Í öllum tilvikum var því um að ræða börn sem gerandi hafði foreldraskyldur gagnvart (eigin börn/stjúpborn).

Upplýsingar um tegundir ofbeldis sem gerandi hafði beitt eða reynt að beita gegn barni má sjá í töflu 6. Enginn gerandi gaf upplýsingar um að hafa beitt eða reynt að beita kynferðislegu ofbeldi gagnvart barni. Þá voru tíu karlar sem sögðust hafa hótad því að beita ofbeldi gegn barni, eða 16,7% gerenda, en þar af voru fjórir sem greindu frá því að hafa einungis hótad því en ekki beitt því.

Tafla 6. Tegundir ofbeldis geranda gegn börnum.

	Fjöldi	Hlutfall
Líkamlegu ofbeldi	13	100,0
Andlegu ofbeldi	8	61,5
Ógnunum	5	38,5
Samtals*	26	200,0

*Heildarfjöldi hér er hærrí en 13 þar sem hver gerandi gat gefið upp fleiri en eina tegund ofbeldis sem hann hafði beitt gegn barni. Hlutfallið á við fjölda þeirra sem sögðu já við því að hafa beitt eða reynt að beita ofbeldi gegn barni (N=13) og því verður heildarhlutfall herra en 100.

4.1.3 Ofbeldi gegn öðrum í fjölskyldunni

Ofbeldi gegn öðrum aðilum í fjölskyldunni vísar til annarra en maka og börnum, til dæmis getur það átt við foreldra og frændfólk gerenda eða jafnvel ættingja maka. Tæplega 32% gerenda höfðu beitt ofbeldi gegn öðrum í fjölskyldunni en upplýsingar vantaði í tveimur tilfellum (tafla 7).

Þegar skoðað var hverja innan fjölskyldunnar gerendur höfðu beitt ofbeldi, var algengast að bræður hefðu verið þolendur (8). Þar á eftir voru feður/stjúpfeður (6) en einnig höfðu gerendur beitt systur sínar, mæður, ættingja eiginkonu og afabróður ofbeldi. Einn gerandi gaf ekki upplýsingar um hvern innan fjölskyldunnar hann hafði beitt ofbeldi (en hafði gefið upplýsingar um að hafa beitt ofbeldi gegn einhverjum í fjölskyldunni). Um helmingur þeirra sem höfðu beitt aðra í fjölskyldunni ofbeldi, gaf upplýsingar um að hafa beitt fleiri en einn innan fjölskyldunnar ofbeldi. Hér er mikilvægt að hafa í huga að í

einhverjum tilfellum getur verið um að ræða ofbeldi sem átti sér stað á barns- eða unglingsaldri en ekki er ljóst í frumgögnum í hve mörgum tilfellum það er.

Tafla 7. Ofbeldi gerenda gegn öðrum í fjölskyldunni.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	39	65,0
Já	19	31,7
Upplýsingar vantar	2	3,3
Samtals	60	100,0

Enginn gerandi gaf upplýsingar um að hafa beitt kynferðisofbeldi gegn öðrum í fjölskyldunni og hjá einum geranda vantaði upplýsingar um tegund ofbeldisins. Þá höfðu 18 (94,7%) af þeim 19 sem beitt höfðu ofbeldi gagnvart öðrum í fjölskyldunni, beitt líkamlegu ofbeldi, sex (31,6%) höfðu beitt andlegu ofbeldi og átta (42,1%) höfðu beitt ógnunum. Margir höfðu því beitt fleiri en einni tegund ofbeldis. Einnig sögðust ellefu, eða 18,3% gerenda, hafa hótad að beita aðra í fjölskyldunni ofbeldi en sex gerendur (10%) svöruðu ekki þeirri spurningu. Af þessum ellefu, var aðeins einn sem eingöngu hafði hótad slíku ofbeldi (en ekki beitt því) þannig að flestir þeirra sem höfðu hótad ofbeldi gegn öðrum í fjölskyldunni höfðu einnig beitt slíku ofbeldi.

4.1.4 Ofbeldi gegn fólki utan fjölskyldunnar

Fjórðungur gerenda sagðist hafa beitt kunnuga utan fjölskyldunnar ofbeldi en fimm gerendur gáfu ekki upplýsingar um það.

Tafla 8. Ofbeldi gerenda gegn kunnugum utan fjölskyldunnar.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	40	66,7
Já	15	25,0
Upplýsingar vantar	5	8,3
Samtals	60	100,0

Polendur, í hópnum kunnugir utan fjölskyldunnar, voru til dæmis vinnufélagar, skólafélagar og vinir. Hér skal tekið fram að ekki var alltaf skýrt í frumgögnum hvort því ofbeldi hafði verið beitt á fullorðinsárum eða þegar gerandi var barn eða unglingur. Stundum var tekið fram að ofbeldið hefði verið framið fyrir einhverju síðan, til að mynda í neyslu eða á unglingsárum og því ljóst að ekki var alltaf um að ræða ofbeldi sem gerendur hafa framið eftir að þeir urðu fullorðnir.

Tafla 9. Tegundir ofbeldis gagnvart kunnugum utan fjölskyldunnar.

	Fjöldi	Hlutfall
Líkamlegt ofbeldi	13	86,7
Andlegt ofbeldi	5	33,3
Ógnanir	4	26,7
Samtals*	22	146,7

*Hlutfall miðast við þá sem hafa beitt kunnuga utan fjölskyldunnar ofbeldi (N=15).

Eins og sjá má í töflu 9 höfðu sumir gerendur beitt fleiri en einni tegund ofbeldis gagnvart kunnugum utan fjölskyldunnar. Enginn gaf upplýsingar um að hafa beitt kynferðislegu ofbeldi gegn aðilum úr þessum hópi. Þá voru 15 gerendur sem sögðust hafa hótad að beita kunnuga utan fjölskyldunnar ofbeldi en það samsvarar 25% af heildarfjölda gerenda (N=60). Einungis þrír gerendur höfðu hótad að beita kunnuga utan fjölskyldunnar ofbeldi án þess að hafa beitt því.

Tæplega 47% gerenda sögðust hafa beitt ofbeldi gegn ókunnugum eða hótad að gera það (tafla 10). Upplýsingar vantaði í 15 tilfellum (25%) og er óvissuþátturinn því stór.

Tafla 10. Ofbeldi gerenda gegn ókunnugum.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	17	28,3
Já	28	46,7
Upplýsingar vantar	15	25,0
Samtals	60	100,0

Flestir sem sögðust hafa beitt ókunnuga ofbeldi, höfðu beitt því undir áhrifum áfengis, í tengslum við fíkniefnaneyslu og/eða í slagsmálum á skemmtistöðum þó nefnd hafi verið dæmi um kunningja. Margir gáfu ekki upplýsingar um það hverja þeir höfðu beitt ofbeldi í þessu samhengi. Í einstaka tilfellum kom fram að ofbeldi gegn ókunnugum hefði verið beitt fyrir löngu síðan og gæti jafnvel hafa verið beitt þegar gerandi var barn eða unglingur. Því er ljóst að ekki var alltaf um ofbeldi á fullorðinsárum að ræða. Þegar skoðaður var fjöldi þeirra sem gerendur höfðu beitt ofbeldi var mesti fjöldi, sem fram kom, 50 manns en einn gerandi gaf upp þann fjölda þolenda. Aðrir gerendur, sem svöruðu spurningunni, gáfu upp einn til fjóra þolendur en rétt er að taka fram að eingöngu níu gerendur gáfu upplýsingar um það hversu marga ókunnuga þeir höfðu beitt ofbeldi. Það var því erfitt er að gera sér grein fyrir því hversu margir þolendur voru í þessum hópi.

Algengasta tegund ofbeldis gegn ókunnugum var líkamlegt ofbeldi en upplýsingar vantaði í fjórum tilfellum (N=28).

Tafla 11. Tegundir ofbeldis gegn ókunnum.

	Fjöldi	Hlutfall
Líkamlegt ofbeldi	21	75,0
Andlegt ofbeldi	8	28,6
Ógnanir	7	25,0
Kynferðislegt ofbeldi	2	7,1
Upplýsingar vantar	4	14,2
Samtals*	42	149,9

*Heildarfjöldi er hærri en 28 þar sem sumir gerendur gáfu upp fleiri en eina tegund ofbeldis. Hlutfall miðast við þann fjölda sem sagði já við því að hafa beitt ókunnuga ofbeldi.

Til frekari glöggvunar á ofbeldi gerenda gegn öðrum en núverandi eða síðasta maka er hægt að sjá, í töflu 12, samanburð á því hve margir sögðu já við því að hafa beitt ofbeldi á öðrum sviðum lífsins.

Tafla 12. Ofbeldi gegn öðrum en núverandi/síðasta maka.

	Ofbeldi gegn maka í fyrri samböndum	Ofbeldi gegn börnum	Ofbeldi gegn öðrum í fjölskyldunni	Ofbeldi gegn kunnugum utan fjölsk.	Ofbeldi/hótun um ofbeldi gegn ókunnugum
Nei	63,3	75,0	65,0	66,7	28,3
Já	33,3	21,7	31,7	25,0	46,7
Uppl. vantar	3,3*	3,3	3,3	8,3	25,0
Alls (N=60)	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

*Á ekki við, enginn fv. maki.

Það voru 21,7 - 46,7% gerenda sem sögðust hafa beitt ofbeldi gegn öðrum en núverandi eða síðasta maka. Hæst var hlutfallið þegar spurt var um ofbeldi gegn ókunnugum en lægst þegar spurt var um ofbeldi gegn börnum. Rétt er að taka fram að í töflunni hér að ofan eru ekki taldir með þeir sem höfðu hótad (en ekki beitt) ofbeldi gegn öðrum hópum en gegn ókunnugum og mikilvægt að hafa það í huga við lestur töflunnar.

Þegar settar voru saman breytur um það hvort gerandi hafði beitt ofbeldi gegn; a) öðrum í fjölskyldunni, b) kunnugum utan fjölskyldunnar og c) ókunnugum, kom fram að 41,7% höfðu ekki beitt ofbeldi gegn neinum úr þessum hópum, 28,3% höfðu beitt ofbeldi gegn aðila/aðilum úr einum þessara hópa, 15% gegn aðila/aðilum úr tveimur þeirra og 15% gegn aðila/aðilum úr þeim öllum. Þetta þýðir að um helmingur þeirra sem höfðu beitt ofbeldi í þessum hópum höfðu beitt því gegn aðilum úr tveimur eða öllum þremur hópunum (fyrir utan maka og/eða börn). Þessar niðurstöður eru sýndar í töflu 13.

Tafla 13. Samanburður á ofbeldi gegn öðrum en maka og/eða börnum.

	Tíðni	Hlutfall
Enga	25	41,7
Aðila úr einum hópi	17	28,3
Aðila úr tveimur hópum	9	15,0
Aðila úr öllum þremur hópunum	9	15,0
Alls	60	100,0


Við lestur töflu 14 er mikilvægt að hafa í huga að fjöldi þeirra sem beitt höfðu ofbeldi var mismunandi eftir hópum, það er að segja eftir því hverjir voru þolendur, og því lá ekki sami fjöldi á bak við hlutfallstölur milli hópa.

Tafla 14. Samanburður á tegundum ofbeldis eftir tensglum gerenda við þolendur.

	Ofbeldi gegn maka í fyrri samböndum	Ofbeldi gegn börnum	Ofbeldi gegn öðrum í fjölsk.	Ofbeldi gegn kunnugum utan fjölsk.	Ofbeldi/hótun um ofbeldi gegn ókunnugum
Líkaml. ofbeldi	70,0	100,0	94,7	86,7	75,0
Andlegt ofbeldi	85,0	61,5	31,6	33,3	28,6
Ógnanir	70,0	38,5	42,1	26,7	25,0
Kynf.l. ofbeldi	15,0	0,0	0,0	0,0	7,1
Uppl. vantar	0,0	0,0	5,2	0,0	14,2
N í hv. hópi	20	13	19	15	28

Þegar um var að ræða ofbeldi gegn maka í fyrri samböndum, var algengast að gerandi hefði beitt andlegu ofbeldi en í öllum öðrum hópum var algengast að líkamlegu ofbeldi hefði verið beitt. Í öllum hópum höfðu einhverjir gerendur beitt fleiri en einni tegund ofbeldis. Sömu niðurstöður eru sýndar á mynd 3.

Það sést mjög glögg á myndinni að líkamlegt ofbeldi var langalgengast í öllum tilfellum, nema gagnvart maka í fyrri samböndum og að kynferðisofbeldi var langsíaldgæfast í öllum tilfellum.



Mynd 3. Tegundir ofbeldis gegn öðrum en núverandi/síðasta maka.

4.2 Reynsla gerenda af ofbeldi í æsku

Reynsla gerenda af ofbeldi í æsku, getur bæði verið að hafa orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu sinni fyrir 18 ára aldur og að hafa sjálfur verið beittur ofbeldi fyrir 18 ára aldur, annað hvort af einhverjum innan fjölskyldunnar eða einhverjum utan hennar.

4.2.1 Að hafa orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur

Meira en helmingur gerenda hafði orðið vitni að ofbeldi innan fjölskyldu sinnar fyrir 18 ára aldur, eða 35 (58,3%) þeirra (tafla 15).

Tafla 15. Gerandi orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu sinni.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	20	33,3
Já	35	58,3
Upplýsingar vantar	5	8,3
Alls	60	100,0

Þegar skoðað var hvort gerandi hefði orðið vitni að slíku ofbeldi oft eða sjaldan, kom fram að 14 (40%) þeirra (N=35) höfðu oft orðið vitni að því, níu (25,7%) sjaldan og í tólf (34,3%) tilfellum vantaði upplýsingar um það. Hér skal tekið fram að hlutfallið vísar til þess fjölda sem sagði „já“ við því að hafa orðið vitni að ofbeldi eða áreitni í upprunafjölskyldu sinni fyrir 18 ára aldur.

Einnig kom fram að tólf (34,3%) þeirra gerenda, sem höfðu orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu sinni fyrir 18 ára aldur, höfðu orðið vitni að alvarlegu ofbeldi. Þá höfðu sjö (20%) þeirra orðið vitni að minna alvarlegu ofbeldi en upplýsingar vantaði í um 16 (45,7%) tilfellum. Vert er að taka fram hér að skilningur á „oft“ og „sjaldan“ annars vegar og „alvarlegt“ og „minna alvarlegt“ hins vegar, byggði eingöngu á upplifun gerendanna sjálfra og lá ekki fyrir nein skýring á því hvað væri „oft“ eða hvað teldist „alvarlegt“. Það er því ljóst að það sem einum getur hafa þótt vera alvarlegt gæti öðrum hafa fundist minna alvarlegt.

Flestir höfðu orðið vitni að ofbeldi föður, stjúpföður eða fósturföður, eða 29 af 35 (82,9%). Hér er rétt að taka fram að í daglegu tali á Íslandi er orðið „fósturfaðir“ oft notað þegar verið er að tala um „stjúpföður“ og ekki lágu fyrir upplýsingar um það hvort það hafði sérstaklega verið farið yfir það með gerendum hvort þeir væru að tala um stjúpfeður eða fósturfeður. En fósturfaðir er í raun karlmaður sem hefur tekið barn í fóstur, til dæmis fyrir tilstilli barnaverndar, en er ekki stjúpfaðir þess.

Þá höfðu níu af 35 (25,7%) orðið vitni að ofbeldi móður og einn að ofbeldi af hálfu konu föður síns. Þrír urðu vitni að ofbeldi af hálfu kærasta móður, sem þeir þó skilgreindu ekki sem stjúpföður. Einnig voru þrír (8,6%, N=35) sem nefndu aðra gerendur ofbeldis sem þeir urðu vitni að í æsku. Níu (25,7%,) gerendur nefndu tvo ofbeldismenn í þessu samhengi og einn nefndi þrjá ofbeldismenn. Í tveimur tilvikum vantaði upplýsingar um það hverjir beittu ofbeldinu. Þannig höfðu 33 af gerendum sem rannsóknin tekur til, orðið vitni að ofbeldi 45 aðila í upprunafjölskyldu sinni fyrir 18 ára aldur.

Flestir höfðu orðið vitni að ofbeldi gegn móður eða 22 (62,9%) af þeim 35 sem höfðu orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur. Þá höfðu 14 þeirra (40%) orðið vitni að ofbeldi gegn systkinum og þrír að ofbeldi gegn föður eða stjúpföður. Upplýsingar vantaði frá 6 af 35, eða 17,1%, um það gegn hverjum ofbeldinu hafði verið beitt. Vert er að nefna að sjö nefndu bæði móður og systkini sem þolendur ofbeldis sem þeir urðu vitni

að í æsku. Ekki er unnt að meta heildarfjölda þolenda þar sem systkini geta verið fleiri en eitt.

Í töflu 16 má sjá hvaða tegund ofbeldis gerendur höfðu orðið vitni að í upprunafjölskyldu sinni.

Tafla 16. Tegundir ofbeldis sem gerandi hefur orðið vitni að í upprunafjölskyldu.

	Fjöldi	Hlutfall
Líkamlegt ofbeldi	24	68,6
Andlegt ofbeldi	26	74,3
Ógnanir	10	28,6
Kynferðislegt ofbeldi	3	8,6
Samtals*	63	180,1

*Hlutfall miðast við heildarfjölda þeirra sem höfðu orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu (N=35) og þar sem hver gerandi gat merkt við fleiri en eina tegund ofbeldis, verður samanlagt hlutfall yfir 100%.

Yfir 68% höfðu orðið vitni að líkamlegu ofbeldi og tæplega 75% að andlegu ofbeldi. Upplýsingar vantaði um tegund ofbeldis í upprunafjölskyldu frá tveimur mönnum.

4.2.2 Að hafa sjálfur verið beittur ofbeldi í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur

Tæplega helmingur, eða 46,7%, gerenda höfðu sjálfir verið beittir ofbeldi af fjölskyldumeðlimum í upprunafjölskyldu sinni fyrir 18 ára aldur en upplýsingar vantaði í fimm tilfellum (tafla 17).

Tafla 17. Ofbeldi gegn geranda í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	27	45,0
Já	28	46,7
Kemur ekki fram	5	8,3
Samtals	60	100,0

Af þeim 28 gerendum sem höfðu verið beittir ofbeldi af fjölskyldumeðlimum fyrir 18 ára aldur, voru átta (28,6%) sem töldu það hafa átt sér stað oft, 14 (50%) sem töldu það hafa sjaldan átt sér stað en upplýsingar vantaði frá sex mönnum (21,4%). Hlutfall miðast við fjölda gerenda sem höfðu verið beittir ofbeldi innan fjölskyldunnar fyrir 18 ára aldur (N=28).

Fram kom að átta gerendur (28,6%) töldu ofbeldið hafa verið alvarlegt og að níu (32,1%) töldu það hafa verið minna alvarlegt en upplýsingar vantaði um alvarleika frá ellefu mönnum (39,3%). Skilningur á tíðni og alvarleika byggði eingöngu á upplifun og

túlkun gerendanna sjálfra og ekki lá fyrir nein skýring, hvorki um tíðni né alvarleika ofbeldisins, og því getur viðmiðið hafa verið mismunandi milli manna.

Í töflu 18 má sjá hvaða tegundum ofbeldis gerendur höfðu verið beittir. Enginn gerandi gaf upplýsingar um að hafa verið beittur kynferðislegu ofbeldi innan fjölskyldunnar fyrir 18 ára aldur og þrír gáfu ekki upplýsingar um hvaða tegund ofbeldis þeir höfðu verið beittir en gáfu upp að þeir hefðu verið beittir einhvers konar ofbeldi.

Tafla 18. Tegundir ofbeldis gegn geranda í upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur.

	Fjöldi	Hlutfall
Líkamlegt ofbeldi	22	78,6
Andlegt ofbeldi	17	60,7
Ógnanir	6	21,4
Samtals*	45	160,7

*Hlutfall miðast við fjölda gerenda sem höfðu verið beittir ofbeldi innan fjölskyldunnar fyrir 18 ára aldur (N=28). Heildarfjöldi verður meiri en 28 þar sem hver gerandi gat merkt við fleiri en eina tegund.

Flestir gerendur höfðu verið beittir ofbeldi af hálfu föður eða stjúpföður, eða 25 (89,3%) af þeim 28 sem beittir höfðu verið ofbeldi innan upprunafjölskyldu. Þá nefndi einn gerandi bæði föður og stjúpföður sem sína ofbeldismenn. Fjórir höfðu verið beittir ofbeldi af hálfu móður og einn af hálfu eiginkonu föður síns sem hann skilgreindi þó ekki sem stjúpmóður. Þá var einn gerandi beittur ofbeldi af hálfu móðursystur og þrír af hálfu systkina sinna. Nokkrir nefndu fleiri en einn sem beitti þá ofbeldi innan fjölskyldunnar í æsku. Fimm gerendur nefndu tvo og tveir nefndu þrjá. Þá var einn sem gaf ekki upplýsingar um það hver eða hverjir beittu hann ofbeldi í æsku en gaf upplýsingar um að hafa verið beittur ofbeldi innan fjölskyldunnar fyrir 18 ára aldur. Því er ljóst að þeir 27 gerendur sem gáfu upplýsingar um hverjir beittu þá ofbeldi innan upprunafjölskyldunnar, höfðu verið beittir ofbeldi af hálfu 35 aðila.

Þá var einnig fylgni milli þess að hafa orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu og þess að hafa sjálfur verið beittur slíku ofbeldi ($\phi=0,39$) og voru tengslin marktæk ($\alpha < 0,01$).

4.2.3 Að hafa verið beittur ofbeldi utan fjölskyldunnar fyrir 18 ára aldur

Tæplega 27% gerenda höfðu verið beittir ofbeldi af öðrum en fjölskyldumeðlimum fyrir 18 ára aldur en í ríflega 18% tilfella vantaði upplýsingar (tafla 19).

Tafla 19. Ofbeldi gegn geranda utan upprunafjölskyldu fyrir 18 ára aldur.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	33	55,0
Já	16	26,7
Kemur ekki fram	11	18,3
Samtals	60	100,0

Algengast var að gerandi hefði verið beittur líkamlegu ofbeldi af einhverjum utan fjölskyldunnar og engin gaf upp að hafa verið beittur ógnunum í þessu samhengi. Upplýsingar vantaði um tegund ofbeldisins frá einum geranda. Þessar niðurstöður má sjá í töflu 20. Hér er vert að taka fram að heildarhlutfall tegunda ofbeldis er mun lægra en þegar ofbeldi hefur verið beitt innan fjölskyldunnar og skýrist það af því að hver gerandi nefndi í flestum tilfellum eina tegund ofbeldis af hálfu einhvers utan fjölskyldunnar á meðan fleiri nefndu fleiri tegundir ofbeldis þegar það hafði átt sér stað innan fjölskyldunnar. Í báðum tilfellum var líkamlegt ofbeldi algengasta tegundin. Einnig kom hér fram að tæplega þriðjungur þeirra, sem beittir höfðu verið ofbeldi utan fjölskyldunnar fyrir 18 ára aldur, sögðu frá því að hafa verið beittir kynferðisofbeldi en enginn þeirra sem sagði frá ofbeldi innan upprunafjölskyldu sagði frá kynferðisofbeldi.

Tafla 20. Tegundir ofbeldis gegn geranda af hálfu aðila utan fjölskyldunnar, fyrir 18 ára aldur.

	Fjöldi	Hlutfall
Líkamlegt ofbeldi	10	62,5
Andlegt ofbeldi	4	25
Kynferðislegt ofbeldi	5	31,3
Samtals*	19	118,8

*Hlutfall miðast við fjölda þeirra sem höfðu verið beittir ofbeldi af öðrum en fjölskyldumeðlimum fyrir 18 ára aldur (N=16). Heildarfjöldi er meiri en 16 þar sem hver gat merkt við fleiri en eina tegund.

Margir nefndu ekki ákveðin aðila utan fjölskyldunnar þegar spurt var um hverjir hefðu beitt ofbeldinu heldur nefndu slagsmál og töluðu um ofbeldi af hálfu skólafélaga og einelti. Þá var einn sem nefndi lögreglu, annar nefndi vinkonu systur sinnar, einn nefndi róna fyrir utan heima hjá sér og annar nefndi mann á elliheimili. Tveir gáfu ekki upplýsingar um hverjir beittu þá ofbeldi utan fjölskyldunnar.

4.3 Birtingarmyndir ofbeldis gerenda gegn núverandi eða síðasta maka

Tafla 21 sýnir hvaða birtingarmyndir gerendur höfðu notað til að stýra og hafa áhrif á hegðun þolenda sinna. Þetta er upptalning á birtingarmyndum sem þeir sjálfir veittu

upplýsingar um og er heildarfjöldi þeirra 788, miðað við að merkt hafi verið einu sinni við hverja birtingarmynd sem gerandi sagðist hafa notað. Þá var merkt „já“ eða „nei“ við hverja birtingarmynd fyrir hvern geranda en ekki tekið mið af því hversu oft hver gerandi hafði notað hverja birtingarmynd fyrir sig, þá yrði samanlagður fjöldi mun hærri.

Miðað við þessar forsendur hafði hver gerandi notað að meðaltali 13 birtingarmyndir, af þeim 42 sem taldar voru upp, til þess að hafa stjórn á hegðun þolanda síns. Sumir höfðu beitt ofbeldi í eitt skipti og merkt við eina birtingarmynd á meðan aðrir höfðu merkt við margar birtingarmyndir og gefið upp mörg skipti við hverja birtingarmynd, sem merkt hafði verið við. Þannig má nefna að mesti fjöldi skipta sem einn gerandi nefndi við eina birtingarmynd, var 1000 sinnum. Sú birtingarmynd fól í sér að uppnefna þolanda á neikvæðan hátt, til dæmis „hóra“ eða „þú ert hálfviti“. Þá sagðist einn gerandi hafa hrætt eða hótad þolanda sínum til að gera hluti sem hann vildi ekki, 500 sinnum. Einn gerandi lýsti því að hafa 75 sinnum gefið þolanda sínum högg í líkamann, einn að hafa 50 sinnum hrint þolanda sínum, einn að hafa tekið þolanda sinn kverkataki 20 sinnum, einn að hafa bitið þolanda sinn 50 sinnum og einn að hafa þvingað þolanda sinn til að eiga við sig samfarir allt að 15 sinnum. Margir gerendur sögðust hafa notað birtingarmyndirnar „oft“ án þess að skilgreina það nánar og þar sem upplýsingarnar byggja á túlkun gerendanna sjálfra er erfitt að segja til um hvað það þýðir í fjölda skipta. Einum geranda getur hafa þótt að fimm sinnum væri oft en öðrum að það þyrfti að vera oftár en 50 sinnum til að geta talist oft. Í mörgum tilfellum var merkt við að birtingarmynd hefði verið notuð án þess að tilgreint hafi verið um fjölda skipta. Algengast var þó að gerendur sögðust hafa notað hverja birtingarmynd á bilinu einu sinni til tíu sinnum. Flestir sögðust hafa slegið í vegg (ógnun) eða 44 (73,3%), næstflestir að hafa uppnefnt þolanda á neikvæðan hátt eða 43 (71,7%). Þá voru fæstir sem sögðust hafa meitt, hrætt eða misþyrmt gæludýrum, eða 2 (3,3%) og jafnmargir sögðust hafa bitið þolanda.

Tafla 21. Lýsingar á ofbeldi gerenda gegn núverandi/síðasta maka.

Slegið í vegg	44	73,3
Uppnefnt þolanda á neikvæðan hátt	43	71,7
Hótad að yfirgefa þolanda	41	68,3
Gripið í þolanda og/eða haldið honum	39	65,0
Sýnt ýkta afbrýðisemi	38	63,3
Verið ógnandi í hreyfingum eða líkamsstöðu	36	60,0
Lofað því að ofbeldi komi ekki fyrir aftur (og svikið það)	36	60,0

Tafla 21. Lýsingar á ofbeldi gerenda gegn núverandi/síðasta maka (framhald).

Kastað hlutum	35	58,3
Eyðilagt hluti	33	55,0
Gert þolanda að sökudólgj fyrir hans eigin ofbeldi	32	53,3
Hrint þolanda	28	46,7
Ákveðið fyrir konuna (þolanda) hvað hún má og má ekki	24	40,0
Högg í líkamann	22	36,7
Yfirbugað þolanda	22	36,7
Ekki haldið samninga og/eða ekki látið vita af seinkun eða fjarveru	21	35,0
Brotið hluti, til dæmis hurðir/glugga	20	33,3
Hótað að fremja sjálfsmorð	20	33,3
Yfirheyrt konuna (þolanda) þar sem hún þarf að gera grein fyrir því hvað hún var að gera/hvar hún var	20	33,3
Haldið þolanda upp við vegg	19	31,7
Sparkað í þolanda	18	30,0
Högg í andlitið	17	28,3
Hrist þolanda	17	28,3
Neitað að ræða ofbeldið við konuna (þolanda) þegar hún vill gera það	16	26,7
Kinnhestur	15	25,0
Tekið þolanda kverkataki	13	21,7
Hótað að drepa	11	18,3
Hrætt þolanda og hótað henni til að fá hana til að gera hluti sem hún vill ekki	11	18,3
Drukkið eða notað aðra vímugjafa þegar kona (þolandi) er hrædd við það	11	18,3
Hótað að beita kynferðisofbeldi	10	16,7
Misþyrmt þolanda	10	16,7
Hótað að beita vopni gegn þolanda	9	15,0
Hótað þolanda barsmíðum og misþyrmingum	9	15,0
Haldið framhjá þolanda	9	15,0
Þvingað þolanda til að eiga við sig samfarir	8	13,3
kastað mat í til dæmis þolanda eða veggi	8	13,3
Snúið uppá hendi	6	10,0
Þvingað þolanda til að taka þátt í annars konar kynlífi	4	6,7
Slegið þolanda með hlut	3	5,0
Beitt vopni gegn þolanda	3	5,0
Hótað að eyðileggja hluti	3	5,0
Bitið þolanda	2	3,3
Meitt, hrætt eða misþyrmt gæludýrum	2	3,3

Þegar þessar birtingarmyndir höfðu verið flokkaðar í þrjár tegundir ofbeldis; líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi kom fram að fjórir gerendur höfðu þvingað þolendur til annað hvort samfara eða annars konar kynlífs (tafla 21 sýnir að allir þessir fjórir höfðu þvingað til annars konar kynlífs en engin til samfara) og að fjórir höfðu þvingað þolanda til bæði samfara og annars konar kynlífs. Hins vegar höfðu 52 gerendur

hvorki þvingað þolanda til samfara né annars konar kynlífs. Alls voru því 8, eða 13,3%, sem höfðu beitt kynferðislegu ofbeldi eins og rannsakandi skilgreindi það við flokkun í tegundir ofbeldis.

Algengast var að gerandi hefði notað 6 – 10 birtingarmyndir andlegs ofbeldis, eða 21 (35%), og samtals höfðu 44 (73,3%) notað fleiri en fimm birtingarmyndir andlegs ofbeldis. Engin gerandi hafði notað á bilinu 20 – 25 birtingarmyndir. Niðurstöður um andlegt ofbeldi eru birtar í töflu 22. Meðalfjöldi birtingarmynda var 9,0 og staðalfrávikðið var 4,56 þannig að dreifingin var nokkuð mikil. Heildarfjöldi birtingarmynda, í flokknum andlegt ofbeldi, voru 25.

Tafla 22. Fjöldi birtingarmynda andlegs ofbeldis sem gerandi hefur notað.

	Fjöldi	Hlutfall
Aldrei	1	1,7
1 - 5 birtingarmyndir	15	25,0
6 - 10 birtingarmyndir	21	35,0
11 - 15 birtingarmyndir	19	31,7
16 - 20 birtingarmyndir	4	6,7
Samtals	60	100,0

Niðurstöður um birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis eru birtar í töflu 23. Þar sést að flestir höfðu notað 1 – 5 birtingarmyndir, eða 32 (53,3%) en 12 (20%) höfðu aldrei notað birtingarmyndir sem flokkaðar voru undir líkamlegt ofbeldi. Meðalfjöldi birtingarmynda var 3,9 og staðalfrávikðið var 3,4 og var því um mikla dreifingu að ræða í þessi samhengi, líkt og í andlega ofbeldinu. Heildarfjöldi birtingarmynda, í flokknum líkamlegt ofbeldi, voru 15.

Tafla 23. Fjöldi birtingarmynda líkamlegs ofbeldis sem gerandi hefur notað.

	Fjöldi	Hlutfall
Aldrei	12	20,0
1 - 5 birtingarmyndir	32	53,3
6 - 10 birtingarmyndir	13	21,7
11 - 15 birtingarmyndir	3	5,0
Samtals	60	100,0

Við athugun á fylgni milli þess að hafa notað birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis annars vegar og andlegs ofbeldis hins vegar kom fram ákveðin fylgni, það er að segja að þegar gerandi hafði beitt fleiri birtingarmyndum líkamlegs ofbeldis voru auknar líkur á að

hann hefði einnig beitt fleiri birtingarmyndum andlegs ofbeldis og svo öfugt (pearson's $r = 0,548$ og $\alpha < 0,01$). Rétt er að ítreka hér að fjöldi birtingarmynda segir ekki til um fjölda skipta þar sem hver gerandi getur hafa gefið upplýsingar um að hafa notað einhverja birtingarmynd mörgum sinnum. Hins vegar gefur það vísbendingar um að ofbeldi hafi átt sér stað oftast ef gerandi hefur notað margar birtingarmyndir í hverjum flokki auk þess sem það gefur einnig vísbendingar um að ofbeldi sé margþætt ferli en ekki einstakur atburður, þegar fleiri en einni tegund ofbeldis hefur verið beitt innan sambandsins.

4.4 Ýmsar upplýsingar um ofbeldi gerenda gegn núverandi eða síðasta maka

Ýmsar upplýsingar voru skoðaðar sem sérstaklega vörðuðu síðasta ofbeldistilvik gerenda gegn núverandi eða síðasta maka. Hér er eingöngu upplýsingar um síðasta líkamlega ofbeldi.

Eins og sést í töflu 24 voru 28,3% þolenda sem þurftu að leita aðstoðar eða skoðunar hjá lækni eftir síðasta ofbeldistilvik. Einn gerandi beitti kynferðisofbeldi í síðasta ofbeldistilviki og tveir beittu vopni eða morðhótun. Þá hafði lögreglan afskipti af málinu í 23,3% tilfella en upplýsingar vantaði um það í 15% tilfella.

Tafla 24. Upplýsingar um síðasta ofbeldistilvik gerenda gegn núverandi/síðasta maka.

		Nei	Já	Kemur ekki fram	Alls
Þurfti maki gerenda á lækni- og/ eða aðstoð að halda	Fjöldi	40	17	3	60
	Hlutfall	66,7	28,3	5	100
Hafði lögregla afskipti af málinu	Fjöldi	37	14	9	60
	Hlutfall	61,7	23,3	15	100
Var vopni beitt eða morðhótun í ofbeldistilvikinu	Fjöldi	54	2	4	60
	Hlutfall	90	3,3	6,7	100
Var kynferðisofbeldi beitt í ofbeldistilvikinu	Fjöldi	56	1	3	60
	Hlutfall	93,3	1,7	5	100
Hótaði gerandi að beita vopnum í framtíðinni eða alvarlegum meiðingum	Fjöldi	56	0	4	60
	Hlutfall	93,3	0	6,7	100

Einnig voru skoðaðar ýmis konar upplýsingar um ofbeldi gerenda gagnvart núverandi eða síðasta maka, almennt og í töflu 25 má sjá að meðal 24 gerenda (40%) höfðu orðið sambandsslit hjá þeim og maka á undanfögnu ári.

Tafla 25. Sambandsslit milli geranda og þolanda á undanfögnu ári.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	30	50,0
Já	24	40,0
Kemur ekki fram	6	10,0
Samtals	60	100,0

Upplýsingar um áfengis- og vímuefnaneyslu sýndu að 17 gerendur (28,3%) sögðust hafa notað áfengi og/eða vímuefni síðastliðið ár með þeim hætti að það hefði skaðað heilsufar þeirra eða samskipti þeirra við aðra.

Af þeim 17 sem sögðust hafa notað vímuefni á þennan hátt, voru átta sem sögðu að misnotkun þeirra hefði verið alvarleg og átta að hún hefði verið minna alvarleg en einn gaf ekki upplýsingar um alvarleika. Alvarleg misnotkun gat til dæmis verið ef brotapolí hafði misst vinnuna, verið handtekinn eða tekið of stóran skammt. Minna alvarleg misnotkun var ef gerandi hafði til dæmis meitt sig undir áhrifum (á fylleríi). Þessi viðmið byggja á mati sálfræðinganna sem fylltu út upprunalegu gögnin. Við útfyllingu frumgagna voru gerendur fyrst spurðir hvort þeir teldu sig hafa misnotað áfengi eða aðra vímuefni. Ef þeir svöruðu því neitandi en aðrar upplýsingar í viðtalinu gáfu annað til kynna, til dæmis ef ofbeldi hafði verið beitt undir áhrifum, voru þeir spurðir nánar út í þessi atriði og hvattir til þess að horfast í augu við þau áhrif sem neyslan gæti þá mögulega hafa haft og að hún gæti þá einnig verið vandi sem þyrfti að taka á.

Tafla 26. Gerandi hafði notað áfengi eða aðra vímuefni síðastliðið ár á þann hátt að það hefði skaðað heilsufar hans eða samskipti við annað fólk.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	37	61,7
Já	17	28,3
Kemur ekki fram	6	10,0
Samtals	60	100,0

Upplýsingar um sjálfsvígshugsanir gerenda eru birtar í töflu 27. Þar sést að tæplega þriðjungur gerenda gaf upplýsingar um að hafa hugleitt að taka eigið líf á síðastliðnu ári en 15% gáfu engar upplýsingar um það.

Tafla 27. Sjálfsvígshugleiðingar gerenda á síðastliðnu ári.

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	33	55,0
Já	18	30,0
Kemur ekki fram	9	15,0
Samtals	60	100,0

Þá voru tveir gerendur (3,3%) sem sögðust hafa hugleitt að drepa aðra á síðastliðnu ári en báðir tóku fram að það hefði eingöngu verið hugsun en ekki verið alvara í því. Sex (10%) gáfu ekki upplýsingar um það hvort þeir hefðu hugleitt að drepa aðra á tímabilinu.

Gerendur gáfu einnig upplýsingar um það hvort þeir hefðu verið svo afbrýðisamir að það hefði skaðað samskipti þeirra við aðra. Niðurstöður sýndu að 21 (35%), sögðu svo vera en 24 (40%) sögðu það ekki vera. Þá voru 15 (25%) sem ekki gáfu upplýsingar um það.

Sálfræðingar *Karlar til ábyrgðar* leggja mat á það hvort þeir telji gerendur réttlæta ofbeldi sitt gagnvart maka. Í tilfellum fimm gerenda, eða 8,3%, var það mat sálfræðinganna að svo væri en þó er vert að nefna að það vantaði upplýsingar um það í tilfellum 28 gerenda (46,7%) þannig að óvissuþátturinn er mjög stór. Þá var það mat sálfræðinganna í tilfellum 27 gerenda (45%) að þeir réttlættu ekki ofbeldi sitt gagnvart maka.

Upplýsingar um hvort gerandi hefði ofsótt núverandi eða fyrrverandi maka til að hræða hann eða kvelja, sýndu að 48 (80%) þeirra sögðust ekki hafa gert það og að fimm (8,3%) sögðust hafa gert það en upplýsingar vantaði í sjö (11,7%) tilfellum. Ekki kom alltaf skýrt fram í frumgögnum hvort um var að ræða ofsóknir gegn núverandi/síðasta maka eða gegn maka úr fyrri samböndum og þarf að hafa það í huga við lestur og túlkun niðurstaðna.

Í töflu 28 má sjá niðurstöður um það hvort gerandi hafði verið kærður og dæmdur fyrir ofbeldi. Í mörgum tilfellum var ljóst að um var að ræða ofbeldi gegn núverandi eða síðasta maka en í einhverjum tilvikum var það óljóst og er mikilvægt að hafa það í huga við lestur og túlkun niðurstaðna, þar sem ekki er um marga einstaklinga að ræða. Niðurstöðurnar sýndu að 23,3% gerenda höfðu verið kærðir fyrir ofbeldið en upplýsingar vantaði í 11,7% tilfella. Þá höfðu 16,7% verið dæmdir fyrir ofbeldið en upplýsingar vantaði í 10% tilfella.

Tafla 28. Kærur/dómar á hendur gerenda vegna ofbeldis.

		Nei	Já	Kemur ekki fram	Alls
Gerandi hefur verið kærður fyrir ofbeldi	Fjöldi	39	14	7	60
	Hlutfall	65	23,3	11,7	100
Gerandi hefur verið dæmdur fyrir ofbeldi	Fjöldi	44	10	6	60
	Hlutfall	73,3	16,7	10,0	100

Yfirgnæfandi meirihluti gerenda, eða 71,7%, sögðu að þolandi (núverandi eða síðasti maki) hefði orðið hræddur við sig en átta gerendur (13,3%) gáfu ekki upplýsingar um það. Það voru hins vegar færri gerendur, eða 58,3%, sem töldu að þolandi hefði ástæðu til að vera hræddur við sig (tafla 29).

Tafla 29. Ótti þolenda við gerendur.

		Nei	Já	Kemur ekki fram	Alls
Hefur maki geranda orðið hræddur við geranda	Fjöldi	9	43	8	60
	Hlutfall	15,0	71,7	13,3	100
Telur gerandi að maki hafi ástæðu til að vera hræddur við sig	Fjöldi	18	35	7	60
	Hlutfall	30,0	58,3	11,7	100

Tveir gerendur gáfu upplýsingar um að hafa einhvern tímann fengið á sig nálgunarbann og annar þeirra sagðist hafa rofið það bann. Níu gerendur gáfu ekki upplýsingar um það hvort þeir hefðu fengið á sig nálgunarbann og 49 (81,7%) sögðust ekki hafa fengið á sig slíkt bann. Ekki var hægt að sjá í niðurstöðum hvort nálgunarbann þessara tveggja manna ætti við ofbeldi gagnvart núverandi/síðasta maka eða einhverjum öðrum.

Niðurstöður sýndu að 16 gerendur, eða 26,7%, gáfu upplýsingar um að maki þeirra hefði verið í sambandi við neyðarmóttöku, Kvennaathvarfið eða neyðarsíma en ekki kom fram skipting á því til hverra, af þessum úrræðum, hefði verið leitað. Þá voru 34 gerendur, eða 56,7%, sem sögðu nei við því að maki þeirra hefði leitað aðstoðar á þessum stöðum en 10 (16,7%) svöruðu ekki spurningunni. Ætla má, eðli málsins vegna, að í einhverjum tilvikum viti gerendur ekki af því að þolandi hafi leitað sér aðstoðar jafnvel þó að þeir segi nei við spurningunni.

4.5 Leynd og áhrif ofbeldisins

Í þessari rannsókn var leynd um ofbeldið athuguð með því að skoða svör gerenda um það hverjir vissu af ofbeldinu og við hverja gerendur höfðu rætt um ofbeldið. Áhrif ofbeldisins voru skoðuð út frá upplýsingum gerenda um áhrif þess á eigin líðan og samskipti þeirra við maka og aðra.

4.5.1 Vitneskja annarra um ofbeldið

Af niðurstöðum rannsóknarinnar mátti sjá að margir gerendur höfðu rætt ofbeldi sitt við fólk í umhverfi sínu. Þannig höfðu þrír gerendur rætt ofbeldið við geðlækni og jafn margir höfðu rætt það við sálfræðing(a). Tveir nefndu að barnaverndaryfirvöld vissu af ofbeldinu, einn hafði rætt það við heimilislækni og annar við prest. Einn nefndi að landsspítali vissi af ofbeldinu en nefndi ekki ákveðinn aðila innan spítalans og annar sagði að opinberir aðilar vissu af ofbeldinu en tiltók ekki hverjir það væru.

Þá voru tveir sem höfðu rætt ofbeldið við einn vin og 19 höfðu rætt það við suma vini, alla vini og/eða nánustu vini auk þess sem einn gerandi sagði frá því að fjölskylduvinir maka vissu af ofbeldinu. Fimm gerendur höfðu rætt um ofbeldið við samstarfsmenn eða nefndu að þeir vissu af ofbeldinu. Aðrir aðilar sem nefndir voru að vissu af ofbeldinu, voru fyrrverandi makar geranda og trúnaðarmaður (sponsor) geranda. Þá voru fjórir gerendur sem sögðu að allir vissu af ofbeldinu en greindu ekki nánar frá því hvað það merkti í þeirra huga. Í þremur tilfellum nefndu gerendur að börnin þeirra, eða einhver barna þeirra, vissu af ofbeldinu og í einu tilfelli sagði gerandi „já“ við því að einhver vissi af ofbeldinu en sagði ekki frá því hver það væri. Í þremur tilvikum var tekið fram að enginn vissi af ofbeldinu en upplýsingar vantaði í fimm tilfellum.

Af þeim 52 sem sögðu að einhver vissi af ofbeldinu voru 42 sem sögðu skýrt frá því að það væru fleiri en einn sem vissu af því og stundum voru margir sem vissu af ofbeldinu. Sem dæmi um þetta má nefna eftirfarandi tilvitnanir í gerendur sjálfa: „allir í fjölskyldunni“ - „nánustu vinir, fjölskylda, tengdafjölskylda“ - „foreldrar beggja, eiginlega allir nánustu vinir“ - „foreldrar okkar, ýmsir fjölskyldumeðlimir, sumir vinir“ - „mömmu, allir og barnavernd“ - „allir, rætt við vin, geðlækni, sálfræðing“.

Þegar skoðaðar voru niðurstöður um það hverjir vissu um ofbeldið innan fjölskyldunnar, bæði geranda og þolanda, mátti sjá að algengast var að móðir geranda

væri nefnd sérstaklega og þar á eftir komu systkini geranda. Þessar niðurstöður má sjá í töflu 30.

Tafla 30. Fjölskyldumeðlimir og vitneskja um ofbeldi geranda.

Móðir geranda	16
Fjölskyldan*	11
Systkini geranda	10
Foreldrar beggja	4
Móðir/stjúpmóðir maka	4
Systkini maka	3
Faðir geranda	3
Tengdafjölskyldan	2
Svili geranda	1
Mágur geranda	1

*Algengt var að talað væri um fjölskylduna almennt og því erfitt að vita við hvaða aðila var átt, hvort það ætti þá við alla í fjölskyldunni eða hluta hennar auk þess sem það sagði ekkert til um fjölda þeirra sem vissu um ofbeldið þó það geti bent til þess að átt hafi verið við fleiri en einn aðila.

4.5.2 Áhrif ofbeldisins á líðan gerenda

Tilfinningaleg áhrif ofbeldisins á geranda sjálfan voru með ýmsum hætti og sýndu niðurstöður meðal annars að gerendur hefðu upplifað skömm, depurð, kvíða og ótta. Tekið skal fram að sex gerendur, eða 10%, gáfu engar upplýsingar um það hvort ofbeldið hefði haft tilfinningaleg áhrif á líf þeirra og fjórir svöruðu þessari spurningu eingöngu játandi án þess að útskýra það nánar. Einn sagði að áhrifin væru mikil en útskýrði það ekki nánar. Þá var skrift skráningaraðila í frumgögnum óskiljanleg á einum stað og var því svari þar af leiðandi sleppt hér. Önnur svör gerenda við spurningunni eru sýnd í töflu 31.

Tafla 31. Tilfinningaleg áhrif ofbeldisins á geranda sjálfan.

Lenti á hrauninu, sat inni í 1 ár
Neikvæð
Þungt skap og andrúmsloft í nokkra daga á eftir
Erfitt
Minnimáttarkennd/sektarkennd
Þunglyndi, neikvæðni
Mjög slæm, en þetta mun aldrei gerast aftur
Sektarkennd/kvíði
Skömm, eftirsjá, ótti við endurtekningu, er að tapa tengslum
Slæm, vanlíðan eftir að hafa gert þetta
Skapað mér leiðindi
Líður illa með þetta / Illa / Líður illa / Líður hrikalega illa (eru svör fjögurra gerenda)
Algjörlega niðurbrotinn
Étur mig að innan núna
Geigvænleg

Tafla 31. Tilfinningaleg áhrif ofbeldisins á geranda sjálfan (framhald).

Varð hræddur við eigin tilfinningar
Mjög slæm. Skömm, vanlíðan
Hörmuleg
Óþægilegt að ráða ekki við sjálfa mig
Slæm upplifun, líður illa með sjálfan mig
Líður illa yfir þessu en ætla ekki að réttlæta það fyrir mér
Sorglegt að haga mér svona, sársauki, depurð, ótti
Sýnt mér fram á að ég get gert hluti sem ég hélt að ég gæti ekki gert, var stoltur af að beita ofbeldi
Dregur sig í hlé, rífur niður
Rífar upp eigin æsku, ég er ekkert betri en faðir
Fór að endurskoða líf mitt
Vanlíðan, vanmáttur, dofi, þunglyndi
Lítið, mjög miklar áhyggjur
Slæm, meiðandi og miklum sársauka
Minnkandi samband
Ekki góð
Óöryggi, kann ekki að elska sjálfan mig, brotin sjálfsmýnd
Upplifi mikla skömm, eftirsjá og andleg vanlíðan
Sorgmæddur
Mjög slæm áhrif
Slæmt
Slæm (tveir gerendur gefa þetta svar)
Sár, skil ekki hvers vegna
Óöryggi, sektarkennd, sjálfsögð hvöt
Mjög slæm, vondur maður
Ekki verið hamingjusamur í mörg ár
Leiður
Algjört helvíti
Högg á stoltið

Í töflunni sést að átta gerendur töluðu um að þeir upplifðu sektarkennd, skömm og/eða eftirsjá í tengslum við eigið ofbeldi og að nokkrir nefndu depurð og kvíða. Sumir lýstu ótta við afleiðingar þess að þeir beiti ofbeldi og ótta við sjálfa sig þegar þeir beita ofbeldinu. Hins vegar voru margir sem lýstu því að áhrifin væru „slæm“ eða „neikvæð“ en skilgreindu ekki nánar hvað þeir ættu við með því. Þá voru fimm gerendur sem tengdu sín tilfinningalegu áhrif við tengsl sín við annað fólk til dæmis með því að samband hefði minnkað og að hafa dregið sig í hlé.

4.5.3 Áhrif ofbeldisins á samskipti gerenda við maka

Níu gerendur gáfu ekki upplýsingar um afleiðingar ofbeldisins á samskipti við maka og fjórir svöruðu spurningunni játandi en gáfu engar nánari lýsingar á því hvernig áhrifin birtust. Tveir sögðu að áhrifin væru neikvæð og tveir að þau væru slæm en útskýrðu ekki nánar með hvaða hætti. Einn sagði að áhrifin væru hræðileg, annar að þau væru rosalega slæm og enn annar að áhrifin væru mikil en án nánari útskýringa. Önnur svör við spurningunni eru sýnd í töflu 32.

Tafla 32. Áhrif ofbeldisins á samskipti við maka.

Erfitt
Hún styður mig, segir mig ekki ofbeldismann
Gerum minna saman
Sett stórt strik í reikninginn
Mjög slæm, en það var búið fyrir
Finnst ég alltaf vera í skuld
Vör um sig
Miðað við viðbrögð hennar þá elskar hún mig mikið, hún styður mig
Hún tekið þetta mjög nærri sér
Hún vill slíta sambandinu
Hangir á horriminni, óvissa, spurning um fyrirgefningu
Uppgjöf gagnvart sambandinu
Við erum að vinna í þessu
Sett sambandið í kleinu
Slæm en þó minni en hefði ætlað, hún fljót til baka
Búin að tækla þetta vel núna
Hún var meðvirk, fór að ganga á eggjum, rýrandi áhrif
Mikil og slæm, hún stundum hrædd
Slæm, eins og ég elska hana
Alltaf rifrildi
Allt í lagi, erum sátta þó við séum að skilja
Erum ekki saman í dag
Er að flosna upp
Eyðilagt maka tilfinningalega og andlega
Minnkandi samband
Engin samskipti
Ekki góð, hún er hjá bróður sínum
Sett vegg á milli
Óöruggur með sjálfan mig
Afar slæm, allt traust farið, ég er í rusli og hún er hrædd
Sambandið við endimörk
Er ekki lengur á heimilinu
Reynum nýtt upphaf
Slæm, fráhald, pásur

Tafla 32. Áhrif ofbeldisins á samskipti við maka (framhald).

Óhamingjusamur í sambandinu
Slæm, hún er kvíðin fyrir og svo framvegis
Slæmt en við erum að vinna með það
Skildum um tíma
Ofbeldi stigversnandi eftir því sem ég er lengur í sambandi

Ef svörin í töflunni eru skoðuð, sést að 14 gerendur hafa sagt að ofbeldið hafi valdið sambandsslitum, ýmist tímabundið eða endanlega, eða að maki vilji slíta sambandinu. Alls voru tíu sem töluðu sérstaklega um viðbrögð og/eða líðan maka í þessu samhengi og dæmi var um að gerandi hafi lýst því að maki hafi sýnt stuðning. Fleiri dæmi voru þó um það hvernig ofbeldið hafði haft neikvæð áhrif á líðan maka og breytt viðbrögðum þolanda í sambandinu við geranda. Einnig voru dæmi um hvernig ofbeldið hafði haft áhrif á viðbrögð og líðan geranda í sambandinu sem og áhrifin á gæði sambands geranda og maka, sem yfirleitt voru neikvæð.

4.5.4 Áhrif ofbeldisins á samskipti gerenda við aðra en maka

Mun minni upplýsingar lágu fyrir um áhrif á samskipti gerenda við aðra heldur en á samskipti hans við maka en 20 gerendur (33,3%) gáfu ekki upplýsingar um þennan þátt. Þá voru sjö (11,7%) sem sögðu að ofbeldið hefði engin áhrif haft á samskipti þeirra við aðra, einn sagði að annað fólk vissi ekki um ofbeldið, tveir gátu ekki svarað því hvaða áhrif það hefði haft (óljóst), tveir svöruðu játandi en skilgreindu ekki nánar í hverju áhrifin hefðu komið fram og fjórir sögðu að áhrifin hefðu verið lítil. Samtals voru það því 36 gerendur (60%) sem annað hvort ekki svöruðu eða gáfu mjög litlar upplýsingar. Þeir sem lýstu áhrifunum á samskipti við aðra, töluðu um að áhrifin væru slæm og sumir nefndu þar sérstaklega fjölskyldu og tengdafjölskyldu. Þessi svör eru birt í töflu 33.

Tafla 33. Áhrif ofbeldisins á samskipti við aðra.

Slæm áhrif á samband við tengdafólk
Örugglega slæm fyrir okkar nánustu
Verra við fjölskylduna hennar
Neikvæð
Slæm, fólk dæmir mann, ekkert verður eins aftur
Í sambandi við hennar nánustu
Samanburður við hegðun þabba setti mig í gott ljós, eftir á sé ég betur hvernig þetta var

Tafla 33. Áhrif ofbeldisins á samskipti við aðra (framhald).

Slæmt
Já, einangraði mig í tvær til þrjár vikur
Einangrast
Er mjög einangraður, líklega einangrað hana
Missti flesta vini mína, kemur ekki fyrir aftur
Fælt alla sanna vini frá
Engin, nema gegnum skömminna
Vinnufélaga. Skammast mín t.d. þegar ég sé ofbeldi í bíó
Finnst fólk vera að tala illa um mig, ekki vera vinir mínir, illa við mig
Hennar nánustu treysta mér ekki
Fyrst alltaf að tala við aðra en ekkert komið út úr því, aðrir ráðleggja mér að fara
Börnin orðið vitni
Ekki slæmt, fjölskyldan sátt við að er að vinna í málunum
Gagnvart vinkonum hennar, neikvæð mynd af mér
Tippla í kringum alla
Misjafnlega
Rætt við fjölskyldu

Einangrun var nefnd í þessu samhengi og voru fimm sem nefndu hana sérstaklega. Einnig kom skömmin aftur til umræðu í þessum þætti og voru tveir sem nefndu hana. Önnur svör við spurningunni snéru að ýmsum þáttum, til dæmis að börnin hefðu orðið vitni að ofbeldinu og tveir töluðu um að upplifa vantraust frá öðrum. Einnig sögðust tveir gerendur hafa misst samband við vini í kjölfar ofbeldisins.

4.6 Ábyrgð á ofbeldinu og skýringar gerenda á því

Þegar gerendur voru spurðir um það beint út hver væri ábyrgur fyrir því ofbeldi sem þeir beittu, sögðu 50 að þeir væru sjálfir ábyrgir fyrir því. Fjórir sögðu að báðir aðilar, gerandi og maki, bæru ábyrgðina og fjórir svöruðu ekki spurningunni. Það var svo einn sem sagði að aðstæðum væri um að kenna og annar sagðist halda að þetta væri eitthvað úr æskunni.

Til að meta ábyrgð á ofbeldinu er einnig hægt að skoða viðhorf gerenda til þess hver hefði getað komið í veg fyrir ofbeldið og hvað þeir telji að geti leitt til endurtekens ofbeldis.

Yfirgnæfandi meirihluti gerenda taldi að þeir sjálfir hefðu getað komið í veg fyrir ofbeldið, eða 44 af 60 (73,3%). Þá sagði einn að enginn hefði getað komið í veg fyrir það

en upplýsingar vantaði frá fjórum gerendum. Önnur svör við spurningunni um hver hefði getað komið í veg fyrir ofbeldið eru sýnd í töflu 34.

Tafla 34. Mat gerenda á því hver hefði getað komið í veg fyrir ofbeldið.

Betri framkoma yfirleitt
Ég get ekki stjórnað henni
Maki hefði getað róað mig í stað þess að svara mér
Ef til vill konan, kannski róað hlutina
Allir sem hefðu getað verið viðstaddir
Sonur minn hefði getað keyrt mig heim
Við bæði [þrír gefa þetta svar]
Ég eða við [maki] í sameiningu
Ég - og hún, gagnkvæmt ofbeldi

Þegar skoðuð voru svör gerenda við því hvað þeir teldu geta leitt til endurtekens ofbeldis kom í ljós að þeirra eigin líðan og viðbrögð annars vegar og áfengis- og/eða vímuefnaneysla voru algengustu svörin. Svör við spurningunni eru birt í töflu 35. Til viðbótar við neðangreind svör voru átta gerendur sem sögðu að ekkert gæti leitt til endurtekens ofbeldis, fimm sögðust ekki vita það og upplýsingar vantaði í níu tilfellum.

Tafla 35. Hvað telur gerandi að geti leitt til endurtekens ofbeldis.

Ef hún hegðar sér illa
Eigið hugarástand
Álag, ósætti
Slæm líðan
Samskiptaleysi, gremja
Kannski ölvun og reiði
Aðstæður sem ég næ ekki að höndla og hef ekki stjórn á sjálfum mér
Hún þyrfti að ganga dálítið langt á mig eða börnin
Áfengis- og vímuefnaneysla, vanlíðan, paranoja
Dæmigerð misklíð milli okkar
Rifrildi okkar
Get ekki horfst í augu við veruleikann
Taka ekki á þessu
Sárindi út af fortíðinni
Áfengisneysla, framhjáhald hennar
Ef ég væri illa fyrirhallaður, ekki að sinna mér
Reiði, stjórnlaus reiði. Veit ekki hvað ætti að framkalla það
Smá ágreiningur
Það má ekki gerast, allra vegna
Þegar maki tekur brjálæðisköst
Færi að drekka, álag

Tafla 35. Hvað telur gerandi að geti leitt til endurtekens ofbeldis (framhald).

Neysla
Slæmt þunglyndi
Innri spenna í mér
Leiðandi og stælar gagnvart öðrum
Bræðiköst
Ég fer út í rifrildi og missi stjórn á skapinu
Streita
Ef ég fell
Ég sleppi mér
Líklegt
Ef við færum til baka
Tilgangslaust rifrildi, áfengi
Er samt hræddur, vill ekki
Smáhlutir
Áfengisneysla
Ölvun
Drykkja

Þegar ofangreind svör voru skoðuð nánar, sást að gerendur töldu að þeirra eigin tilfinningar eins og reiði og spenna gæti leitt til endurtekens ofbeldis. Þá voru fjórir sem nefndu hegðun maka, nokkrir nefndu samskipti og ágreining við maka og enn aðrir nefndu aðstæður í lífinu.

Aðrar spurningar sem einnig geta varpað ljósi á það hvað gerandi telur skýra ofbeldið eru hverjar hann telji vera ástæður fyrir ofbeldi sínu og hvað það er sem hann vill fá aðstoð með, hjá *Karlar til ábyrgðar*.

Svör gerenda við því hverjar þeir töldu vera ástæður fyrir ofbeldi þeirra, eru mjög mismunandi. Þó nefndu margir reiði og stjórnleysi, afbrýðisemi og áfengisneyslu. Þá vantaði upplýsingar í 13 tilfellum. Önnur svör við spurningunni má sjá í töflu 36.

Tafla 36. Ástæður gerenda fyrir ofbeldinu.

Reiði, hegðun maka
Uppeldisaðstæður
Fyrri reynsla
Reiði, vanmáttur
Hugsa stanslaust um að hún sé að gera eitthvað, afbrýðisemin
Afbrýðisemi, misnotkun áfengis
Afbrýðisemi, reiði vegna framhjáhalds, ofurölvun
Reiði, stjórnleysi, röng viðbrögð
Reiði, stjórnleysi

Tafla 36. Ástæður gerenda fyrir ofbeldinu (framhald).

Reiði
Skap, of stuttur þráður, lítil þolinmæði, áfengisneysla (minni dómgreind)
Reiði, óöryggi, ágreiningur um uppeldi, stjórnleysi
Fjölskylduuppeldi, ofsaskap
Byrjaði að beita ofbeldi þegar byrjaði að labba, "lausn", losun á tilfinningum
Veit ekki hvað skeður
Eigið rifrildi, æstur, hún búin að berja mig
Hef ekki ráðið við álagið í sambandinu
Áfengi, skapperð hennar, afbrýðisemi beggja, hún hefur gert ýmislegt rangt
Stjórnsemi, ótti við að aðstæður séu ekki eins og ég vil hafa þær
Reiði, uppgjafartilfinning, sjálfsvorkunn, samskiptamynstur sem ég er fastur í
Pirringur sem vex og verður stjórnlaus
Reiðin, rýk upp
Úrræðaleysi
Vanmáttugur, vanlíðan, depurð, reiði
Mikið álag, allt of mikil vinna, mikil áföll í lífinu, álag
Lítil sjálfsstjórn, reiði
Fíkniefnaneysla, samband við menn í fíkniefnaheiminum
Reiði, ósanngirni gagnvart mér, finnst ég þurfa að sinna ansi mörgum hlutum, þ.e. laga hús og bíla, elda mat, þvo og allt annað líka
Reiði og tilfinningasjokk
Álag, streita, röng viðbrögð við áreiti
Andleg vanlíðan
Hugsanleg bæld reiði og einhvers konar vonbrigði með hlutina
Á ókunnugum, reiði, mikilmennska, mér er ógnað, kann ekki að svara fyrir mig
Erfitt með að halda aftur af mér
Stjórnleysi undir áhrifum áfengis, stjórnsemi, afbrýðisemi, hræðsla við höfnun og vanmáttarkennd
Læt hluti pirra mig og brýst út í neikvæðri framkomu. Næ ekki að hafa stjórn á skapi mínu í deilum. Fer í mikla vörn, bakka ekki.
Drykkja, innbyggð reiði
Stjórnleysi, ranghugmyndir, reiði
Ótti við höfnun og að fá ekki athygli, eigingirni, afbrýðisemi
Alltaf fylgt mér að hækka róminn
Gagnkvæm átök
Veit ekki, fastur upp við vegg
Sjálfstraustið bogið, vinnuálag, mikið á verkjalyfjum, erfitt fyrirtæki
Veit ekki, ekki hugmynd
Af því að ég er eigingjarn og vil stjórna eftir eigin höfði
Erfiðleikar í samskiptum, vanvirðing og egningar varðandi kynferðislega ótryggð, ranghugmyndir mínar og afbrýðisemi
Reiði, stjórnleysi, hegðunarmynstur

Við skoðun á þessum svörum, kom í ljós að tveir nefndu uppeldisaðstæður auk þess sem nokkrir nefndu að þeir réðu ekki við álag og/eða streitu.

Svör gerenda við því hvað þeir vildu aðstoð með frá *Karlar til ábyrgðar* eru birtar í töflu 37. Upplýsingar vantaði þó frá 14 gerendum.

Tafla 37. Það sem gerandi vill fá aðstoð með hjá *Karlar til ábyrgðar*.

Reiðin
Með reiðina
Vil eyða því og vinna í tilvikunum
Vil laga þetta, alla vega fyrir næsta samband, edrú, lifa heilbrigðu lífi, vera andlega heilbri...
Að þurfa ekki að fara aftur í sömu vinnuaðstæður
Losna við afbrýðisemi og minnimáttarkennd, hætta að beita andlegu og líkamlegu ofbeldi
Að skilja hvað ég þarf að gera til að þetta gerist ekki aftur
Ég verði betri
Að hemja reiðina
Finna mig aftur. Vera betri mannvera. Læra að stjórna skapinu.
Að laga framkomuna, bæta samskiptin, laga hjónabandið
Reiðistjórnun
Reiði og ofbeldi
Ætla aldrei að beita ofbeldi
Fyrirbyggja að ég geri þetta aftur
Læra betur á sjálfan mig
Vera viss um að þessu sé lokið af minni hálfu. Finna önnur úrræði í erfiðum aðstæðum.
Hætta að sýna af mér ofbeldishegðun. Læra að haga mér eins og maður
Læra betri samskipti
Vera þægilegri heima, verði ákveðnari t.d. gagnvart ... ekki nógu hreinskilinn (vil vera þægilegur út á við)
Leysa vandann
Gleyma einmanaleika/tómleika. Hvernig á ég að vinna út úr þessu. Algjör kollsteypa
Ná jafnvægi, sætta mig mögulega við það að ná ekki sambandi við maka
Hætta, líða betur
Sjálfstjórn, halda aftur af reiði
Verða sá maður sem ég var áður en ég fór í neyslu árið 2004 og endurheimta virðingu og traust, verða betri maður
Laga reiðina sem er innra með mér og læra að vera yfirvegaður og góður gagnvart fjölskyldu minni allri
Hafa stjórn á skapinu
Betri líðan=betra líf. Almenna sálfræðihjálp
Betri líðan og ná andlegu jafnvægi
Orðið ánægður með sjálfan mig
Tjáningu, reiði
Reiðistjórnun
Læra að hætta stjórnsemi og yfirgangi og ofbeldi fyrir fullt og allt. Langar að læra að höndla neikvæðar tilfinningar, og verða frábær gaur og góður fjölskyldumaður sem börnin...
Leysa ágreining á áhrifaríkan máta. Hafa stjórn á skapi mínu jafnvel þegar deilur koma upp. Umgangast maka af alúð og virðingu. Sýna ekki vanþóknun á beinan eða óbeinan hátt.
Andlegt ofbeldi sem ég beitti konuna, eigin kvíðavandamál
Hafa hemil á skapi, hætta að beita ofbeldi
Reiði, ranghugmyndir, ofbeldi
Hegðunin

Tafla 37. Það sem gerandi vill fá aðstoð með hjá *Karlar til ábyrgðar* (framhald).

Líða betur
Ná tökum
Ljúka kafla
Sætti mig ekki við þetta, vill ekki verða eins og pabbi
Hætta
Að stoppa þetta
Vill breyta þessu

Líkt og í svörum um ástæður ofbeldis, var reiðin ítrekað nefnd hér sem og að læra að ná stjórn á skapi sínu. Þá voru líka nokkrir sem vildu ná að líða betur en skilgreindu það ekki nánar. Nokkrir nefndu sérstaklega að þeir vildu hætta að beita ofbeldi og yfirgangi.

4.7 Forvarnir gegn endurteknu ofbeldi og hættuástand

Eitt af því sem spurt var um, í frumgögnum, var hvað gerandi teldi sig geta gert til að koma í veg fyrir endurtekið ofbeldi og er hér fjallað um þær niðurstöður sem ákveðnar forvarnir gegn ofbeldinu. Rannsakandi ákvað að fjalla sérstaklega um þessi svör sem forvarnir til þess að sýna fram á hvernig það að velta fyrir sér eigin gjörðum getur hjálpað geranda að taka meiri ábyrgð á eigin ofbeldi.

Upplýsingar vantaði í átta tilvikum við þessari spurningu en í töflu 38 eru sýnd þau svör sem gerendur gáfu.

Tafla 38. Hvað gerandi telur sig geta gert til að koma í veg fyrir endurtekið ofbeldi.

Mjög meðvitaður um að láta ekki smáhluti fara í pirrurnar
koma hingað og fá hjálp
Skoða mín mál
Bætt líðan
Gera meira fyrir sjálfan mig
Leita hjálpar, hugsa meira um, skrifa dagbók um hugsanir
Ég ætla að taka fulla ábyrgð á því
Einbeita mér betur að því að nota önnur viðbrögð
Halda mér í jafnvægi
Edrúmennska, vinna
Stilla skapið, tengja það þegar það er að fara í gang
Vinna í mínum málum, læra að telja upp að 10
Ég ætla að reyna
Vinna í sjálfum mér með aðstoð annarra
Vinna með sjálfan mig, finna tímapunktinn áður en fer að gerast
Meðferð, bæta framkomu, nota aðrar aðferðir
Draga mig í hlé ef ég geri það, draga mig í hlé ef áfengi er haft

Tafla 38. Hvað gerandi telur sig geta gert til að koma í veg fyrir endurtekið ofbeldi (framhald).

Hugsað mig oft en einu sinni um
Grípa ákveðið inn í, (time out)
Get lært á tilfinningar mínar, beina þeim í ákveðinn farveg, festast ekki á þessari braut
Meiri hreyfing? Vinna í mínum málum
Taka lyfin, fara yfir málin
Halda stillingu og nota þær aðferðir sem ég hef tileinkað mér
Meðferð fyrir okkur bæði
Áfengismeðferð
Lært slökun
Yfirgefa hættusvæðið
Laga heilsuna
Reynt að ræða málin
Verið almennilegur
Anda
Hætta stjórnsemi, hætta að drekka
Samþykkja að líkar aðstæður munu koma upp og vera undirbúinn
Vera á varðbergi gagnvart því
Meðferð [tvisvar sinnum]
Leita mér hjálpar
Ef ég geri ekkert í málunum
Koma hér, gera æfingar, fundir og svo framvegis
Ég [tvisvar sinnum]
Labba út ef til vill
Róað mig niður
Eigin ábyrgð
Ræða um hlutina
Vera ekki fullur
Get ekki ímyndað mér það
Ég, ný viðbrögð
Leita hjálpar
Fá hjálp [tvisvar sinnum]
Fá alla hjálp sem býðst

Alls töluðu 14 gerendur um að leita sér hjálpar eða fara í einhvers konar meðferð, sem stundum væri þá áfengismeðferð. Í einu tilfelli nefndi gerandi að bæði hann og maki þyrftu að fá aðstoð án þess að skilgreina nánar í hverju sú aðstoð skyldi fólgin. Nokkrir gerendur nefndu ýmsar aðferðir sem þeir sjálfir gætu notað til að koma í veg fyrir að þeir beiti ofbeldi í aðstæðum þar sem þeir hafa áður beitt ofbeldi, til dæmis að labba út (úr aðstæðunum) og róa sig niður í aðstæðunum. Aðrir nefndu leiðir sem þeir sjálfir gætu notað til að vera betur undirbúnir fyrir aðstæður sem hingað til hefðu leitt til ofbeldis, til

dæmis að læra slökun og að vera meðvitaður um að aðstæðurnar gætu komið upp aftur og vera þá betur undirbúinn fyrir eigin viðbrögð.

Eins og sjá má í töflunni, voru sum svörin mjög markviss og snéru að ákveðnum þáttum í lífi gerandans en í öðrum tilfellum voru svörin mjög opin og gáfu til kynna að gerandi vildi vinna með fleiri en einn þátt í lífi sínu.

Innan við helmingur gerenda, eða 26 af 60 (43,3%), sagði nei við spurningunni um hvort ofbeldið hefði orðið hættulegra eða gerst oftari að undanfögnu og þar af voru þrír sem sérstakalega tóku fram að ofbeldið hefði minnkað. Þá voru þrír gerendur sem sögðust ekki vita það og tveir sem sögðu að um einstakt tilfelli hefði verið að ræða. Einnig voru 17 (28,3%) sem sögðu já við spurningunni og sumir þeirra gáfu nánari lýsingar á því hvernig það hefði orðið annað hvort hættulegra eða gerst oftari, eins og eftirfarandi dæmi sýna; „*hættulegra fyrir mig, tek meira á mig áður en bregst við, skiptum fækkar*“ – „*versnar því lengur sem ég er í sambandi*“ og „*sama rútínan en hefur gerst oftari*“. Upplýsingar vantaði hins vegar í tólf tilfellum.

4.8 Ofbeldið og börn gerenda og þolenda

Hér er vert að ítreka að engar upplýsingar voru, í frumgögnum, um það hvort gerandi og/eða þolandi ætti börn, hvort börnin væru undir 18 ára eða ekki eða hvort börnin væru búsett á heimilinu. Mikilvægt er að hafa það í huga við lestur og túlkun niðurstaðna um börnin og ofbeldið.

Gerendur voru spurðir hvort börnin hefðu einhvern tímann verið viðstödd ofbeldið og í töflu 39 sést að 63,3% svöruðu því játandi en upplýsingar vantaði í 10 tilvikum.

Skilgreining á „viðstödd“ lá ekki fyrir í frumgögnun og byggðu svörin því eingöngu á túlkun gerenda á því, til dæmis voru gerendur sem sögðu að börnin hefðu ekki verið viðstödd en skrifuðu svo inn í viðbrögð barna við ofbeldinu að þau hefðu verið sofandi. Það gefur til kynna að þau hafi verið í húsinu en ekki endilega í sama herbergi og ofbeldið átti sér stað.

Tafla 39. Hafa börnin verið viðstödd þegar gerandi beitir ofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	13	21,7
Já	38	63,3
Á ekki við (ekki börn undir 18 ára til staðar)	3	5,0
Kemur ekki fram	6	10,0
Samtals	60	100,0

Gerendur voru einnig spurðir um það hver viðbrögð barnanna hefðu verið við ofbeldinu. Í 16 tilvikum átti það ekki við að skrá viðbrögð barnanna við ofbeldinu, það er að segja að þegar gerandi hafði merkt við að barn/börn hefðu ekki verið viðstödd og/eða þegar skýrt hafði komið fram í gögnum að ekki væru nein börn undir 18 ára til staðar. Hins vegar voru tveir gerendur sem skráðu viðbrögð barna við ofbeldinu þrátt fyrir að hafa merkt við að þau hefðu ekki verið viðstödd. Annar þeirra sagði „svaf“ og hinn sagði „verið sofandi, ekki séð, vita af því. Elsta er reið, yngri sár. Strákarnir ekki talað um þetta“ en seinni tilvitnunin gefur til kynna að börnin hafi (að mati geranda) ekki verið viðstödd en þó í húsinu og að þau viti af því að ofbeldi hafi verið beitt. Þá var í einu tilviki, þar sem merkt hafði verið á rannsóknareyðublaði að ekki væru börn undir 18 ára til staðar, sem gerandi hafði skrifað um viðbrögð barnanna „ef til vill þegar þau voru yngri“. En það segir í raun ekkert um viðbrögð barnanna, heldur að það sé mögulegt að þau hafi verið viðstödd þegar þau voru yngri. Það var því ekkert skráð um viðbrögð barnanna, í 13 af þessum 16 tilvikum.

Í einu tilfelli, þar sem merkt hafði verið við að börn hefðu verið viðstödd, vantaði upplýsingar um viðbrögð barns/barna við ofbeldinu. Þá voru þrír gerendur sem sögðu að börnin hefðu verið hrædd og í sex tilfellum kom ekki fram hvort börn hefðu verið viðstödd og því var ekki skrifað neitt um viðbrögð barnanna. Önnur svör við þessum lið eru sýnd í töflu 40.

Tafla 40. Viðbrögð barnanna við ofbeldi gerenda.

1 sinni fyrir 6 mánuðum, sá yngsti, gerði sér ekki grein fyrir því
Afar illa, grátur en náðist að hugga fljótt
Brá
Brást ekki við, leit sjálfsagt ekki á þetta sem andlegt ofbeldi
Öskrað og reyndu að stöðva það, hringdu á lögreglu
Eitt barnið hennar, fór að gráta
Eldri heyrði það, lokaði hurðinni og hækkaði í tölvuleiknum
Elsti sonur, brotnaði niður

Tafla 40. Viðbrögð barnanna við ofbeldi gerenda (framhald).

Engin viðbrögð, andlegt ofbeldi, enda daglegt brauð
Fóru inn í herbergi
Gefa lítið út á það, elsta dóttir spyr "af hverju ertu reiður"
Gerði sér ekk grein fyrir því (er 2ja ára)
Gráta
Gráta og..
Hann fór inn í herbergið sitt eða annað
Hann var viðstaddur en inni í herbergi (er 19 mánaða og skilur þetta ekki)
Hrædd og líður rosalega illa
Hrædd, óörugg
Hrædd, óörugg, kvíðin
Hrædd, reyndu að stoppa þetta
Í síðasta skipti, dóttir, var smeyk
Með gráti - báðu maka minn um að hætta
Millistelpa (10 ára) mjög meðvirk, mikið að reyna að hafa okkur góð, tekur þetta mest inná sig. Sú yngsta (6 ára) hefur samt lent mest í að heyra þetta en tekur öðruvísi á þessu "svona eigið þið að tala saman", fullorðinslega, "stopp! Hættið að rífast!.
Nei, þó elsta taki þetta nærri sér
Nokkrum sinnum, hrædd, vissu ekki hvað áttu að gera
Of lítill til að bregðast við
Reyndu að skakka leikinn (börnin orðin fullorðin)
Sá rifrildið og varð mjög hræddur um hana
Skelkaðir, báðu um gott veður
Sonur hennar 14 ára, hræddur og reiður
Var í húsinu, hvítvoðungur
Verða stjörf
Viðstödd andlega ofbeldið, grátið, farið inn í herbergi
Vöknuðu við lætin, veit ekki, held þau hafi verið inni í herbergi

Svörin endurspegluðu í mörgum tilvikum hræðslu barnanna, ótta og vanmátt í aðstæðunum. Í einhverjum tilvikum kom þó fram að börnin hefðu reynt að koma í veg fyrir ofbeldið og í einu tilfelli hringdu börnin á lögreglu. Þá voru nokkrir sem töldu að börnin hefðu ekki gert sér grein fyrir aðstæðum (ofbeldinu) vegna ungs aldurs.

Í töflu 41 sést að 45% gerenda höfðu rætt ofbeldið við annað hvort öll börnin eða sum þeirra en í 13,3% tilvika vantaði upplýsingar um hvort rætt hefði verið við börnin um ofbeldið.

Tafla 41. Hefur gerandi rætt ofbeldið við börnin?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	25	41,7
Já	24	40,0
Sum þeirra	3	5,0
Kemur ekki fram	8	13,3
Samtals	60	100,0

Færri gerendur sögðu börnin (öll eða sum) vita að þeir hefðu leitað aðstoðar hjá *Karlar til ábyrgðar* eða 31,6% en upplýsingar vantaði í 13,3% tilfella.

Tafla 42. Vita börnin að gerandi hefur leitað til *Karlar til ábyrgðar*?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	33	55,0
Já	11	18,3
Sum þeirra	8	13,3
Kemur ekki fram	8	13,3
Samtals	60	100,0

5 Umræða

Tilgangur þessarar rannsóknar var að beina öðru ljósi að ofbeldi karla í parsamböndum en áður hefur verið gert hér á landi, það er að segja að sjónarhorni ofbeldismannanna sjálfra og skýringum þeirra og upplifun á því ofbeldi sem þeir beita gegn mökum sínum. Lagt var upp með sex rannsóknarspurningar og að auki var safnað ýmis konar upplýsingum um það ofbeldi sem gerendur hafa beitt núverandi eða síðasta maka, bæði eðli þess, áhrif þess á gerendur og samskipti þeirra við aðra auk ýmissa annarra þátta. Mikilvægt er að setja niðurstöðurnar í samhengi við aðrar rannsóknir og kenningar sem fjallað hefur verið um hér að framan og að skoða mikilvægi rannsóknarinnar, kosti hennar og galla auk þess að setja fram ábendingar um áframhaldandi rannsóknir og áherslur á þessu sviði.

5.1 Almennt um niðurstöður og áhugaverð atriði

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að yfirgnæfandi meirihluti gerenda er í sambúð eða giftur og því yfirleitt um ofbeldi gegn núverandi maka að ræða. Þrátt fyrir þessar niðurstöður eru 24 (40%) gerendur sem segja að sambandsslit hafi orðið milli þeirra og maka á síðastliðnu ári, sem getur bent til þess að sambönd margra þeirra hangi á bláþræði. Opín svör gerenda við ýmsum spurningum er varða áhrif ofbeldisins gefa einnig vísbendingar um að svo geti verið, þar sem nokkuð margir gerendur segja frá því að maki þeirra óski eftir sambandsslitum og/eða að sambandið hafi versnað. Ofbeldi gerenda getur verið líkamlegt, andlegt og jafnvel kynferðislegt gegn bæði núverandi/síðasta og fyrrverandi maka. Sumir gerendur hafa beitt fyrrverandi maka, börn, aðra í fjölskyldunni, kunnuga og jafnvel ókunnuga ofbeldi. Þá hafa margir gerendur einnig verið beittir ofbeldi sjálfir sem börn og orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu sinni og hefur það ofbeldi einnig verið andlegt og líkamlegt. Nánar er fjallað um niðurstöður sem snúa að rannsóknarspurningum, síðar í þessum kafla.

Fram kemur að 13 gerendur (21,7%) hafa beitt börn ofbeldi og þar af hafa allir beitt líkamlegu ofbeldi, átta (61,5%) andlegu ofbeldi og fimm (38,5%) ógnunum. Þetta er heldur lægra hlutfall en fyrri rannsóknir gefa vísbendingar um meðal ofbeldismanna (30-60%) en mun hærra en hlutfall en mælist almennt (2-4%) (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Þá

er vert að ítreka hér að ofbeldi geranda gegn maka er, samkvæmt skilgreiningum Barnaverndarstofu, um leið tilfinningalegt ofbeldi gegn þeim börnum sem eru á heimilinu til viðbótar við beint líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi sem þau eru beitt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Þá vekur það athygli að einungis tveir gerendur nefna sérstaklega að barnaverndaryfirvöld viti af ofbeldinu. Þá var slæmt að áreiðanleiki í skráningu á því hvort viðkomandi hefði verið í sambandi við barnaverndaryfirvöld, var ekki nægilega góður til að hægt væri að fjalla um þær niðurstöður (Wood, 2003). Þá vekur það líka athygli rannsakanda að lögregla hafði haft afskipti af síðasta ofbeldistilviki í 14 tilvikum (23,3%) og að þólandi hafði leitað aðstoðar læknis í 17 tilfellum (28,3%) en þrátt fyrir það eru einungis tveir sem nefna að barnaverndaryfirvöld viti af ofbeldinu. Skýringin gæti verið að gerandi segi ekki frá því að barnaverndaryfirvöld viti af ofbeldinu þó þau geri það, eða að síðasta ofbeldistilvik hafi gerst það nýlega að gerandi geri sér ekki grein fyrir að barnaverndaryfirvöld hafi upplýsingar um ofbeldið. Hins vegar vöktu þessar niðurstöður upp spurningar um tilkynningarskyldu fagaðila og hvort henni sé framfylgt.

Ekki var sérstaklega verið að skoða ofbeldi gegn börnum í þessari rannsókn og voru takmarkaðar upplýsingar um börnin í frumgögnum. Til dæmis var ekki hægt að sjá hvort börn (undir 18 ára) væru búandi á heimilum gerenda og heldur ekki hvort ofbeldi gegn börnum hefði verið beitt nýlega eða fyrir mörgum árum síðan og börnin jafnvel vaxin úr grasi. Niðurstöður sýna að 38 gerendur (63,3%) segja börnin hafa verið viðstödd ofbeldið og er það hátt hlutfall, jafnvel þó ekki sé hægt að sjá hve gömul börnin voru. Þá kemur einnig ítrekað fram að börnin hafi upplifað mikinn ótta og vanmátt (að mati gerenda) í slíkum aðstæðum og vekur það aftur upp spurningar um aðkomu barnaverndar að þessum málum. Þá kemur það rannsakanda á óvart hversu margir hafa rætt ofbeldið við börnin, eða 27 gerendur (45%) og getur það gefið vísbendingar um að í einhverjum tilvikum sé um uppkomin börn að ræða. Þær niðurstöður eru hins vegar ekki í samræmi við upplýsingar gerenda um það hverjir vita af ofbeldinu þar sem einungis þrír gerendur segja börnin vita af ofbeldinu. Þá hefur einnig komið fram að mun fleiri (38) segja börnin hafa verið viðstödd og er það heldur ekki í samræmi við það hve mörg börn vita þá af ofbeldinu samkvæmt gerendum. Ekki er ljóst hverjar eru skýringarnar á þessu misræmi en niðurstöðurnar renna stoðum undir það mat rannsakanda að það sé mjög mikilvægt að skoða betur aðstæður þeirra barna sem búa við ofbeldi og hvernig brugðist er við þegar börn eru á heimili þar sem ofbeldi er beitt.

Það sem vekur mesta athygli rannsakanda í niðurstöðum og kemur jafnvel á óvart, er hversu margir virðast vita af ofbeldi gerenda gagnvart maka. Í daglegu tali er oft talað um ofbeldi í parsamböndum sem leyndarmál og að það þrífist í þögninni (sem getur mögulega enn átt við, þrátt fyrir vitneskju annarra). Í þessari rannsókn kemur fram að 52 gerendur (86,7%) greina frá því að einhver viti af ofbeldinu og að 42, eða 70% gerenda, segja að fleiri en einn viti af því. Þetta kemur rannsakanda á óvart því í viðtölum við þolendur ofbeldis hefur þetta ekki komið fram með svo skýrum hætti, sé litið til reynslu rannsakanda. Því vakna ýmsar spurningar. Hver eru til að mynda viðbrögð þeirra sem vita af ofbeldinu? Hver er afstaða þeirra til ofbeldisins? Hversu mikið vita þeir um ofbeldið? Hvernig koma þeir aðilar að málinu, eru þetta þá aðilar sem þolandi getur leitað skjóls hjá? Það hlýtur að vera mikilvægt að skoða þennan þátt betur og velta upp spurningum eins og þeim sem hér hafa verið settar fram og eflaust fleirum. Eftir að hafa unnið með þolendum ofbeldis er það mat rannsakanda að þarna geti verið verkefni í fleiri rannsóknir og umfjöllun um ábyrgð samfélagsins þegar kemur að ofbeldi. Hver er ábyrgð þeirra sem vita um ofbeldið en gera ekkert til að mótmæla því eða berjast gegn því? Hvernig geta aðstandendur brugðist við í slíkum aðstæðum og hvaða viðbrögð eru æskilegust? Og hér vakna aftur upp spurningar um börnin og þeirra aðstæður. Eru aðstæður þeirra tilkynntar til barnaverndaryfirvalda eins og kveðið er á um í barnaverndarlögum? Þetta eru allt flóknar spurningar sem eflaust margir aðstandendur (og jafnvel fagaðilar) velta fyrir sér, því það er eitt að heyra um ofbeldið og vita af því en annað að bregðast við því með einhverjum hætti. Þá er líka mögulegt að gerendur, sem leita til *Karlar til ábyrgðar*, hafi einmitt leitað sér aðstoðar eftir að hafa rætt ofbeldið við aðra, bæði vini og fjölskyldu. Að fjölskylda og vinir hafi hvatt gerendur, og jafnvel þrýst á þá, að leita sér aðstoðar til að reyna að koma í veg fyrir endurtekningu. Þetta gæti því mögulega verið annar hópur ofbeldismanna en til dæmis ofbeldismenn sem hafa beitt ofbeldi gegn þolendum sem leita í sértæk úrræði fyrir þolendur. Það er þó ljóst að einhver skörun er, þar sem 16 gerendur (26,7%) sögðu frá því að makar þeirra hefðu leitað aðstoðar hjá Kvænnaathvarfinu, í neyðarsíma og/eða hjá neyðarmóttöku.

Niðurstöður um áhrif ofbeldisins sýna að þau eru víðtæk og yfirleitt neikvæð, bæði á eigin líðan gerenda og eins samskipti þeirra við maka og aðra í umhverfi þeirra. Gerendur upplifa mikla vanlíðan, skömm, sektarkennd, ótta og fleiri erfiðar tilfinningar. Þá má leiða að því líkur að slík vanlíðan yfir ofbeldi sem viðkomandi beitir aðra, geti í sumum tilfellum

aukið líkur á endurteknu ofbeldi. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að það að hafa lágt sjálfsmat og að upplifa stjórnleysi og valdaleysi í samskiptum geti aukið líkur á að beita ofbeldi í parsambandi (Umberson o.fl., 1998; Hamberger o.fl., 1997).

Gerendur virðast, í flestum tilfellum, taka ábyrgð á eigin ofbeldi og gera sér grein fyrir að þeir sjálfir þurfi að læra nýjar leiðir í samskiptum. Flestir telja að þeir sjálfir geti komið í veg fyrir endurtekið ofbeldi, til dæmis með því að vinna í sjálfum sér og leita sér aðstoðar, en með því að velta fyrir sér eigin leiðum til að koma í veg fyrir endurtekningu, má segja að gerandi sé um leið að taka aukna ábyrgð á ofbeldinu. Margir gerendur telja að þeirra eigin reiði, vanmáttur og léleg stjórn á skapinu séu ástæður ofbeldisins og, í því samhengi, að þeir sjálfir þurfi að vinna með þá þætti til að hætta að beita maka sinn ofbeldi. Þetta er í samræmi við niðurstöður Umberson og félaga (1998) um að það að upplifa lélega persónulega stjórn (e. personal control) geti haft áhrif á það hvort ofbeldi sé beitt og við niðurstöður rannsókna um að reiði geti aukið líkur á ofbeldi (Holtzworth-Munroe, o.fl., 1997).

5.2 Svör við rannsóknarspurningum

Eins og fram hefur komið, var lagt af stað með sex rannsóknarspurningar og fengust svör við þeim öllum og voru tilgátur studdar, ýmist að öllu eða einhverju leyti.

5.2.1 Langvarandi ferli ofbeldis

Fyrsta rannsóknarspurningin fjallaði um það hvort ofbeldi í nánum samböndum væri líklegra til að vera afmarkað tilfelli eða til að vera ítrekað og þá um leið langvarandi ferli. Tilgáta rannsakanda var að ofbeldi væri líklegra til að vera ítrekað og því langvarandi ferli.

Lýsingar gerenda á aðferðum sem þeir hafa notað til að hafa stjórn á hegðun maka sinna (núverandi/síðasta) gefa til kynna að ofbeldið sé í flestum tilfellum ferli en ekki afmarkað tilfelli. Hver gerandi hefur að meðaltali notað 13 af þeim 42 birtingarmyndum ofbeldis sem sérstaklega eru taldar upp í frumgögnum og heildarfjöldi þeirra er 788. Lýsingarnar taka til líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis og niðurstöður sýna að í mörgum tilfellum hefur hver gerandi beitt ákveðnum birtingarmyndum ofbeldis mun oftár en einu sinni. Ef þessar niðurstöður eru settar í samhengi við lýsingar Kvennaathvarfsins á ofbeldi (Samtök um Kvennaathvarf, 2006) má sjá að ofbeldi gerenda hefur margar birtingarmyndir, eins og að yfirheyra, hóta og ógna auk líkamlegs ofbeldis

sem gæti gefið vísbendingar um lengra ferli. Þá eru niðurstöðurnar í samræmi við kenningar Pence og Paymar um að ofbeldi geti verið andlegt, líkamlegt og kynferðislegt (sjá í Erla Kolbrún Svavarsdóttir, 1999; Johnson, 2006) sem einnig getur bent til þess að um ferli sé að ræða. Það er því hægt að segja að tilgátan sé að hluta til studd. Hins vegar kemur ekki fram í gögnum (og þar af leiðandi niðurstöðum) hvenær ofbeldið hófst eða hversu lengi það hefur staðið. Þá eru svör gerenda, um það hversu oft þeir hafa notað ákveðnar birtingarmyndir, í mörgum tilvikum, óljós og því erfitt að draga ályktanir um ferli eða lengd ofbeldisins út frá þeim. Opin svör gerenda um það hvað þeir vilja aðstoð með og hvað þeir telji að geti leitt til endurtekens ofbeldis, gefa einnig vísbendingar um, að um ákveðið ferli sé að ræða þó að í einstaka tilfellum komi fram að um einstakt tilfalli hafi verið að ræða. Þó að svörin gefi ákveðnar vísbendingar um að ofbeldið sé ferli er það mat rannsakanda að þennan þátt þurfi að rannsaka mun betur með nákvæmari upplýsingum frá gerendum sjálfum, þar sem farið er dýpra í það hvernig ofbeldið (andlegt, líkamlegt, kynferðislegt) hófst og hvernig það þróaðist.

5.2.2 Ofbeldi gerenda í fyrri samböndum

Önnur rannsóknarspurningin snéri að því hvort karlar sem beiti ofbeldi í parsambandi séu líklegir til að endurtaka það í nýju sambandi og var tilgáta rannsakanda sú að svo væri.

Í þessari rannsókn hafa 20 gerendur (33,3%) einnig beitt ofbeldi gegn maka eða mökum í fyrri samböndum. Þeir hafa samtals beitt ofbeldi gegn 32 konum í fyrri samböndum, og mest hefur einn gerandi beitt ofbeldi gegn fjórum fyrrverandi mökum. Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að ef karl beitir ofbeldi í einu sambandi, sé líklegt að hann beiti því aftur í nýju sambandi. Ef niðurstöðurnar eru settar í samhengi við fjölþáttalíkan Duttons (1985), getur þetta bent til þess að eigin tilfinningar og upplifanir úr (e. ontogenic core), hafi áhrif á ofbeldi auk þess sem þetta getur bent til þess að einhvers konar röskun á tengslum á fullorðinsárum geti aukið líkur á ofbeldi (Dutton og White, 2012). Er þessi ályktun dregin þar sem ofbeldi gegn maka virðist, í sumum tilfellum vera endurtekið þrátt fyrir nýjan maka og ný tengsl, sem gæti bent til vankunnáttu gerandans til að mynda eðlileg tengsl. Einnig eru líkur á því að félagsmótun hafi áhrif á þennan hátt, þar sem til dæmis gerandi getur verið búin að læra (jafnvel bæði sem barn og fullorðinn) að ofbeldi skili árangri í samskiptum, það er að segja að gerandi haldi ákveðinni stjórn á aðstæðum með því að beita ofbeldi.

Í ljósi þess hve margir gerendur hafa beitt ofbeldi í fyrri samböndum, má segja að tilgátan sé studd og að karlar sem beita ofbeldi gegn maka í einu sambandi séu líklegir til að beita því aftur í nýju sambandi.

5.2.3 Tegundir ofbeldis í parsamböndum

Þriðja rannsóknarspurningin fjallaði um það hvort líklegt væri að karlar beittu fleiri en einni tegund ofbeldis í parsambandi. Tilgáta rannsakanda var að þegar karlar beita ofbeldi í parsambandi, séu þeir líklegir til að beita fleiri en einni tegund.

Lýsingar á birtingarmyndum ofbeldis gerenda gegn maka, gefa vísbendingar um að karlar beiti fleiri en einni tegund ofbeldis í parsambandi. Flestir hafa beitt ofbeldi á ýmsan hátt og þegar skoðað er hvaða birtingarmyndir ofbeldis eru algengastar, eru þær sem flokkast sem andlegt ofbeldi algengastar. Þannig hafa 44 gerendur (73,3%) slegið í vegg (ógnun) og 43 (71,7%) uppnefnt þolanda á neikvæðan hátt. Af þeim birtingarmyndum sem flokkast undir líkamlegt ofbeldi, eru „gripið í þolanda og/eða haldið honum“ (39 eða 65%) og „hrint þolanda“ (28 eða 46,7%) algengastar. Mun færri gerendur gefa upplýsingar um að hafa beitt kynferðislegu ofbeldi. Þannig hafa átta (13,3%) þvingað þolanda til að eiga við sig samfarir og 4 (6,7%) þvingað þolanda til að taka þátt í annars konar kynlífi. Þeir karlar sem hafa leitað aðstoðar hjá *Karlar til ábyrgðar* virðast því fyrst og fremst hafa beitt andlegu og líkamlegu ofbeldi. Þá sýndu fylgnireikningar að aukinn fjöldi birtingarmynda líkamlegs ofbeldis eykur líkur á fleiri athöfnum andlegs ofbeldis og svo öfugt. Ef niðurstöður eru settar í samhengi við skilgreiningar Kvennaathvarfsins (Samtök um Kvennaathvarf, 2006) er tilgátan studd, karlar sem beita einni tegund ofbeldis í parsambandi eru líklegir til að beita einnig fleiri tegundum ofbeldis í sambandinu. Einnig eru þessar niðurstöður í samræmi við skilgreiningar Pence og Paymar um að ofbeldi geti verið líkamlegt og kynferðislegt, en einnig sé oft um að ræða flókið samspil andlegs ofbeldis (sjá í Erla Kolbrún Svavarsdóttir, 1999; Johnson, 2006).

5.2.4 Ofbeldi gerenda gegn öðrum en maka sínum

Fjórða rannsóknarspurningin snéri að því að hvort karlar sem beiti ofbeldi í parsambandi séu einnig líklegir til að beita ofbeldi á öðrum sviðum lífsins, til dæmis gagnvart ættingjum eða ókunnugum. Tilgáta rannsakanda var að svo væri.

Til þess að svara því hvort gerendur beiti ofbeldi á öðrum sviðum lífs síns, eru hér skoðaðar niðurstöður um ofbeldi gegn öðrum í fjölskyldunni, kunnugum utan fjölskyldunnar og ókunnugum.

Niðurstöður sýna að 19 gerendur (31,7%) hafa beitt aðra í fjölskyldunni ofbeldi og að þolendur í þeim hópi eru fyrst og fremst bræður og feður/stjúpfeður. Þá hefur um það bil helmingur þeirra sem beitt hefur aðra í fjölskyldunni ofbeldi, beitt því gegn fleiri en einum aðila. Þá kemur fram að 15 gerendur (25%) hafa beitt kunnuga utan fjölskyldunnar ofbeldi, til að mynda vinnufélaga og vini. Ofbeldi gegn ókunnugum er algengast en 28 (46,7%) hafa beitt slíku ofbeldi. Í öllum þessum hópum er algengast að líkamlegu ofbeldi hafi verið beitt. Samtals hafa 35, eða 58,3%, gerenda beitt einhvers konar ofbeldi gagnvart aðila úr einhverjum af þessum hópum og þar af hafa 18 beitt ofbeldi gegn aðilum úr tveimur eða þremur hópum.

Einnig kemur fram í niðurstöðum að erfitt er að greina hvort ofbeldinu hafi verið beitt á fullorðinsárum eða hvort hluti þess hefur átt sér stað á barns- eða unglingsaldri gerenda. Þessar niðurstöður gefa samt sem áður vísbendingar um að ofbeldi sé (og hafi jafnvel verið lengi) stór þáttur í lífi þessara gerenda. Þá er einnig rétt að ítreka hér að um helmingur þeirra sem hafa beitt ofbeldi gegn einhverjum þessara hópa, hefur beitt ofbeldi gegn aðilum í tveimur eða öllum þremur hópunum. Það gefur einnig vísbendingar um að ofbeldi sé leið sem þeir nota til að takast á við erfiðleika í samskiptum, óháð tengslum sínum við þolanda. Þetta rennir stoðum undir kenningar um félagsmótun, þar sem hegðun einstaklinga er sett í samhengi við það sem þeir sjá og læra í umhverfinu. Það má leiða að því líkur að þeir gerendur sem beita ofbeldi á mörgum sviðum lífsins, hafi lært að sú hegðun skili þeim ákveðnum árangri í samskiptum og getur einnig gefið vísbendingar um að þeir hafi þörf fyrir að hafa stjórn á aðstæðum í þeim samskiptum sem þeir eiga við fólk í umhverfi sínu. Þetta getur einnig rennt stoðum undir tengslamyndunarkenningar, sem gera ráð fyrir að röskun á tengslum við megin umönnunaraðila í æsku geti aukið líkur á ofbeldi í tengslum við aðra síðar á lífsleiðinni.

Þessar niðurstöður eru, að hluta til, í samræmi við rannsókn Elísabetar Karlsdóttur og Ásdísar A. Arnalds (2010) þar sem konur sögðu frá ofbeldi maka sinna gegn öðrum. Það sem ekki er samræmi í milli rannsókna, er að konurnar gáfu mjög sjaldan upplýsingar um að núverandi makar hefðu beitt aðra ofbeldi. Þær gáfu hins vegar oft upp að

fyrirverandi makar hefðu beitt aðra ofbeldi og eru þær tölur meira í takt við niðurstöður þeirrar rannsóknar sem hér var gerð jafnvel þó flestir gerendur segist hér vera í sambúð (og eru því núverandi makar). Þessar tvær rannsóknir voru mjög ólíkar í framkvæmd, sem getur skýrt þennan mun. Önnur skýring gæti verið að konurnar séu ekki jafn tilbúnar til að segja frá ofbeldi af hálfu núverandi maka og af hálfu fyrirverandi maka í rannsókn Elísabetar Karlsdóttur og Ásdísar A. Arnalds (2010).

Það er mat rannsakanda að tilgátan sé að hluta til studd, þar sem nokkuð stór hluti gerenda virðist beita ofbeldi á fleiri en einu sviði lífsins og nokkrir virðast beita því á flestum sviðum. Hins vegar er þó nokkur hópur sem ekki hefur beitt aðra ofbeldi en maka og/eða börn. Niðurstöður gefa því vísbendingar um að karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum séu líklegir til að beita einnig ofbeldi á öðrum sviðum í lífinu. Það getur þó einnig verið að aðrir áhættuþættir, eins og áfengis- og/eða vímuefnaneysla, hafi áhrif á beitingu ofbeldis gegn til dæmis ókunnugum og þar sem ekki er hægt að útiloka slíka áhættuþætti er mikilvægt að hafa þá í huga við túlkun niðurstaðna. Þetta er því þáttur sem áhugavert væri að skoða nánar, með stærra úrtaki og samanburðarhópi karla sem ekki beita maka sinn ofbeldi.

5.2.5 Fyrri reynsla gerenda af ofbeldi

Eitt af því sem mikið hefur verið rætt um í sambandi við ofbeldi í nánum samböndum, er hvort gerendur þess séu líklegir til að hafa sjálfir alist upp við ofbeldi af einhverju tagi. Fimmta rannsóknarspurningin fjallaði um þennan þátt og tilgáta rannsakanda var að karlar sem beiti ofbeldi í nánum samböndum séu líklegir til að hafa sjálfir verið beittir ofbeldi í æsku og/eða að hafa orðið vitni að ofbeldi milli foreldra þegar þeir voru börn.

Í rannsókninni kemur fram að 35 gerendur (58,3%) hafa orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu sinni fyrir 18 ára aldur og að þar af hafa 14 (40%) orðið vitni að slíku ofbeldi oft (þeirra eigið mat). Auk þess hafi tólf (34%) þeirra orðið vitni að alvarlegu ofbeldi (að eigin mati). Flestir hafa orðið vitni að ofbeldi af hálfu föður eða föðurímýndar og ofbeldinu hefur í flestum tilfellum verið beitt gegn móður gerenda annars vegar og systkinum hans hins vegar. Algengast er að gerendur hafi orðið vitni að andlegu ofbeldi en líkamlegt ofbeldi er þó einnig mjög algengt (24 eða 68,6%).

Þá hafa 28 gerendur (46,7%) sjálfir verið beittir ofbeldi í upprunafjölskyldu sinni fyrir 18 ára aldur og þar af eru átta (28,6%) sem hafa upplifað það oft (eigið mat) og jafn margir

telja ofbeldið hafa verið alvarlegt. Einnig kemur fram að 25 þeirra (89,3%) voru beittir ofbeldinu af hálfu föður eða föðurímyndar og bendir það til þess að um sömu ofbeldismenn sé að ræða og höfðu beitt móður og systkini gerenda ofbeldi. Algengast er líkamlegt ofbeldi en 22 gerendur (78,6%) tilgreina að hafa verið beittir slíku ofbeldi.

Mun færri, eða 16 gerendur (26,7%), hafa verið beittir ofbeldi utan fjölskyldu sinnar fyrir 18 ára aldur en flestir sem segja frá slíku ofbeldi tengja það við ofbeldi af hálfu skólafélaga og einelti. Líkamlegt ofbeldi er hér algengast en einnig hafa fimm gerendur (31,3%) verið beittir kynferðislegu ofbeldi utan fjölskyldu sinnar fyrir 18 ára aldur.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður, til dæmis rannsókn Ceasar og rannsókn Dumas, Margolin og John um að reynsla af ofbeldi í æsku auki líkur á að ofbeldi sé beitt í parsamböndum á fullorðinsárum (sjá í Holtzworth-Munroe, 1997). Þær gefa því vísbendingar um að það að verða vitni að og/eða beittur ofbeldi í æsku, auki líkur á því að viðkomandi beiti ofbeldi í parsamböndum á fullorðinsárum. Þá er hér ítrekað að tengsl eru milli þess að gerendur hafi orðið vitni að ofbeldi í upprunafjölskyldu sinni og þess að hafa sjálfur verið beittur ofbeldi í fjölskyldu og er það einnig í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna (Miller-Perrin og Perrin, 1999; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Þá geta þessar niðurstöður rennt stoðum undir tengslamyndunar- og félagsmótunarkenningar, sem báðar leggja áherslu á að upplifanir í æsku hafi áhrif á fólk allt fram á fullorðinsár. Þá gera félagsmótunarkenningar einnig ráð fyrir að börn læri það sem fyrir þeim er haft og þessar niðurstöður styðja það.

Einnig styðja þessar niðurstöður tilgátu rannsakanda um að karlar sem beiti ofbeldi í parsamböndum séu líklegir til þess að hafa orðið vitni að ofbeldi milli foreldra og/eða að hafa verið beittir ofbeldi í æsku. Þá hafa erlendar rannsóknir gefið vísbendingar um að hlutfall þeirra sem upplifa eða verða vitni að ofbeldi í æsku, sé mun hærra meðal þeirra sem beita ofbeldi í nánnum samböndum heldur en þeirra sem beita ekki slíku ofbeldi eins og fram kom í rannsókn Ceasar (sjá í Holtzworth-Munroe, 1997). Hlutfall þeirra sem höfðu verið beitti ofbeldi í æsku, í þessari rannsókn, var 46,7%, eða 28 einstaklingar, og hlutfall þeirra sem höfðu orðið vitni að ofbeldi í æsku var 58,3%, eða 35 einstaklingar. Það er svipað og fram kom, meðal þeirra sem höfðu beitt ofbeldi í parsamböndum, í rannsókn Ceasar.

5.2.6 Áfengisvandi gerenda.

Síðasta rannsóknarspurningin fjallaði um hvort karlar sem beittu ofbeldi í nánnum samböndum væru líklegir til að eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða og tilgáta rannsakanda var að svo væri.

Í þessari rannsókn lágu ekki fyrir miklar upplýsingar um áfengisvanda gerenda. Annars vegar kemur fram að 17 gerendur (28,3%) meta það sjálfir þannig að þeir hafi notað áfengi eða aðra vímuefna undanfarið ár á þann hátt að það hafi skaðað heilsufar þeirra eða samskipti við annað fólk. Hins vegar kemur fram, í lýsingum gerenda á ofbeldi sínu, að 11 þeirra (18,3%) hafa drukkið eða notað aðra vímuefna þegar þolandi var hræddur við það. Mikilvægt er að taka tillit til þess að upplýsingarnar byggja á skilgreiningum *Karlar til ábyrgðar* og upplifunum gerenda en ekki á skilgreiningum, til dæmis á áfengissýki. Hins vegar hafa fyrri rannsóknir, til dæmis rannsókn Rosenbaum og O'Leary (sjá í Holtzworth-Munroe, 1997), gefið vísbendingar um að áfengi og ofbeldi í parsamböndum tengist, þó erfitt sé að meta hvort áfengisneysla auki líkur á ofbeldi eða öfugt. Í þessari rannsókn kemur ekki fram hvort áfengi auki líkurnar á ofbeldinu eða hvort neysla áfengis geti verið afleiðing ofbeldisins í einhverjum tilfellum. Hugsanlega er til staðar þriðja breytan sem eykur líkur bæði á því að beita ofbeldi og á ofneyslu áfengis. Þó eru nokkrir gerendur sem telja að ef þeir fari að neyta áfengis eða fíkniefna, aukist líkurnar á að þeir beiti ofbeldi á ný. Einnig nefna nokkrir gerendur áfengismeðferð sem leið til að koma í veg fyrir endurtekið ofbeldi. Þetta tvennt getur gefið til kynna að ofbeldi sé frekar beitt undir áhrifum vímuefna meðal sumra ofbeldismanna en þá er eftir spurningin um hvort gerendur telji sig frekar komast upp með að beita ofbeldi undir áhrifum vímuefna heldur en þegar þeir eru ekki undir slíkum áhrifum, eins og sumar rannsóknir hafa gefið vísbendingar um (Jewkes, 2002). Þegar niðurstöður um þennan þátt eru bornar saman við fyrri rannsóknir, telur rannsakandi að tilgátan sé studd að einhverju leyti, sem sagt að karlar sem beita ofbeldi í parsamböndum séu líklegir til að eiga við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða en nauðsynlegt er að gera frekari íslenskar rannsóknir um þennan þátt.

5.3 Veikleikar og styrkleikar rannsóknarinnar

Það olli rannsakanda miklum vonbrigðum að útiloka þyrfti 48 skýrslur, þar sem þær voru með þó nokkuð öðru sniði en nýrri skýrsluform *Karlar til ábyrgðar*, en það minnkaði

úrtakið töluvert. Það hefði verið æskilegra að hafa stærra úrtak til þess að fá skýrari niðurstöður. Þá er einnig slæmt að skýrslurnar skyldu ekki allar vera fylltar út með sama hætti, það er að segja að sálfræðingarnir skyldu ekki sjálfir fylla út allar skýrslurnar. Ósamræmi í því hvort meðferðaraðili eða sá sem leitar aðstoðar fyllir út skýrslurnar getur haft áhrif á samræmi í því hvernig þær eru fylltar út, meðal annars hversu ítarlegar upplýsingar koma fram í skýrslunum. Þá er rannsóknin takmörkuð við fáa einstaklinga (N=60) sem hafa leitað sér aðstoðar hjá *Karlar til ábyrgðar* á afmörkuðu tímabili og því ekki hægt að draga ályktanir um alla karla sem beita ofbeldi í parsamböndum út frá niðurstöðum hennar. Þar að auki voru frumgögnin ekki hönnuð sem rannsóknargögn og upplýsingar takmarkast af því sem skráð var í frumgögnin. Allir framangreindir þættir eru veikleikar rannsóknarinnar og er vert að hafa þá í huga þegar niðurstöður eru túlkaðar og ályktanir dregnar út frá þeim.

Þrátt fyrir að gögnin hafi upphaflega verið skráð í öðrum tilgangi, er það styrkur að helstu skráningaraðilar (tveir sálfræðingar *Karlar til ábyrgðar*) unnu skráningarskema *Karlar til ábyrgðar* í sameiningu og því má ætla að skráning hafi verið eins vel samræmd og kostur var á, auk þess sem reynsla þeirra eykur líkur á greinagóðri og nákvæmri skráningu. Það er einnig kostur, að teknu tilliti til rannsóknarspurninga, að allar upplýsingar í frumgögnum voru skráðar í upphafi meðferðar og því var samræmi í því á hvaða stigi meðferðar upplýsingarnar voru skráðar í skýrslurnar. Hins vegar hafa gerendur tilhneigingu til þess að gera lítið úr ofbeldi sem þeir beita, samkvæmt fyrri rannsóknum (Dobash og Dobash, 1979, 2004), og því gætu skýrslurnar endurspeglað minna og vægara ofbeldi en hefur í raun verið beitt. Þá er það kostur að rannsakandi hefur langa reynslu af því að vinna með þolendum ofbeldis og þekkir því málefnið vel, sem auðveldaði rannsakanda að meta gögnin og túlka þau. Þar að auki er það kostur að upplýsingar rannsóknarinnar byggja á áður ógreindum gögnum og því um nýtt sjónarhorn í íslenskum rannsóknum að ræða. Rannsóknin er því mikilvæg viðbót við fyrri rannsóknir og veitir mikilvægar upplýsingar um ofbeldi karla gegn konum, í parsamböndum, á Íslandi.

5.4 Áframhaldandi rannsóknir á sviðinu og hugleiðingar rannsakanda

Af því sem fram hefur komið, er ljóst að á Íslandi er frekari rannsókna þörf á ofbeldi í parsamböndum. Þá er ekki einungis þörf á rannsóknum á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum, heldur einnig á ofbeldi kvenna gegn körlum í parsamböndum. Það

er eitthvað sem alls ekki hefur verið rannsakað hér á landi, eftir því sem rannsakandi kemst næst. Best væri að rannsaka ofbeldi fólks gegn fólki og skoða ofbeldi í parsamböndum, og ofbeldi í fjölskyldum almennt, í víðara samhengi.

Miðað við þær niðurstöður sem hér hafa verið settar fram, er ofbeldi karla í parsamböndum flókið samspil margra áhættupátta og því ekki raunhæft að mæta þessum vanda öðruvísi en að skoða þá áhættupætti sem geta haft áhrif og aukið líkur á að ofbeldi sé beitt í nánnum samböndum. Áhættupættir, eins og að hafa sjálfur verið beittur ofbeldi og/eða að hafa orðið vitni að því í upprunafjölskyldu sinni sem barn, áfengis- og vímuefnavandi, erfiðleikar gerenda varðandi tengslamyndun og í samskiptum við annað fólk og að beita ofbeldi almennt (á öðrum sviðum lífsins), eru allt þættir sem rannsakandi telur mikilvægt að skoða í þessu samhengi.

Umræðan um ofbeldi í parsamböndum á Íslandi, hefur að miklu leyti fjallað um kynbundið ofbeldi og áhersla verið á feminískar kenningar. Rannsakandi telur mikilvægt að taka umræðuna, og um leið rannsóknirnar, yfir á næsta stig og skoða einnig ofbeldi sem konur beita karla og ofbeldi sem beitt er í parsamböndum af hálfu beggja aðila. Þá er ekki þar með gert lítið úr feminískum kenningum og þeim aðferðum sem notaðar hafa verið fram til þessa, enda líklegt að umræðan væri mun styttra á veg komin ef ekki hefði verið fyrir þrýsting kvennahreyfinga síðustu þrjá til fjóra áratugina. Eins og fram kemur í kenningu Johnson (1995) um þrjár tegundir ofbeldis, er ljóst að ofbeldi karla gegn konum er mjög alvarlegt og afleiðingar þess í mörgum tilfellum skelfilegar og því má aldrei gleyma. Hins vegar er einnig mikilvægt að muna að Johnson (1995) talar einnig um annars konar ofbeldi, sem beitt er af báðum kynjum, og einkennist ekki af þeim stjórnunarháttum sem fram koma í hryðjuverkum í parsamböndum (e. intimate terrorism), og hann kallar aðstæðubundið ofbeldi í parsambandi (e. situational couple violence). Það er jafn mikilvægt að skoða hvort og þá hvernig slíkt ofbeldi birtist, mögulegar skýringar þess og afleiðingar.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að gerendur ofbeldis þjáist af mörgum þeim afleiðingum sem þolendur ofbeldis kljást við, til dæmis skömm, sektarkennd og sjálfsvígshugleiðingar. Því hlýtur að vera mikilvægt að grípa inn í mál af þessu tagi, ekki einungis fyrir þolendur heldur einnig fyrir gerendur og fjölskyldur þeirra í heild. Markmiðið hlýtur að vera að reyna að koma í veg fyrir að ofbeldi sé beitt í

parsamböndum. Þar með er ekki verið að taka ábyrgðina á ofbeldinu af gerendum, heldur verið að benda á að til þess að berjast gegn slíku ofbeldi er mikilvægt að horfa á það í stærra samhengi og að miða meðal annars að því að gera meðferð fyrir gerendur sem áhrifaríkasta og að auka aðgengi að henni. Það getur aðeins verið gert með því að horfa til þeirra þátta sem mögulega geta aukið líkur á slíku ofbeldi og að viðurkenna að á þeim þurfi að taka. Það hlýtur að vera ábyrgð fagaðila og fræðasamfélagsins að skoða fyrirbyggjandi rannsóknir sem benda (jafnvel ítrekað) á þá þætti sem geta aukið líkur á að ofbeldi sé beitt í parsamböndum og draga ályktanir út frá þeim. Mikilvægt er í framhaldinu að auka fræðslu um þetta málefni og bæta þannig við þekkingu um það og þau úrræði sem í boði eru, bæði fyrir þolendur, gerendur og aðstandendur.

Það er því von rannsakanda að frekari rannsóknir á ofbeldi í parsamböndum, muni verða gerðar sem snúi að ofbeldismönnum og -konum. Að frekari skýringa verði leitað á mögulegum áhættuþáttum ofbeldisins. Þá hefur rannsakandi áhuga á að rannsaka ofbeldi í parsamböndum í víðara samhengi en gert var hér og þá með stærra úrtaki og viðameiri upplýsingum um fyrri reynslu þátttakenda og þar sem fleiri áhættuþættir eru metnir. Jafnvel gæti verið spennandi að gera rannsókn þar sem ekki er eingöngu stuðst við upplýsingar frá gerendum, heldur með almennu úrtaki, þar sem þátttakendum verði skipt í tvo hópa (gerendur og ekki gerendur). Athyglisvert væri að skoða hvort fram kemur munur á fyrri reynslu af ofbeldi og öðrum áhættuþáttum. Eftir því sem rannsakandi best veit, hefur slík rannsókn ekki verið gerð hér á landi þó þær séu til erlendis. Slík rannsókn gæti veitt dýrmætar upplýsingar um áhættuþætti ofbeldis sem beitt er í parsamböndum hér á landi og hjálpað okkur að öðlast frekari skilning á þessu neikvæða fyrirbæri.

Að lokum er að von rannsakanda að þessi rannsókn geti veitt gagnlegar upplýsingar um ofbeldi karla gegn konum í parsamböndum, á Íslandi. Að niðurstöður hennar geti verið öðrum góðar ábendingar um áframhaldandi rannsóknir og uppbyggingu úrræða fyrir gerendur ofbeldis, þolendur þeirra og alla aðstandendur.

Ingibjörg Þórðardóttir

Heimildaskrá

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Alternativ til vold. (e.d.-a). *FAQ*. Sótt 1. desember 2013 af <http://atv-stiftelsen.no/faq>

Alternativ til vold. (e.d.-b). *Historie*. Sótt 24. nóvember 2012 af <http://atv-stiftelsen.no/historie>

Alternativ til vold. (2012). *Årsrapport for 2011*. Stiftelsen Alternativ til vold. Sótt 24. nóvember 2012 af <http://atv-stiftelsen.no/upload/2012/03/16/arsrapport-atv-2011.pdf>

Anni G. Haugen. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Avnet, J. (framleiðandi) og Greenwald, R. (leikstjóri). (1984). *The burning bed*. [kvikmynd]. National Broadcasting company (NBC): New York.

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Barner, J. R. og Carney, M. M. (2011). Interventions for intimate partner violence: a historical review. *Journal of family violence*, 26, 235-244.

Bograd, M. (1988). Feminist perspectives on wife abuse: an introduction. Í K. Yllö og M. Bograd (ritsjórar), *Feminist perspectives on wife abuse* (bls. 11-26). London: SAGE publications.

Browne, K. og Herbert, M. (1997). *Preventing family violence*. New York: John Wiley og synir.

Campus Advocacy network. (e.d.). *Power and control wheel*. Sótt 20. nóvember 2013 af http://www.uic.edu/depts/owa/power_control-wheel.html

Carden, A. D. (1994). Wife abuse and the wife abuser: Review and recommendations. *The counseling psychologist*, 22, (4), 539-582.

Dobash, R. E. og Dobash, R. (1979). *Violence against wives: a case against patriarchy*. New York: The free press.

Dobash, R. E. og Dobash, R. (1992). *Women, violence and social change*. London: Routledge.

Dobash, R. P. og Dobash, R. E. (2004). Women's violence against men in intimate relationships: working on a puzzle [Rafræn útgáfa]. *British journal of criminology*, 44, 324 – 349.

- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Reykjavík: Höfundur.
- Drekaslóð. (e.d.) *Fyrir hverja?* sótt 10. apríl 2013 af http://drekaslod.is/index.php?option=com_content&view=article&id=1&Itemid=2
- Dutton, D. G. (1985). An ecologically nested theory of male violence towards intimates. *International journal of women's studies*, 8, (4), 404-413.
- Dutton, D. G. (1995). Male abusiveness in intimate relationships. *Clinical psychology review*, 15, (6), 567-581.
- Dutton, D. G. (2008). My back pages: Reflections on thirty years of domestic violence research. [Rafræn útgáfa]. *Trauma, violence & abuse*, 9, 131-143.
- Dutton, D. G. og Corvo, K. (2006). Transforming a flawed policy: A call to revive psychology and science in domestic violence research and practice. [Rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 11, 457-483.
- Dutton, D. G. og Corvo, K. (2007). The Duluth model: A data-impervious paradigm and a failed strategy. [Rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 12, 658-667.
- Dutton, D. G. og White, K. R. (2012). Attachment insecurity and intimate partner violence. [Rafræn útgáfa]. *Aggression and violent behavior*, 17, 475-481.
- Ehrensaft, M.K. (2008). Intimate partner violence: Persistence of myths and implications for intervention. [Rafræn útgáfa]. *Children and youth services review*, 30, 276–286.
